HRAFNHILDUR KRISTJÁNSDÓTTIR
*Sigraði í hönnunar-samkeppni í Barcelona*
Tíska Heimili Heilsa
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



SUMARBLAÐIÐ
*Ljúfar lautarferðir*
Sérblað um sumarið á Íslandi
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
12. júlí 2007 — 187. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

# Sjúkraflutningar á landsbyggðinni taldir hættulegir

**Formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna gagnrýnir harðlega hvernig staðið er að sjúkraflutningum víða á landsbyggðinni. Hann segir heilsu og lífi sjúklinga ógnað vegna lélegrar þjónustu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Menn hafa lent í ákaflega erfiðum aðstæðum þar sem það viðgengst að einn sjúkraflutningamaður er sendur í útköll og flutninga á alvarlega veiku og slösuðu fólki,“ segir Vernharð Guðnason, formaður Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS). „Við þannig aðstæður er ekki hægt að veita nokkra aðhlynningu og sjúklingar geta verið í lífshættu.“

Í leiðara Slökkviliðsmannsins, blaðs LSS, gagnrýnir Vernharð harðlega hvernig víða er staðið að þjónustu í sjúkraflutningum utan höfuðborgarsvæðisins. Hann tekur sem dæmi að í Borgarnesi og nærsveitum er einn sjúkraflutningamaður til taks í útköll. Bendir hann á að í nágrenni við Borgarnes er eitt stærsta sumarhúsasvæði landsins og gífurleg umferð ferðamanna á leið vestur og norður um land. Rekur hann einnig dæmi þar sem einn sjúkraflutningamaður hefur verið sendur með alvarlega veikan sjúkling frá utanverðu Snæfellsnesi á sjúkrahús í Reykjavík.

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, tekur undir gagnrýni Vernharðs. „Við lítum það mjög alvarlegum augum að einn maður sé að flytja sjúklinga þessa löngu leið. Það þarf lítið að bera út af til að illa fari.“ Kristinn segir hluta vandans liggja í hvernig litlum heilsugæslustöðvum sé úthlutað fé til rekstrar. Þar sé gert ráð fyrir kostnaði við sjúkraflutninga en ekki tekið tillit til allra kostnaðarliða við rekstur. „Því þarf að forgangsraða, sem bitnar á þjónustu eins og sjúkraflutningum.“

Nýleg könnun sem unnin var á vegum Sjúkraflutningaskólans sýnir að menntunarstig sjúkraflutningamanna á landsbyggðinni er mun lægra en á höfuðborgarsvæðinu. Á Austurlandi er nú um tugur manns við sjúkraflutninga án þess að hafa lokið tilskildu grunnnámi.

Spurður um niðurstöður könnunarinnar segir Vernharð menntun sjúkraflutningamanna á landsbyggðinni hafa batnað á síðustu árum en ástæðan fyrir manneklunni sé önnur. „Menn kæra sig ekki um að vinna í því umhverfi sem þeim er boðið. Hver vill lenda í erfiðu útkalli og vita að hann getur ekki veitt veiku eða slösuðu fólki nauðsynlega þjónustu? Hver vill lifa með því að geta ekki bjargað mannslífi sem hefði ekki verið í hættu við eðlilegar aðstæður?“ spyr Vernharð. **- shá**

## FIMMTUDAGUR

### Kjólauppboð á MySpace



Margrét Erla Maack þræðir second hand-búðir í Brooklyn í sumar. Kjólana býður hún upp á MySpace, íslenskum stúlkum til mikillar gleði.
FÓLK 40

### Einhleypir stofna klúbb



Anna Magnea Harðardóttir fer fyrir einhleypu fólki sem gafst upp á að vera þriðja hjólið hjá giftu félögunum.
FÓLK 50

### Þrefaldur skaði

„Ástandið í útvegsmálunum er nú að því leyti líkt og það hefur verið í bankamálunum, að margir vita um misferlið, þótt fáir vilji við það kannast,“ segir Þorvaldur Gylfason.
Í DAG 26

### Blikar höfðu betur



Breiðablik lagði HK að velli í annað sinn á skömmum tíma þegar liðin mættust í VISA-bikarnum í gærkvöldi.
ÍÞRÓTTIR 46

## VEÐRIÐ Í DAG




**BEST Á VESTURLANDI** í dag verða norðaustan 3-8 m/s. Bjart veður vestan til og til landsins, skýjað með köflum á Norðaustur- og Austurlandi en léttir til á sunnanverðu landinu eftir hádegi. Hiti 10-20 stig, hlýjast á Vesturlandi.
VEÐUR 4



**ÞAÐ Á AÐ GEFA ÖNDUM BRAUÐ** Hver ásetningur þessarar fjölskyldu var þegar hún heimsótti Reykjavíkurtjörn í gær verður ósagt látið. Ef endur áttu að njóta veitinganna þá fór það svo að sílamávarnir sátu að veisluborðinu, enn einn ganginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bandarískur flugkappi:

## Flaug á garðstólnum sínum

**BANDARÍKIN, AP Bandaríkjamaðurinn Kent Couch fór í heldur óvenjulega flugferð á dögunum þegar hann flaug í garðstól. Couch, sem býr í bænum Bend í Oregon-ríki, settist í stólinn með svolítið nesti og fallhlíf við höndina. Við garðstólinn hafði hann fest kirfilega 105 helíumblöðrur og hugðist fljúga sem leið lá til nágrannaríkisins Idaho.**

**Hann hafði komið fyrir GPS-staðsetningartæki og búnaði svo hann gæti mælt lofthæð og flughraða á meðan á ferðinni stóð. Einnig var hann með fjóra vatnspoka sem hann gat hleypt vatni úr til að hækka flugið.**

**Ekki tókst honum að komast alla leið til Idaho, eins og að var stefnt. Hann hafði þó flogið ríflega þrjúhundruð kílómetra leið þegar hann lenti níu klukkustundum síðar á akri við bóndabæ. - gb**

Leigubílastöðin tekur í notkun fyrstu metanknúnu leigubílana:

## Ódýrara með metanleigubíl

**SAMGÖNGUR** „Þetta eru ódýrari bílar og lægri rekstrarkostnaður. Því verður ódýrara að taka metanknúinn leigubíl en hefðbundinn bensínknúinn,“ segir Björn Þorvarðarson, framkvæmdastjóri Leigubílastöðvarinnar 5678910, sem hefur tekið í notkun tvo metanknúna leigubíla og hyggst fjölga þeim enn frekar. „Það er náttúrlega undir leyfishöfunum komið hvernig bílum þeir aka en við erum að hvetja bílstjórana til að fá sér vistvæna bíla við endurnýjun. Við erum einnig með Prius-tvinnbíl sem gengur bæði fyrir bensíni og rafmagni,“ segir Björn undir Leigubílastöðina falla Aðalbílar í Reykjanesbæ, BSH í Hafnarfirði og NL í Reykjavík.

„Mörg íslensk stórfyrirtæki hafa lýst yfir áhuga á að nota þjónustu vistvænna leigubíla þannig að sóknarfærin eru mikil,“ segir Björn.

„Vörugjöld hafa verið felld niður af metanbílunum ásamt því að þeir eru undanþegnir þungaskatti,“ segir Ragna Halldórsdóttir, deildarstjóri gæða- og þjónustusviðs Sorpu, en Metan hf. er dótturfyrirtæki Sorpu. „Það magn metans sem er sambærilegt einum lítra af bensíni kostar tæplega 79 krónur þannig að rekstrarkostnaður ætti að vera lægri,“ segir Ragna. **- aví**









## SPURNING DAGSINS



*Ragnheiður, græturðu þessar viðtökur?*

„Mér finnst bara grátlegt að fólk geti ekki notað talgervilinn.“

Ragga, nýr talgervill Blindrafélagsins, hefur verið gagnrýndur fyrir að hljóma eins og grátklökk kona. Vandamálið er ekki röddin sjálf, heldur vantar fínstillingu milli orða. Ragnheiður Clausen, fyrrverandi þula, lagði til rödd Röggu.

Yfir þrjátíu starfsmenn rækjuvinnslu Ramma á Siglufirði missa vinnuna í haust:

# Mjög slæmt fyrir bæjarfélagið

**SJÁVARÚTVEGUR** Öllu starfsfólki rækjuvinnslunnar Ramma á Siglufirði verður sagt upp og vinnslu hætt í október. Þetta tilkynnti fyrirtækið í gær. Þrjátíu og einn starfsmaður starfar hjá fyrirtækinu núna, flestir í fullu starfi.

„Þetta er mjög slæmt fyrir bæjarfélagið og ekki síður fyrir fólkið sem missir vinnuna,“ segir Þórir Kr. Þórisson, bæjarstjóri í Fjallabyggð. „Við munum gera allt til að tryggja fólkinu störf í byggðarlaginu og munum við fyrsta tækifæri setjast niður með mönnum frá Ramma og verkalýðsforystunni og fara yfir málin,“ segir hann. Þórir segist einnig munu óska eftir fundi með fulltrúum ríkisstjórnarinnar og ræða við þá um flutning starfa af höfuðborgarsvæðinu til Fjallabyggðar.

Í tilkynningu Ramma kemur fram að fyrirtækið hafi, á síðastliðnum tveimur og hálfu ári, tapað ríflega 300 milljónum fyrir fjármagnskostnað og afskriftir. Hátt gengi íslensku krónunnar, hrun rækjuveiða og aukin samkeppni á helstu mörkuðum eru sagðar aðalástæður þessa mikla tapreksturs. Einnig segir að lausatök við stjórn efnahagsmála samhliða stóriðjuuppbyggingu og hávaxtastefnu séu útflutningsatvinnuvegum fjandsamleg. **- aví**



**RÆKJUVINNSLA** Öllu starfsfólki Ramma hf. á Siglufirði verður sagt upp og verksmiðjunni lokað í október.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Árekstur í Grafarvogi:

## Grunaður um fíkniefnaakstur

**LÖGREGLUMÁL** **Áreksturinn sem varð á Strandvegi í Grafarvogi í fyrrakvöld, þegar BMW-bifreið lenti aftan á Audi-jeppa, er enn í rannsókn. Áreksturinn var mjög harður en varðstjóri lögreglunnar í Reykjavík telur ólíklegt að um ásetning hafi verið að ræða.**

**Meiðsli á fólki voru minniháttar en ökumaður BMW-bifreiðarinnar er grunaður um að hafa ekið undir áhrifum fíkniefna.**

**Að sögn lögreglu á maðurinn langan sakaferil að baki. Hann hefur meðal annars verið dæmdur fyrir fíkniefnamisferli, nytjastuld, þjófnað og líkamsárás.** **- lbb**

Hjúkrunarfræðingarnir í Líbíu:

## Dauðadómar staðfestir

**LÍBÍA, AP** Hæstiréttur í Líbíu staðfesti í gær dauðadóma frá undirrétti yfir fimm búlgörskum hjúkrunarfræðingum og palestínskum lækni, sem sögð voru sek um að hafa smitað meira en 400 börn af alnæmisveirunni.

Hæstiréttur hefur þó ekki endilega síðasta orðið í málinu, því dómsmálaráð Líbíu hefur vald til þess að ógilda eða staðfesta dóma, eða ákveða vægari refsingu. Dómsmálaráðherra landsins er í forsæti dómsmálaráðsins.

Utanríkisráðherra Líbíu segir að dómsmálaráðið muni koma saman á mánudag. **- gb**

Milt veður áfram um helgina:

## Kólnar norðaustanlands

**VEÐUR** **„Það verður áfram svipað veður með norðaustlægri átt. Þó verður frekar þungbúið yfir Norður- og Austurlandi en bjartara yfir Suðurlandi um helgina,“ segir Þorsteinn V. Jónsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands. Hann bætir við að í slíkri átt sé svalara á Norður- og Austurlandi og mun hitinn einungis fara í tíu stig yfir daginn um helgina á þeim slóðum.**

**Þorsteinn spáir meiri hættu á skúrum á Suðvesturlandi en hefur verið síðustu daga. „Minnstu líkurnar á úrkomu um helgina eru á Vesturlandi.“ Hann segir að von sé á svipuðu veðri og hefur verið síðustu vikur en þó verður eitthvað þungbúnara.** **- lbb**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bifhjól rákust saman**

Tvö bifhjól rákust saman á Engjavegi klukkan ellefu á miðvikudagskvöld. Sjúkrabíll var sendur á vettvang en meiðsl ökumanna reyndust minni háttar.

# Áður verið kveikt í bakhúsi við Laugaveg

**Íbúar við Grettisgötu hafa lengi kvartað yfir ástandi bakhússins við Laugaveg 74 sem brann á þriðjudagskvöld. Talið er að um íkveikju sé að ræða. Kveikt var í á sama stað fyrir nokkrum árum. Húsunum er öllum lýst sem dauðagildrum.**

**SKIPULAGSMÁL** Íbúar við Grettisgötu hafa um árabil kvartað yfir frágangi bakhússins við Laugaveg 74 sem brann á þriðjudagskvöld. Kveikt var í gömlu þvottahúsi á sömu lóð fyrir nokkrum árum. Útigangsfólk hefur haldið til í húsunum um árabil. Borgaryfirvöld hafa margítrekað óskað eftir því að eigendur húsanna geri nauðsynlegar lagfæringar á húsunum eða þau verði ella rifin. Erfitt er fyrir yfirvöld að fylgja því eftir að eigendur gangi frá eignum sínum á þann hátt að ekki stafi hætta af.

„Gólfið í húsinu var löngu hrunið og einnig þakið að hluta. Ef gengið var inn í húsið af tröppunum var tveggja til þriggja metra fall beint niður í grunninn. Það má segja að húsin á lóðinni hafi verið dauðagildrur,“ segir Kristbjörn Theódórsson, íbúi á Grettisgötu, en húsið sem brann stóð fast við heimili hans. Kristbjörn segir að útigangsfólk hafi lengi dvalið í húsinu sem brann svo og húsinu að Laugavegi 74, sem var flutt burt fyrir skömmu. „Fólkið var búið að setja upp gardínur í því húsi sem var búið að rífa innan úr. Maður spyr sig af hverju yfirvöld hafa ekkert gert.“ Kristbjörn segir að áhyggjur nágranna hafi aðallega verið augljós eldhætta og sú staðreynd að áður hafi verið kveikt í á þessum stað. Fleiri íbúar við Grettisgötu taka undir orð Kristbjörns og sérstaklega hafi verið óhugnanlegt að sjá börn að leik við húsin.

Bjarni Þór Jónsson, skrifstofustjóri Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar, segir að allt frá árinu 2002 hafi eigendur húsanna verið beðnir um skýringar á ástandi bygginganna og tímasettar tillögur vegna endurbóta á þeim eða óska um niðurrif. Þáverandi eigendur fengu frest til að gera endurbætur á húsunum vegna leyfis sem þá hafði fengist til að reisa ný mannvirki á reitnum. Þeir seldu fyrirtækinu Laugavegur 74 ehf. húsin árið 2005.



**FRÁ SLÖKKVISTARFI** Nágrannar hafa kvartað ítrekað yfir ástandi bakhúsanna að Laugavegi 74. Ekki hafði verið búið í húsinu í áratugi. Áður hefur verið kveikt í á sama stað.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> Gólfið í húsinu var löngu hrunið og einnig þakið að hluta. Ef gengið var inn í húsið af tröppunum var tveggja til þriggja metra fall beint niður í grunninn. Það má segja að húsin á lóðinni hafi verið dauðagildrur.
>
> **KRISTBJÖRN THEÓDÓRSSON**
> NÁGRANNI VIÐ BAKHÚS LAUGAVEGAR 74 SEM BRANN Á ÞRIÐJUDAGSKVÖLD.

Guðbjörn Ásbjörnsson, byggingarfræðingur hjá Skipulags- og byggingarsviði, staðfestir að íbúar hafi ítrekað kvartað yfir ástandi húsanna. „Það var búið að vara eigendur húsanna við hættu á íkveikju.“ Annar eigenda Laugavegs 74 ehf. segir að borgaryfirvöld hafi aldrei haft samband við fyrirtækið vegna ástands húsanna eða varað við hættu á íkveikju. Hann segist engar upplýsingar hafa um að útigangsfólk hafi haldið til í húsunum.

**svavar@frettabladid.is**



**FERÐAMENN** Annasömustu vikur í íslenskri ferðaþjónustu eru fram undan.

Toppur í komu ferðamanna:

## Búist við sex milljarða króna viðskiptum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Allt að sex milljarða viðskipti ferðamanna munu eiga sér stað á næstu tveimur vikum samkvæmt Ferðamálastofu. Næstu tvær vikur verða þær annasömustu í íslenskri ferðaþjónustu frá upphafi. Fer þar í hönd toppur í komu erlendra gesta og mesti sumarleyfistími Íslendinga.

„Mér sýnist að við séum að fá um fjórutíu þúsund erlenda gesti hingað á næstu tveimur vikum þessa háannatíma, auk mikils fjölda Íslendinga á ferð um landið,“ segir Magnús Oddsson ferðamálastjóri. Gert er ráð fyrir að fjórir af þessum sex milljörðum verði hreinar gjaldeyristekjur. **- aví**

### SUÐURNES

**Skemmdarverk í skógrækt**

Um 200 birkiplöntur voru rifnar upp með rótum á svæði Skógræktarfélags Suðurnesja í vikunni. Nýbúið var að gróðursetja plönturnar þegar skemmdarverkin voru unnin. Ekki er unnt að nýta plönturnar aftur.

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ölvaðir tjaldþjófar**

Óprúttnir aðilar voru stöðvaðir við akstur í Vogahverfi aðfaranótt miðvikudags. Þeir höfðu áður reynt að stela tjaldi af lóð fyrirtækis en voru að sögn lögreglu hvorki í standi til að aka bíl né fara í útilegu.


BÍLL DAGSINS
NISSAN ALMERA VISIA 1.5
Nýskr. 06.04 - Beinskiptur - Ekinn 21 þús. km.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.


Veiddi stærstu lúðu sem hefur náðst á handfæri:

# Fjóra þurfti til að landa risalúðunni

**SJÁVARÚTVEGUR** Bragi Steingrímsson, sjómaður á Þrasa VE, veiddi risalúðu í fyrradag. Mældist hún 198 kg og tveir og hálfur metri á lengd. Þetta er stærsta lúða sem vitað er til að hafi veiðst á handfæri við Íslandsstrendur. Bragi hafði verið nokkra tíma á sjó þegar hann sá lúðuna koma upp.

„Ég hringdi í nokkra báta sem voru nálægt mér til að biðja um aðstoð ef þess þyrfti,“ sagði Bragi. Hann gerði sér þó ekki grein fyrir því þá hvað hún væri stór. Lúðan var þrjú korter að koma upp og svo tók tíu mínútur að ná henni inn. Þrír menn af tveim bátum komu Braga til hjálpar við að hífa lúðuna um borð. Gunnar Berg Viktorsson, atvinnumaður í handbolta, var einn af þeim.

„Við komum þarna að og fórum um borð hjá Braga og létum bátinn okkar reka í burtu,“ sagði Gunnar. „Ég fór upp á stýrishúsið á meðan þrír voru á dekkinu að reyna að toga lúðuna um borð. Ég var með haka og náði að komast með hann undir lúðuna við sporðinn og náði að húkka hana um borð.

Við vorum allir búnir á því eftir að við náðum að hífa hana inn. Bragi lá á dekkinu við hliðina á lúðunni í korter áður en hann gat staðið á fætur.“ **- pal**



**BRAGI OG RISALÚÐAN** Bragi hefur áður veitt risalúðu. Sú var 115 kíló og því nær helmingi minni en þessi.




# Njótið lífsins
berið sjaldnar á
**4 ára ending**

5 ltr **4.799**

0,75 ltr **999**

KYNNINGAR **VERÐ**

**GORI 44+**
Gegnsæ viðarvörn sem verndar viðinn gegn UV geislum sólar og veitir 4 ára endingu. Dregur fram æðar viðarins og fegrar. Er afar veðurþolin og inniheldur sveppavarnandi efni. Þægileg í vinnslu, fljótþornandi og öll áhöld hreinsast með vatni.
Hentar vel á allar viðarklæðningar, skjólveggi og gagnfúavarið tré (ekki ætlað á göngufleti).
7042500-10/20-30

# Út að **mála**




## Ný pallaolía
á markaðinum

**Trebitt Terrassebeis**
Ný pallaollía á markaðinum sem hefur þann eiginleika að aðeins þarf að bera á þriðja hvert ár. Fljótþornandi og aðeins þarf að hreinsa áhöldin með vatni.
7049307-8

3 ltr **3.695** ~~4.590~~

1 ltr **1.495** ~~1.990~~

## 10 ltr




**Penta**
Akrýlbundin plastmálning á stein utanhúss
7207040-6

**4.990** ~~7.990~~




**Pallaolía, 3 ltr.**
Á gagnvarið efni. Fáanleg gullbrún og græn, einnig í sömu litum og Trebitt hálfþekjandi.
7049123, 33, 37

**1.490** ~~2.190~~



**495** ~~595~~

**Pensill Goldi**
100 mm
7009480

## 10 ltr




**Akrýlmálning**
100% akrýlmálning. Mun slitsterkari en hefðbundin útimálning, heldur vel lit, er með 7% gljáa
7049510-12

**8.995** ~~11.995~~

Sama **lága** verðið um land allt

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ 11.07.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,56 | 60,84 |
| Sterlingspund | 122,86 | 123,46 |
| Evra | 83,19 | 83,65 |
| Dönsk króna | 11,180 | 11,246 |
| Norsk króna | 10,429 | 10,491 |
| Sænsk króna | 9,072 | 9,126 |
| Japanskt jen | 0,4967 | 0,4997 |
| SDR | 92,57 | 93,13 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
112,6405

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nemendur við Háskólann á Bifröst eru margir ósáttir við hækkun leiguverðs:

# Bitnar mest á þeim sem síst skyldi

**FÉLAGSMÁL** Hluti nemenda við Háskólann á Bifröst er óánægður eftir að tilkynnt var um breytingar á leiguverði í háskólaþorpinu á og við Bifröst í gær. Tæpur fjórðungur íbúða hækkar í verði, mest um fjórtán þúsund krónur á mánuði.

„Okkur hefur borist mikið af kvörtunum frá þeim sem hafa orðið fyrir þessu. Hækkunin bitnar harðast á fjölskyldufólki og þeim sem síst skyldi," segir Elín Björg Ragnarsdóttir, sem er í íbúðaráði háskólaþorpsins. Hún segir mikið af einstæðum foreldrum vera á Bifröst og hækkanir séu mestar í íbúðum þeirra og annars fjölskyldufólks. Á meðan lækki leiguverð hjá einstaklingum. „Einstæða foreldra munar um fjórtán þúsund krónur á mánuði," segir Elín.



**HÁSKÓLINN Á BIFRÖST** Hluti nemenda þarf að greiða hærri húsaleigu frá og með næsta hausti.

### SAMANBURÐUR Á LEIGUVERÐI

| 3. herbergja íbúð | 3. herbergja íbúð |
|---|---|
| Á Ásgörðum í Reykjavík | Á Koti á Bifröst |
| 72.388 krónur á mánuði | 98.031 krónur á mánuði |
| 84 fermetrar | 80-86 fermetrar |

*Námslán fyrir einstætt foreldri með eitt barn: 126.700*

Ágúst Einarsson, rektor Háskólans á Bifröst, segir almennt verið að lækka leiguverð. „Verðið lækkar hjá 75 prósentum nemenda okkar. Þetta er fyrst og fremst samræming á milli mismunandi gerða húsnæðis sem lengi hefur verið talað um." Ágúst segir jafnframt að þessar aðgerðir hafi í för með sér tekjutap fyrir skólann. - þeb

Tilræðin í London árið 2005:

## Fjórir lífstíðardómar felldir

**LONDON, AP Fjórir menn á þrítugsaldri hafa verið dæmdir í lífstíðarfangelsi fyrir að ætla að fremja hryðjuverk í Lundúnum hinn 21. júlí árið 2005, tveimur vikum eftir að 52 manns dóu í sjálfsmorðsárásum í borginni.**

**Mennirnir komu bakpokum fullum af sprengiefni fyrir í þremur neðanjarðarlestum og í strætisvagni. Sprengjurnar sprungu ekki og enginn slasaðist.**

**Dómarinn sagði að ef sprengjurnar hefðu sprungið hefðu allt að 50 manns getað dáið og hundruð særst. Hann sagði að al-Kaída hefði staðið á bak við sprengjutilræðin. Mennirnir kváðust saklausir.** - ifv

# Borgarstjóri biður íbúana afsökunar

**Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri segir að betra samráð hefði mátt hafa við íbúa á Njálsgötu vegna fyrirhugaðs heimilis fyrir heimilislausa menn í götunni. Hann segir að hljóðeinangrað verði á milli húsa. Öldruð kona í götunni segir fólk óttaslegið.**

**FÉLAGSMÁL** „Fólk er hrætt við þessar framkvæmdir. Þarna er mikið af ungu fólki með börn og gömlu fólki. Borgarstjóri veitti okkur engar frekari upplýsingar en þær sem við vissum þegar," segir Edda Ólafsdóttir, 75 ára gamall íbúi að Njálsgötu.

Edda sat í gær fund ásamt öðrum fulltrúa íbúa götunnar, Kristni Jóhannessyni, með Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni borgarstjóra og kynnti skoðanir íbúa í nágrenni fyrirhugaðs heimilis fyrir heimilislausa menn að Njálsgötu 74. Það hús er samliggjandi húsi Eddu og segir hún ekki hafa verið tekið tillit til þess að engin hljóðeinangrun er þar á milli. Vilhjálmur borgarstjóri segist ekki hafa vitað að svo væri. „Það verður hljóðeinangrað þarna á milli hið fyrsta," segir hann.

Vilhjálmur minnti einnig á að um tilraunaverkefni til eins árs væri að ræða og ef vandamál kæmu upp í götunni yrði því hætt að ári liðnu. Hann sagðist þó ekki eiga von á slíkum uppákomum.

Meðal þeirra spurninga sem íbúar lögðu fyrir Vilhjálm var hvort ekki væri verið að stuðla að félagslegri einsleitni með því að setja heimilið á þennan reit borgarinnar, þar sem fjörutíu prósent af öllu húsnæði væru á vegum félagsmálayfirvalda. Því svaraði Vilhjálmur þannig til að fólk sem væri í félagslegum íbúðum væri ekki verra fólk en annað.

Vilhjálmur sagði engin lagaákvæði til sem skylduðu borgaryfirvöld til að standa fyrir grenndarkynningu vegna breytinganna. „Ég skal þó viðurkenna að betra samráð hefði mátt hafa við íbúa götunnar vegna þessa og bið íbúa afsökunar á að það hafi ekki verið gert," segir Vilhjálmur.



**BAÐST AFSÖKUNAR** Vilhjálmur borgarstjóri biður íbúa Njálsgötu afsökunar á því hve lítið samráð var haft við þá vegna fyrirhugaðs heimilis í götunni. Edda Ólafsdóttir, 75 ára kona sem búsett er í næsta húsi við fyrirhugað heimili, segir fólk hafa sýnt mikið skilingsleysi í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**NJÁLSGATA** Mjög þétt byggð er í götunni og hljóðeinangrun engin í veggjum milli heimilisins og annarra íbúða.

Stella Víðisdóttir, sviðstjóri Velferðarsviðs Reykjavíkur, segir óánægju fólks að nokkru leyti hafa skapast vegna þess að það blandi saman félagslegum leiguíbúðum og sértækum úrræðum, eins og heimilið á Njálsgötu er. „Inn á heimilið verða valdir menn sem vilja breyta lífi sínu til hins betra. Staðsetningin hentar mjög vel vegna nálægðar við geðdeild Landspítalans og þjónustu í miðborginni," segir Stella.

„Við erum búin að fá mikið af skammaryrðum í blöðunum, það er búið að segja að við séum eigingjörn, skorti mannkærleika og fleiri ásökunum hefur verið dembt yfir okkur. Þær fullyrðingar finnast mér þó lýsa skilningsleysi á aðstæðum okkar og ábendingum," segir Edda.

karen@frettabladid.is



**UPPSKERA 2007** Kartöflur úr Hvannatúni.

Snemmbær uppskera:

## Nýjar kartöflur í Hvannatúni

**LANDBÚNAÐUR** Heimilisfólkið í Hvannatúni í Borgarfirði er þegar byrjað að taka upp kartöflur þótt enn sé langt til hausts. Fram kemur á vefsetri Borgarbyggðar að fyrsta útsæðið í Hvannatúni hafi farið í mold 30. apríl.

„Þrátt fyrir útsæðið hafi verið undir plasti þá var maímánuður erfiður, þar sem grösin frusu reglulega á næturnar. Það virðist ekki hafa komið að sök og nú gleðja dýrindis kartöflur heimilisfólkið á hverjum degi og hafa gert um nokkurt skeið," segir á borgarbyggd.is - gar

Kaupþing Open í skák:

## Sex íslenskir keppendur

**SKÁK** Opna Kaupþingsmótið í skák fer fram í Lúxemborg þessa dagana. Mótið hófst síðasta laugardag og því lýkur næsta laugardag.

Sex Íslendingar eru meðal þátttakenda. Hannes Hlífar Stefánsson og Snorri Bergsson eru efstir þeirra með þrjá og hálfan vinning eftir fimm umferðir og eru í 11. til 21. sæti. Í efsta sæti með fjóra og hálfan vinning er næststigahæsta skákkona heims, Humpy Koneru frá Indlandi. - pal

Útrás 66° Norður:

## Dótturfélag vestanhafs

**VIÐSKIPTI Fataframleiðandinn 66° Norður hefur stofnað dótturfélagið 66° North USA til að sinna málum fyrir markaðinn í Norður-Ameríku. Síðastliðin fimm ár hefur þarlendur dreifingaraðili séð um sölu- og dreifingarmál fyrir Bandaríkin og Kanada.**

**„Með þessu móti höfum við fullt vald á vörumerkinu, verðlagningu og stöðu á markaðnum," segir Halldór G. Eyjólfsson, forstjóri 66° Norður. „Þetta er næsta skref í að ná enn meiri útbreiðslu og árangri á þessum gríðarlega stóra og samkeppnisharða markaði."**

**Útrás fyrirtækisins hefur verið hröð og flytur það nú út vörur til fimmtán landa.** - ifv

RÚSSLAND

### Loðfílsungi fundinn

Rússneskir vísindamenn fundu á dögunum sérlega vel varðveittar leifar loðfílsunga. Hann er talinn hafa legið í ísnum í ein tíu þúsund ár, og verður sendur Japönum til frekari rannsókna. Ef í honum finnast óskemmd erfðaefni er vonast til þess að hægt verði að klóna loðfílinn.




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**NORÐLÆGAR ÁTTIR - HELGIN**
Veðurhorfurnar næstu daga eru nú einna bestar sunnan til og vestan. Þó vindur sé yfirleitt hægur er hann þó í grunninn norðanstæður. Þetta þýðir að hlýrra verður sunnan heiða og á morgun og og um helgina eru horfur á lítilsháttar vætu norðan og austan til. Sýnu bjartast þessa komandi helgi ætti að verða vestan til á Suðurlandi og á Vesturlandi í allt að 20 stiga hita og hægum vindi.

**REYKJAVÍK Í DAG**
Hæg breytileg átt. Skýjað í fyrstu en léttir svo til. Hiti 12-16 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



8-13 m/s norðvestan til annars 3-8 m/s

*» laugardagur*



8-13 m/s austast á landinu annars hægari

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 17°C skúrir | London | 21°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 19°C skúrir |
| Billund | 16°C alskýjað | París | 20°C skúrir | Basel | 21°C hálfskýjað |
| Osló | 16°C skúrir | Eindhoven | 21°C skúrir | Alicante | 28°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 18°C skúrir | Frankfurt | 21°C skúrir | Algarve | 27°C léttskýjað |
| Gautaborg | 17°C skúrir | Berlín | 18°C skúrir | Las Palmas | 25°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 33670 7/2007

Framsækin tímamótatækni í Lexus RX400h veitir þér tvöfalda ánægju. Þú sparar eldsneyti án þess að slaka á kröfunni um framúrskarandi afköst og þú dregur úr mengun. Lexus RX400h er fyrsti kraftmikli sportjeppi í heimi sem nýtir tvinntækni (Lexus Hybrid Drive). Tvinntæknin í RX400h, byltingarkennd samsetning V6 bensínvélar og tveggja rafmótora, gefur óvenju mjúka, snögga hröðun, en er samt ótrúlega hljóðlát og sparneytin á við smábíl. Sjáðu, snertu og prófaðu Lexus RX400h. Hann er smíðaður í þeim tilgangi að uppfylla óskir þeirra sem gera strangar kröfur til sjálfra sín um raunhæfa umhverfis-vernd og vilja nýta orkulindir jarðar á nýjan og hagkvæmari hátt. Þess vegna verður niðurstaðan gagnkvæm virðing milli þín og Lexus RX400h.

Nýbýlavegi 6 Kópavogur Sími 570 5400 www.lexus.is

Verð 6.350.000 kr.

LEXUS
The pursuit of perfection

**KJÖRKASSINN**



*Telur þú að vændi sé stundað á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| Já | 95,8% |
| Nei | 4,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eru karlmenn betri starfsmenn en konur?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Maður sem skaut úr haglabyssu að konu sinni segir það hafa verið óvart:

# Ber við voðaskoti í Hnífsdal

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri, sem ákærður er fyrir tilraun til manndráps fyrir að hafa skotið úr haglabyssu í átt að konu sinni í Hnífsdal í júní, segir skotið hafa hlaupið óvart úr byssunni. Aðalmeðferð fór fram í málinu fyrir Héraðsdómi Vestfjarða í gær.

Maðurinn er einnig ákærður fyrir að stofna lífi konunnar í augljósan háska með því að beina að henni hlaupi byssunnar fyrr um kvöldið. Hann neitar því að það atvik hafi nokkurn tíma átt sér stað.

Konan hlaut rispur í andliti af völdum hagla úr byssunni auk þess sem peysa hennar gataðist við öxl. Hún komst undan manninum út úr húsinu og til nágranna þar sem hringt var á lögreglu. Sérsveitarmenn handsömuðu manninn eftir nokkurra klukkustunda umsátur. Fyrir liggur að hann var undir áhrifum áfengis þegar hann réðst á konuna. Maðurinn hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan.



**Í HNÍFSDAL** Réttarhöldum í máli skotmannsins lauk á Ísafirði í gær. Eiginkona mannsins bar vitni fyrir dómi en hún hefur dvalið erlendis að undanförnu.

Konan fór úr landi eftir árásina, en mætti fyrir dóm í gær. Hún krefst þriggja milljóna króna í miskabætur og sextán ára sonur þeirra krefst hálfrar milljónar vegna áfallsins sem hann varð fyrir þegar hann kom heim um kvöldið. Hann mætti þó ekki fyrir dóm.

Aðalmeðferð er lokið og var málið dómtekið í gær. **- sh**

Slepptu móður en halda syni:

# Frjáls eftir 155 daga í haldi

**BERLÍN, AP Þýskri konu, sem var rænt ásamt syni sínum af uppreisnarhópi í Írak fyrir 155 dögum, var sleppt á þriðjudaginn. Sonur hennar er enn í haldi.**

**Utanríkisráðherra Þýskalands, Frank-Walter Steinmeier, tilkynnti um lausn Hannelore Krause, sem er 61 árs gömul, í gær og bætti því við að allt yrði reynt til að fá son hennar lausan. Uppreisnarhópurinn, Örvar ráðvendni, birti myndband af mæðginunum í mars og apríl og hótaði að myrða þau ef þýsk stjórnvöld drægju ekki herlið sitt frá Afganistan innan tíu daga. Þýskaland er með 3.000 hermenn í Afganistan. - sdg**


## Umhverfisvottaðar hreinlætisvörur
– fyrir sumarbústaðinn og veiðihúsið



Bjarni Ómar Ragnarsson
- verslunarstjóri hjá RV

TUNGLIÐ RV6237

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is


# Þriðjungur hættir eftir fæðingarorlof

**Þriðja hver kona og tíundi hver karlmaður hættir störfum að fæðingarorlofi loknu. Ekki konum til framdráttar á vinnumarkaði segir sérfræðingur. Mikilvægt sé að lengja orlofið og lengja lágmarkstíma í orlofi í hvert skipti.**

**FÉLAGSMÁL** Rúmlega þriðjungur kvenna og tíundi hver karlmaður snýr ekki aftur til vinnu sinnar eftir fæðingarorlof. Um tíunda hluta þessa hóps er sagt upp störfum, þrátt fyrir að lagt sé skýrt bann við slíku í lögum.

Þetta kemur fram í nýlegri rannsókn Bryndísar Jónsdóttur sem var unnin sem hluti af meistaraverkefni hennar í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands. Þetta er stærsta og viðamesta rannsóknin sem gerð hefur verið á fæðingarorlofsmálum hér á landi, en alls svöruðu um 2.400 manns.

Bryndís segir margar skýringar mögulegar á því af hverju fólk snúi ekki til fyrri starfa að loknu orlofi. Flestir segi starfi sínu lausu en fjórtán prósent karla og níu prósent kvenna segi að sér hafi verið sagt upp störfum. Hún bendir í ritgerð sinni á að hlutfallið hafi verið hæst árið 2002 þegar atvinnuástandið var hvað verst eftir tilkomu lagabreytingar árið 2001. Þó sé ljóst að allt of hátt hlutfall snúi ekki aftur til starfa vegna uppsagnar.

Einnig sé það hugsanlega ekki konum til framdráttar á vinnumarkaði að svo hátt hlutfall snúi ekki aftur til starfa. Ekki einungis verði vinnustaðurinn fyrir röskun vegna tiltölulega langs fæðingarorlofs konunnar, heldur bætist ofan á vitneskjan um að töluverðar líkur séu á því að konan snúi ekki aftur til starfa að því loknu.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær er talsverður munur á því hvernig karlar og konur taka fæðingarorlof. Karlar taka orlofið frekar í nokkrum styttri fríum, á meðan konur taka oftar allt orlofið í einu. Bryndís segir þetta hafa endurspeglast í sinni rannsókn. Sé horft til jafnréttis á vinnumarkaði sé mikilvægt að karlar taki meira af orlofi sínu samfellt.



**Í FÆÐINGARORLOFI** Bryndís Jónsdóttir er sjálf í fæðingarorlofi um þessar mundir, og hefur því tíma til að sinna börnunum þremur; Arnari Inga (elstur), Jóni Huga og ónefndu fimm vikna barni sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hún segir það stórt skref í átt að jafnræði kynjanna að lengja fæðingarorlofið, en ekki sé rétt að lengja þann tíma sem foreldrar geti ráðstafað sín á milli. Í dag hefur hvort foreldri rétt á þriggja mánaða orlofi, auk þess sem foreldrarnir geta skipt á milli sín þremur mánuðum til viðbótar. Reynslan hefur verið sú að móðirin fær oftast nær allan þann tíma.

Því væri réttara að lengja þann tíma sem bundinn er við hvort foreldri, til dæmis hafa það fimm mánuði á hvort foreldri, og deila svo niður tveimur mánuðum til viðbótar eftir hentugleikum.

Bryndís segist einnig hlynnt því að lengja lágmarkstíma í fæðingarorlofi. Í dag ber að taka að lágmarki tvær vikur í einu, en hún telur réttara að lengja þann tíma. Ef mál þróist áfram þannig að karlar búti orlofið niður sé hætta á því að hefð skapist á vinnumarkaði þannig að í framtíðinni verði erfitt fyrir karla að taka samfellt orlof.

**brjann@frettabladid.is**





HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 9029 - Actavis 704003

**Lórítín®**
*– Kröftugt ofnæmislyf*

**Notkun:** Lórítín er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og langvarandi ofsakláða af óþekktum toga. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn (>12 ára): 1 tafla á dag. Börn 2-12 ára (<30 kg): ½ tafla (5 mg) á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Töfluna má taka hvenær sem er, án tillits til matmálstíma. Hefja ætti meðferð hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi með minni skammti. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efninu eða hjálparefnum. **Varúðarreglur:** Gæta skal varúðar ef Lórítín er gefið sjúklingum með mikið skerta lifrarstarfsemi. Lyfið inniheldur laktósa. Langvarandi notkun getur leitt til aukinnar hættu á tannskemmdum vegna munnþurrks. Notkun Lórítíns á meðgöngu og við brjóstagjöf er ekki ráðlögð nema í samráði við lækni. Í einstaka tilfellum finnur fólk fyrir syfju sem getur haft áhrif á hæfni þeirra til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Lórítín þolist almennt vel en algengustu aukaverkanirnar hjá börnum á aldrinum 2-12 ára eru höfuðverkur, taugaveiklun og þreyta. Algengustu aukaverkanirnar hjá 12 ára og eldri eru svefnhöfgi, höfuðverkur, aukin matarlyst og svefnleysi. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Desember 2005.

LYFJA - Lifið heil

actavis hagur í heilsu


Ný rannsókn á virkni sólar á hitastig andrúmslofts:

# Engin áhrif á hlýnun jarðar

**VÍSINDI** Virkni sólarinnar hefur engin áhrif haft á hlýnun andrúmsloftsins hér á jörðinni síðustu áratugina. Þvert á móti, því virkni sólarinnar hefur minnkað nokkuð síðustu tuttugu árin, en á þeim tíma hefur hitinn í andrúmsloftinu hækkað.

Þetta er niðurstaðan úr rannsókn sem tveir vísindamenn, Mike Lockwood frá Bretlandi og Claus Fröhlich frá Sviss, hafa gert. Frá þessu er skýrt á vefsíðu breska útvarpsins, BBC.

Með rannsókninni sýna þeir einnig fram á að hlýnunin síðustu áratugina geti ekki stafað af áhrifum sólarinnar á geimgeisla, eins og nýlega hefur verið haldið fram.

Lockwood og Fröhlich ákváðu að gera þessa rannsókn í framhaldi af sýningu sjónvarpsþáttarins The Great Global Warming Swindle, þar sem því var haldið fram að hlýnun jarðar þyrfti engan veginn að vera af mannavöldum, eins og oftast er haldið fram.

Lockwood segist hafa tekið eftir því, að í þeim þætti hafi ekki verið byggt á gögnum eftir árið 1980. Fram að þeim tíma hafði virkni sólarinnar verið að aukast jafnt og þétt, en eftir 1985 hefur hins vegar dregið úr virkni sólarinnar og jafnframt úr áhrifum hennar á geimgeisla. **- gb**



**SÓLIN** Hlýnun jarðar síðustu áratugina stafar ekki af aukinni virkni sólar, því virkni hennar hefur verið að minnka frá árinu 1985. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Útsala

## nýtt kortatímabil

vorum að bæta við nýjum vörum

## Allar útsöluvörur

# 250-2000 kr

## Verðdæmi

| UPPHAFLEGT VERÐ | ÚTSÖLUVERÐ |
|---|---|
| ~~499~~ KR. | 250 KR. |
| ~~799~~ KR. | 500 KR. |
| ~~999-1.299~~ KR. | 750 KR. |
| ~~1.499-1.699~~ KR. | 1.000 KR. |
| ~~1.999-2.499~~ KR. | 1.500 KR. |
| ~~2.999-4.999~~ KR. | 2.000 KR. |

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, húsgögn og heimilisvöru

HAGKAUP

*Skemmtilegast að versla*





Slökkviliðsmenn hjóla til styrktar Sjúkra- og líknarsjóði starfsmannafélagsins:

# Ákveðnir í að klára þetta

**ÚTIVIST** „Þetta hefur gengið ágætlega hjá okkur en eitthvað hefur verið um eymsli í hásinum, hnjám og öxlum en ekkert sem hefur stoppað okkur. Menn eru ákveðnir í því að klára þetta,“ sagði Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri höfuðborgarsvæðisins í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hann er einn níu slökkviliðsmanna sem hjóla þvert yfir landið og utan vega til styrktar Sjúkra- og líknarsjóði starfsmannafélags slökkviliðsmanna höfuðborgarsvæðisins (SHS).

Slökkviliðsmennirnir lögðu af stað á laugardaginn. Leiðin sem þeir hjóla er frá Fonti á Langanesi, norðaustasta tanga landsins, til Reykjanestáar sem er suðvestasti tangi landsins. Þeir áætla að ferðin taki tólf daga.



**FRÁ FONTI TIL TÁAR** Pétur Pétursson, Hafsteinn Halldórsson og Valgarður Sæmundsson á fullri ferð.

Jón Viðar segir að ferðin gangi vel. „Við erum níu sem hjólum og fjórir aðrir fylgja okkur á tveimur bílum. Eiginkona og dóttir eins slökkviliðsmanns elda ofan í okkur og við fáum svo góðan mat að við komum líklega heim feitari en þegar við lögðum af stað,“ segir Jón Viðar.

Fyrirtæki og einstaklingar sem hafa áhuga á að styrkja sjóðinn eru beðin að senda tölvupóst á sverrir.bjornsson@shs.is eða leggja inn á reikning 515-14-106690 kt. 460279-0469 eða hringja í söfnunarsíma 905-2005.

Heimasíða hjólaferðarinnar er http://www.babu.is/hjola.php - lbb

# Kalla eftir frekari mótvægisaðgerðum

**Ríkisstjórnin samþykkti að flýta vegaframkvæmdum á ellefu stöðum á landinu eftir að hafa tekið ákvörðun um þriðjungs skerðingu þorskkvótans. Sveitarstjórnarmenn eru ánægðir með að vegaframkvæmdunum verði flýtt.**

**SAMGÖNGUMÁL** Sveitarstjórnarmenn víðs vegar um landið eru ánægðir með að ríkisstjórnin hafi ákveðið að flýta vegaframkvæmdum á ellefu stöðum á landinu en telja að frekari mótvægisaðgerðir þurfi til eftir að ákveðið var að skerða þorskkvótann um þriðjung.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, segir að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að flýta vegaframkvæmdum á fjórum stöðum á Vestfjörðum styrki landshlutann og samfélagið sem heild. „Ég bíð svo bara eftir útspili annarra ráðherra sem þurfa að koma fram með aðra þætti þessara mótvægisaðgerða,“ segir Halldór.

Í ákvörðun ríkisstjórnarinnar kemur fram að flýta eigi framkvæmdum við Suðurstrandarveg á milli Þorlákshafnar og Grindavíkur um fimm til átta ár: hann á að vera tilbúinn 2010 í stað 2015-2018. Bæjarstjóri Ölfuss, Ólafur Áki Ragnarsson, segir að vegurinn muni hafa mest vægi fyrir ferðaþjónustuna á Suðurlandi. „Þessi búbót kemur hins vegar ekki beint í kassann hjá útgerðarmönnum eða fiskvinnslufólki,“ segir Ólafur.

Bæjarstjóri Grindavíkur, Ólafur Örn Ólafsson, fagnar því að endurbyggja eigi veginn, sem hann segir fyrst og fremst koma sér vel fyrir ferðaþjónustuna, en auðveldi einnig flutning sjávarafla á landi fyrir þá sem flytja fisk með flugi frá Keflavíkurflugvelli. Ólafur segir hins vegar að sjómenn og fiskverkunarfólk muni ekki hafa beinan hag af þessari einu aðgerð.

Helga Jónsdóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggðar, segir að ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að flýta framkvæmdum við Norðfjarðargöng sé kærkomin; ljúka á göngunum árið 2012. „Göngin skipta svo miklu máli því þau gera sveitarfélagið að samfelldu atvinnusvæði og auðvelda allan aðgang að þjónustu,“ segir Helga.



**KRISTJÁN MÖLLER** Sveitarstjórnarmenn á landsbyggðinni eru ánægðir með flýtiframkvæmdir ríkisstjórnarinnar sem samgönguráðherra kynnti á þriðjudag en telja frekari mótvægisaðgerðir gegn skerðingu þorskkvótans mikilvægar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri í Norðurþingi, er ánægður með að vegaframkvæmdum á tveimur stöðum í sveitarfélaginu, tengingum við Raufarhöfn og Þórshöfn og framkvæmdum við Dettifossveg, verði flýtt. Hann er hins vegar ósáttur við að byggingu jarðganga undir Vaðlaheiði, sem stytta vegalengdina á milli Húsavíkur og Akureyrar um 16 kílómetra, hafi ekki verið flýtt. „Vaðlaheiðargöng skipta verulegu máli fyrir okkur í Norðurþingi.“ Bergur kallar eftir frekari mótvægisaðgerðum ríkisstjórnarinnar til að vega á móti skerðingu þorskkvótans. „Þetta mun nú ekki redda kvótaskerðingunni sem við fáum á næsta ári,“ segir Bergur.

Björn Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri Djúpavogshrepps, segir að tillaga ríkisstjórnarinnar um að búið verði að endurbæta veginn yfir Öxi árið 2011 auðveldi fólks- og þungaflutninga á milli Djúpavogs og stærri byggðarkjarna á Austfjörðum því vegurinn sé lélegur og hafi verið ófær í um mánuð á hverju ári.

ingifreyr@frettabladid.is







DEBENHAMS

# útsalan

af enn meiri

# krafti

**Nýtt kortatímabil**

# 50 til 70%

**afsláttur af völdum vörum**

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

Alltaf

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 38326 07/2007



**ELDUR Í OLÍULEIÐSLU** Heimamenn aka framhjá þykkum reyk úr olíuleiðslu, sem brunnið hefur í meira en viku, skammt frá Harcourt-höfn í Nígeríu.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Flestar tilkynningar til Barnaverndarnefndar Reykjavíkur koma frá lögreglunni:

# Unglingadrykkja áberandi

**FÉLAGSMÁL** „Tilkynningar varðandi útivist unglinga aukast alltaf á sumrin. Við fáum þó nokkurn fjölda af tilkynningum um unglinga í útilegum sem hafa ekki aldur eða þroska til og einnig um unglingadrykkju. Það má segja að langflestar tilkynningar komi frá lögreglu,“ segir Halldóra Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

Hún segist hafa tilfinningu fyrir því að það sé heldur meira frjálsræði á sumrin en það sé þó ekki merkjanlegur munur á tilkynningum eftir tímabilum á árinu. „Við höfum fengið fyrirspurnir frá foreldrum um hvað sé eðlilegt og hvað megi varðandi að skilja barn eftir eitt heima. Við fáum þó tilkynningar allan ársins hring um að börn séu skilin eftir ein heima eða í umsjá annarra barna.“

Hrefna Friðriksdóttir, lögfræðingur Barnaverndarstofu, segir að ekki séu til neinar beinar reglur varðandi á hvaða aldri börn mega vera ein heima. „Þetta er eitt af því sem foreldrum er treyst til að sjá um. Ef það kviknar grunur um að foreldri fari ekki nógu vel með hlutverk sitt þá er sjálfsagt að tilkynna það og skoða hvert tilvik fyrir sig enda eru þau mjög mismunandi,“ segir Hrefna. - lbb

**TILKYNNINGAR FYRSTU FJÓRA MÁNUÐI 2007**

| | |
|---|---|
| Janúar * | 343 |
| Febrúar | 338 |
| Mars | 272 |
| Apríl | 278 |

Að meðaltali berast um 300 tilkynningar á mánuði en talið er að þær eigi við um 250 börn enda stundum tilkynnt oftar en einu sinni um hvert barn.

*Einhver tilvik í þessum mánuði tilheyra desembermánuði.

Börn tekin fyrir glæfraakstur:

# Fimmtán ára ók allt of hratt

**LÖGREGLUMÁL** Fimmtán ára stúlka var stöðvuð undir stýri á bíl í íbúðargötu í Hafnarfirði í fyrradag, að því er fram kemur í tilkynningu frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Hún mældist á kolólöglegum hraða og hafði eðli málsins samkvæmt heldur aldrei öðlast ökuréttindi.

Þá var karlkyns jafnaldri hennar stöðvaður undir stýri á vespu í einu úthverfa Reykjavíkur. Hann hafði ekki réttindi til að aka slíku ökutæki, og var þar fyrir utan með hjálmlausan farþega aftan á hjólinu. Allnokkrir ökumenn til viðbótar voru stöðvaðir fyrir hraðakstur í borginni í fyrradag. - sh




Blaðamenn úti leita viðbragða:

# Litháar fjalla um greinaflokk Fréttablaðsins

**FÍKNIEFNI** Eitt stærsta og mest lesna dagblað í Litháen, Kauno diena sem gefið er út í borginni Kaunas, gerði greinaflokk Fréttablaðsins um umsvif litháísku mafíunnar á Íslandi að umtalsefni á vefútgáfu sinni í gær. Blaðamaður leitar viðbragða yfirmanns fíkniefnadeildar lögreglunnar og uppsker innihaldsrýr svör.

Þá ræðir hann við framkvæmdastjóra litháísku ferðaskrifstofunnar Jetis, en í umfjöllun Fréttablaðsins kom fram að þeir Litháar sem hingað hafa komið með fíkniefni eigi það nokkrir sameiginlegt að hafa bókað ferðina í gegnum þá skrifstofu. Framkvæmdastjórinn þvertekur þar fyrir að stofan eigi þátt í nokkurs konar óeðlilegu bókunarferli. - sh



**HRINGBRAUT 128** Húsið er illa farið að utan, en nýuppgert að innan, að sögn eins af íbúum þess.
MYND/VÍKURFRÉTTIR




**GEIMVÍSINDI**

### Senda vélmenni til Mars

Bandaríska geimvísindastofnunin, NASA, sendir ómannaða geimskutlu til Mars í næsta mánuði. Vélmenni um borð munu grafa í yfirborð plánetunnar til að kanna hvort örverur hafi lifað einhvern tímann þar. Geimskutlan lendir á Mars í lok maí 2008.

# Íbúar félagsíbúða segjast úrræðalausir

**Íbúum níu félagslegra íbúða í Reykjanesbæ var tilkynnt um sölu þeirra 1. júlí og uppsögn leigusamninga þeirra. Bærinn hefur selt 25 félagslegar íbúðir á síðustu árum en alls eru slíkar íbúðir um 250 í bænum.**

**FÉLAGSMÁL** „Ég er ekki einu sinni fær um að flytja sjálf, ég hef ekki heilsu,“ segir Birna Skarphéðinsdóttir, íbúi við Hringbraut 128 í Reykjanesbæ. Fasteignir Reykjanesbæjar hafa selt níu félagslegar íbúðir í húsinu og sagt upp leigusamningunum við íbúana.

„Konan sem er tengiliðurinn okkar í húsnæðismálunum hjá bænum segir að það séu engar íbúðir til, þau hafi ekkert að bjóða okkur,“ segir Birna.

„Við erum öryrkjar, einstæðar mæður og lágtekjufólk í íbúðunum, þannig að manni finnst þetta skrýtið. Okkur var bara sagt að búast við hinu versta og vona það besta,“ segir Birna. Íbúum var tilkynnt um söluna 1. júlí.

„Það stóð til áður en ákveðið var að selja að taka þessa blokk í gegn að utan, hún er orðin svolítið ljót að utan,“ segir Birna. Hún segir þó íbúðirnar hafa verið teknar í gegn á nýliðnum árum og nýjar hita- og vatnslagnir verið lagðar.

Fasteignir Reykjanesbæjar er að fullu í eigu Reykjanesbæjar og rekur félagslegar íbúðir í bænum fyrir aldraða, lágtekjufólk og aðra.

„Við eigum 250 íbúðir og erum alltaf að kaupa og selja, byggja og hvaðeina,“ segir Hjörtur Zakaríasson, framkvæmdastjóri Fasteigna Reykjanesbæjar.

„Þarna erum við að selja íbúðir sem eru okkur óhagstæðar og gamlar, það þarf mikið að endurnýja. Við ætluðum að taka þessa blokk í gegn fyrir tugi milljóna áður en kom að þessu söluferli.“

Að sögn Hjartar hefur bærinn skipað nefnd sem mun fara yfir húsnæðismál sveitarfélgsins. Hvort nýjar íbúðir komi í staðinn fyrir þessar sé óljóst.

> Okkur var bara sagt að búast við hinu versta og vona það besta.
>
> **BIRNA SKARPHÉÐINSDÓTTIR**
> ÍBÚI VIÐ HRINGBRAUT 128

Hjörtur segir nýja eigendur vera tilbúna að leigja fólkinu íbúðirnar áfram, en segist ekki vita hvort leigan verði jafn lág. Annars geti fólkið leitað til félagsþjónustu bæjarins.

„Auðvitað á fólk sinn rétt, alveg þriggja mánaða uppsagnarfrest upp í ár, alveg eftir því hvað það hefur verið lengi. Það getur líka komið til Reykjanesbæjar og sótt um íbúð,“ segir Hjörtur.

Á seinustu tveimur til þremur árum hafa Fasteignir Reykjanesbæjar selt um 25 íbúðir, að sögn Hjartar, og lítið komið í staðinn. 25 íbúða blokk hafi hins vegar verið reist árið 2000.

„Það getur ekki verið markmið að fjölga félagslegum íbúðum því að við viljum að fólk hjálpi sér sjálft helst,“ segir Hjörtur.

steindor@frettabladid.is



# KRÓNAN

fyrst og fremst...

...ódýr !



50% afsláttur

1169 kr. kg

Grísalundir



43% afsláttur

799 kr. kg

Lamba sirloinsneiðar

# DÚNDURTILBOÐ KRÓNUNNAR



89 kr. stk.

2 l Pepsi Max



1290 kr. stk.

Waves vöfflujárn



tekur 7 egg í einu

590 kr. stk.

Waves eggjasuðutæki



Krónu pylsur á grillið!

2 fyrir 1



6 stk. í pk.

69 kr. pk.

Prince Polo 6x38 g




Sölu á munum sem voru í eigu varnarliðsins verður fram haldið í haust:

# Um fjörutíu gámar eru eftir

**VERSLUN** „Það besta er farið úr Sigtúninu en ég á samt slatta eftir af skápum, sófum og rúmum,“ segir Ástvaldur Óskarsson, sem rak sölu varnarliðseigna í gamla Blómavalshúsinu við Sigtún. Hann er nú fluttur þaðan og hyggst halda sölunni áfram á geymslusvæðinu gegnt álverinu í Straumsvík. Þar byggir hann hús undir verslun sína.

„Ég seldi um 250 gáma af dóti í Sigtúninu og á um 40 gáma eftir. Húsnæðið í Sigtúninu var orðið of stórt fyrir starfsemina en í nýju búðinni ætla ég að taka upp úr einum gámi í einu og hafa þetta minna í sniðum.“

Ástvaldur segist hafa gefið töluvert til góðgerðarmála en hann sendi meðal annars nokkra flutningabíla til Samhjálpar.

Neytendastofa innkallaði lampa síðari hluta ársins 2006 vegna þess að þeir leiddu út. „Engir eftirmálar voru vegna þessara lampa,“ segir Ástvaldur.

Hann segir viðskiptavini sína vera úr öllum áttum, einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. „Ég hef til dæmis selt næstum alla bílana en þeir voru á bilinu 150 til 180 talsins og ég á kannski tíu eftir.“

- lbb



**FJÖRUTÍU GÁMAR EFTIR** Hver veit hvað leynist í gámunum hans Ástvalds?

# Átökum um rauðu moskuna lokið

**Pakistanski herinn vann í gær endanlegan sigur á herskáum múslimum í rauðu moskunni í Islamabad. Engin lík af konum eða börnum sögð hafa fundist í moskunni. Átökin um moskuna hafa kostað meira en áttatíu manns lífið.**

**PAKISTAN, AP** Óvíst er enn hvaða áhrif árásin á rauðu moskuna í Islamabad mun hafa á álit landsmanna í Pakistan á Pervez Musharraf forseta. Töluvert hefur verið um mótmæli gegn honum síðustu daga.

Um 500 manns komu saman í Peshavar í gær og hrópuðu vígorð gegn forsetanum, og um fimmtán manns komu einnig saman framan við byggingu hæstaréttar í Islamabad til að krefjast afsagnar Musharrafs.

„Aðgerðinni er lokið. Allir sem voru inni eru komnir út,“ sagði Shaukat Aziz, forsætisráðherra Pakistans, við blaðamenn að átökunum loknum snemma í gær. Hann sagði engin lík af konum eða börnum hafa fundist og taldi litlar líkur á að fleiri lík myndu finnast.

Meira en 50 herskáir múslimar og tíu hermenn létu lífið í átökunum, sem hófust fyrir dögun á þriðjudag og stóðu samfleytt í 35 klukkustundir.

Alls hafa átökin um moskuna, sem hófust snemma í síðustu viku, kostað meira en áttatíu manns lífið.

Einn af foringjum í pakistanska hernum sagði síðustu klukkustundir átakanna hafa farið þannig fram að hermenn fóru á milli herbergja í kjallara kóranskólans, sem er við hlið moskunnar, þar sem þeir sprengdu upp hvert fylgsni andstæðinga sinna á fætur öðru.

Stjórnvöld í Pakistan halda því fram að 1.300 manns, bæði karlar, konur og börn, hafi komið út úr byggingunum frá því að umsátrið hófst fyrir rúmri viku. Áður en innrásinni lauk var talið að hundruð manna gætu hugsanlega verið þar enn og í gær voru margir foreldrar að leita að börnum sínum inni í moskunni.

gudsteinn@frettabladid.is



**ÁTÖK Í HÁLFAN ANNAN SÓLAHRING** Pakistanskir sérsveitarmenn snúa til baka eftir að hafa tekið þátt í árásinni á rauðu moskuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Fullbúin máltíð á innan við 5 mínútum


NÓATÚN
Bestir í kjöti
Tilboð
á lambalæri!
Tilbúið grillmeðlæti Nóatúns!
Þú sparar
500 kr. kg
LAMBALÆRI KRYDDAÐ
998 kr. kg
Bestir í kjöti, ferskir í fiski og eigum allt á grillið fyrir þig!
MÓA KJÚKLINGA-BRINGUR
1.698 kr. kg
33% afsláttur
UNGNAUTAHAMBORGARAR BBQ 140 GRÖMM
179 kr. stk.
Nóatún mælir með!
FRECHETTA DIAVOLO
2 Í PAKKA
499 kr. pk.
Þú sparar
250 kr. pk.
Eðal morgunmatur!
Cheerios
CHEERIOS
567 G
329 kr. stk.
SS álegg gott á brauðið!
20% afsláttur
NÝTT!
COLOUR BITES
GÖTEBORGS MINI COLOUR COOKIES
199 kr. pk.
Ótrúlegt verð!
Coca-Cola light
COKE LIGHT
2 L
99 kr. 2 l
Opið 9-21
Verði ykkur að góðu!



**Flymo**

Vnr. 53323039

## Sláttuorf

FLYMO sláttuorf, 300W, sláttubreidd 25 cm.

**3.990 kr.**

**Flymo**

Vnr. 53323037

## Sláttuvél

FLYMO 400 loftpúða-sláttuvél, 1500W, sláttubreidd 40 cm.

**21.900 kr.**



Vnr. 50692300

## Reiðhjólastóll

ERGON reiðhjólastóll.

**3.990 kr.**

~~5.990~~ kr.

**33% afsláttur**



**www.byko.is**

**verslaðu á netinu**

**Partner**

Vnr. 53323000

## Sláttuvél

PARTNER sláttuvél með fjórgengis Briggs & Stratton Classic mótor. Vélin er 3,5 hestöfl, sláttubreiddin er 51 cm.

**19.900**



**Partner**

Vnr. 53323003

## Sláttuvél

PARTNER Briggs & Stratton Classic Q70 mótor. Vélin er 7 hestöfl, sjálfdrifin og með 75 ltr. safnkassa. Sláttubreiddin er 53 cm og sláttuhæðin er með 4 mismunandi stillingum, frá 3 cm - 7 cm.

**59.900**



**LÆGRA VERÐ!**



Vnr. 88012388

## Buslulaug

~~3.945~~ kr.

**2.690 kr.**

Barna buslulaug, bátur, 244x128x89 cm.




**10 ltr.**

Vnr. 89071183

## Útimálning

**2.990 kr.**

FARVELAND útimálning, gljástig 6, ljósir litir, 10 ltr.




**10 ltr.**

Vnr. 85551083/1183

## Útimálning

**4.990 kr.**

BYKO útimálning, gljástig 6, ljósir litir, 10 ltr.



33% afsláttur

2.990 kr.

Vnr. 88015972/4

**Svefnpoki** 1.990 kr.

Svefnpoki -5°, grár eða dökkblár. Stærð 200x80 cm.



30% afsláttur

1.390

1.990

Vnr. 88015950

**Tjald**

2ja manna tjald.

Vnr. 88015952

**Tjald**

3ja manna tjald.

2.790 kr.

3.990 kr.

# FRÁBÆR KAUP!

FRÁBÆRT VERÐ!

VERÐ VERND BYKO



30% afsláttur

*af öllum reiðhjólum*




25% afsláttur

*af allri viðarvörn & útimálningu!**

* Gildir ekki með öðrum tilboðum.

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

## „ORÐRÉTT“

### Grátbroslegt

**„Það segir sig náttúrlega sjálft að það er leiðinlegt að vinna með manneskju sem virðist ætla að bresta í grát allan daginn.“**

BERGVIN ODDSSON, FORMAÐUR UNGMENNAHREYFINGAR BLINDRAFÉLAGSINS, ER LÍTT HRIFINN AF RÖDD NÝS TALGERVILS.
**Fréttablaðið, 11. júlí.**

### Álmen!

**„Ál hefur ekki sál!“**

SÉRA BILLY, SEM FER FYRIR „KIRKJU NEYSLUSTÖÐVUNAR“ MÓTMÆLTI STÓRIÐJU Í KRINGLUNNI.
**Fréttablaðið, 11. júlí.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR RITHÖFUNDUR

## Reykjavík kemur til hennar í Hólminn



Guðrún Eva Mínervudóttir rithöfundur vinnur þessa dagana að skáldsögu í rithöfundaíbúð í Vatnasafninu á Stykkishólmi. „Ég hef verið hér frá því í maí og býst við að vera hér fram að áramótum en kannski lengur því ég þarf ekki að fara fyrr en næsti maður kemur,“ segir Guðrún Eva.

Hún segir að bandaríska listakonan Roni Horn hafi gert listaverk úr gamla bókasafninu í Hólminum og að íbúðin sé hluti af því verki. „Ég held að Roni hafi viljað að það yrði hugsað í húsinu. Það er stórkostlegt að vera hérna og útsýnið er ótrúlegt. Þú ættir að að sjá þessa íbúð, ég vil ekki hreyfa mig héðan.“

Guðrún er búin að taka sér frí í sumar því hún fór í nokkurra daga trússferð við Vatnajökul í júní eftir að hafa útskrifast úr heimspeki í Háskóla Íslands. „Ég er allt of mikil dama til að rogast með allt á bakinu, og ég er ekki gerð til þess. Mig langar ekkert til að erfiða uppi á fjöllum: ég vil bara vera þar.“

Guðrún skrifar í fjóra tíma á dag og segist vera alveg búin á því eftir það. Þegar hún er ekki að skrifa fer hún í göngutúra, í sund og út að hjóla í góða veðrinu í Stykkishólmi. „Ég reyni svo að finna mér tíma til að vaska upp líka.“

„Svo fæ ég gesti úr borginni; mér líður svolítið eins og ég sé drottningarbýfluga hér á Stykkishólmi: Reykjavík kemur til mín. Ég reyni svo að senda gestina út að leika svo ég fái frið til að skrifa,“ segir Guðrún, sem var nývöknuð þegar blaðamaður hringdi í hana og ætlaði að fá sér kaffi og brauð og setjast við skriftir.

## ERMARSUND
### 130 ÁRA SUND

Fyrsti maðurinn til að synda hina 34 kílómetra leið yfir Ermarsund á milli Dover í Englandi og Calais í Frakklandi var Englendingurinn Matthew Webb, sem gerði það árið 1875 á tæpum 22 klukkustundum. Tveir Íslendingar, Benedikt Lafleur og Benedikt Hjartarson, hafa á síðustu dögum gert tilraunir til að synda yfir Ermarsund en þurftu báðir að hætta á miðri leið. Það verður því bið á að Íslendingur komist á listann yfir þá garpa sem hafa synt óstuddir yfir sundið, en við skulum vona að hún verði ekki löng.

## SJÓNARHÓLL
KVÓTASKERÐINGIN



**TRAUSTI VALDIMARSSON**
Læknir

### Vísindin efla alla dáð

„Forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar er traustur maður og það er nú örugglega eitthvað til í þessum vísindum. Vísindin efla alla dáð,“ segir Trausti Valdimarsson, sérfræðingur í lyflækningum og meltingarsjúkdómum. „Þannig að eitthvað er rétt á bak við þetta að það þurfi að vernda þorskinn. Það er reyndar hægt að vera ósammála um kvótaskerðinguna eins og allt annað. Menn eru að veiða þorskinn og sjá allt í einu fullt af honum og trúa ekki að hann sé að hverfa. Ég skil það. Öll svona vísindi eru umdeilanleg og sannleikurinn er aldrei 100 prósent. Það er ekkert öruggt já eða nei í þessu.
Mér finnst þetta kannski svolítið harkaleg skerðing. Þetta hefur mikil áhrif á minni pláss eins og Ólafsvík og á Vestfjörðunum. Það mætti kannski leyfa þessum litlum plássum sem eiga allt sitt undir þessu að fá hærri kvóta.“

# Börnin skapandi í náttúrunni

**Í Björnslundi í Norðlingaholti er útileikstofa fyrir leikskólann Rauðhól. Börnin nýta náttúruna í stað leiktækja sem venjulegur róló býður upp á. Tjöld og hengirúm eru í boði fyrir þreytta fætur þegar líður á daginn.**



**ALLIR KLÁRIR** Börnin á yngri deildum Rauðhóls komin með smekkina sína og bíða spennt eftir hádegismatnum í sólinni. Eftir matinn lögðu þau sig í tjöldin sem þau hjálpuðu fóstrunum að tjalda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Börnin eru hér á sínum eigin forsendum og una sér vel í náttúrunni. Hér eru engin leiktæki og því er þetta allt öðruvísi en venjulegur róló. Börnin búa sér til allt sjálf og eru skapandi og skemmtileg,“ segir Guðrún Sólveig, leikskólastjóri Rauðhóls.

Auk þess að vera útileikstofa fyrir leikskólann Rauðhól er Björnslundur einnig útikennslustofa fyrir Norðlingaskóla. Björnslundur var tekinn í notkun af Norðlingaskóla í nóvember. „Kennaranemar komu hingað frá Noregi og gerðu þetta svæði upp með krökkunum í Norðlingaskólanum en skólinn notar svæðið í allri kennslu eins og til dæmis náttúrufræðikennslu.“ Guðrún Sólveig segir að í haust muni öll börn leikskólans og grunnskólans planta trjám í lundinum sem hluta af umhverfisverkefnum skólanna. Hún segir báða skólana nýta svæðið mjög mikið enda sé þetta leynd paradís sem fáir viti um. „Við í leikskólanum erum svo heppin að hafa opið allt árið um kring þannig að við erum mjög mikið hérna í sumar og erum búin að koma mörgum sinnum í viku síðan í mars.“

Öll börn leikskólans voru í lundinum í gær utan hóps sem hafði farið í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn þegar ljósmyndari og blaðamaður Fréttablaðsins áttu leið hjá Björnslundi. „Við komum hingað í morgun og þá var vinafundur og söngstund en á Rauðhól leggjum við mestu áhersluna á vináttuna og kærleikann. Síðan lékum við kennarnir leikritið Rauðhettu og úlfinn fyrir börnin. Börnin eru núna í frjálsum leik, síðan er hádegismatur og hvíldarstund á eftir,“ segir Guðrún Sólveig og bætir við að krökkunum finnist ofsalega notalegt að kúra inni í tjöldunum og í hengirúminu þegar þreytan segir til sín.

larab@frettabladid.is



**PÓLSKT PASTASALAT** Börnin gæða sér á pólsku pastasalati og jarðaberjasósu en þessir réttir eru vinsælir í Póllandi þegar sólin skín.



**KÚRT Í SÓLINNI** Anton Þór Arnarsson og Rakel Ýr Fjölnisdóttir slaka á í hengirólunni áður en þau fá sér pólska pastasalatið. Thelma Lind Björgvinsdóttir fylgist með og vaggar þeim.




# Góða veislu grilla skal!

*Kjötið frá SS, beint á grillið. Beinlausir, mjúkir og meyrir bitar sem bráðna í munni, lagðir í spennandi kryddlög sem seiðir fram það besta í kjötinu. Prófaðu hiklaust – allar tegundirnar. Verði þér að góðu!*




VEISLA Í HEILA ÖLD

1907 SS 2007

www.ss.is



F1021379 Fiton ehf. / SIA

## Svona erum við

Fjöldi nemenda í viðskiptafræði á háskólastigi:




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ASBEST

# Greinist eingöngu í litrofssmásjá

Asbest er samheiti yfir nokkrar steintegundir sem eiga það sameiginlegt að mynda þráðkennda kristalla.

**Til hvers var asbest notað?**
Asbestþræðir eru til margra hluta nytsamlegir, til dæmis sem hljóð- eða hitaeinangrun. Notkun asbests til einangrunar í húsum er hins vegar bönnuð á flestum stöðum í heiminum vegna hættu á krabbameini.

**Hver er hættan af asbesti?**
Ef miklu magni af asbestryki er andað að sér geta þræðirnir orðið svo margir að þeir valdi tjóni. Skaðinn kemur oft ekki fram fyrr en 20-40 árum seinna og þá sem steinlunga, lungnakrabbamein eða fleiðrukrabbamein. Þetta eru allt alvarlegir sjúkdómar. Steinlunga er óafturkræfur sjúkdómur þar sem aragrúi öra myndast í lunganu sem koma í



veg fyrir að lungað starfi eðlilega. Þessi sjúkdómur leiðir í besta falli til örorku og venjan er að hann versni með aldrinum.

**Hvar er asbest að finna?**
Asbest er oftast notað í plötur í veggjum og lofti. Stundum er asbestveggur harður og allt í lagi með hann en um leið og farið er að bora í vegg eða slípa hann myndast ryk og þá er það orðið hættulegt. Einnig getur asbest verið mjög laust í sér og þá er það gjarnan notað sem einangrun á gamla katla og í einangrunarrörum og það er ávallt varasamt efni.

**Hvernig er hægt að þekkja asbest?**
Asbestrykið líkist helst litlum nálum, frekar en kornum. Asbest er grátt efni og það molnar ekki niður eins og múr heldur myndar það þræði eins og áður sagði. Þannig er mögulega hægt að sjá hvort verið er að vinna með asbest. Eina leiðin til að greina það er hins vegar að nota litrofssmásjá.

HEIMILDIR: VÍSINDAVEFUR OG RAGNAR J. GUNNARSSON, VERKFRÆÐISTOFUNNI RÝNI.

**SPURT & SVARAÐ**
**NÝ SJÖ UNDUR VERALDAR**

## Engin ástæða til að æsa sig

Ný sjö undur veraldar voru kynnt á dögunum. Pýramídarnir í Gísa eru einu undrin sem voru í hópi upphaflegu undrananna. Jóhanna Kristjónsdóttir hefur búið í Mið-Austurlöndum og ferðast með hópa um lönd arabaheimsins.

**Var rétt að velja ný undur?**
„Það eru deildar meiningar um hvort þetta sé réttlætanlegt. Mér finnst engin ástæða til að æsa sig yfir þessu.“



**JÓHANNA KRISTJÓNSDÓTTIR**
Blaðamaður og fararstjóri

**Ertu sátt við nýju undrin?**
„Þau sem ég þekki af þessum sjö þykir mér standa undir nafnbótinni. Taj Mahal-ástarhofið þykir mér ákaflega fallegt en það er teiknað af írönskum arkitekt. Ýmsir staðir í Íran mættu vera á þessum lista eins og Imam-torgið í Isfahan. En það er bara mín skoðun,“ segir Jóhanna.






**HUGO CHAVEZ OG VLADIMÍR PÚTÍN** Forseti Venesúela er í æ meiri mæli farinn að sýna einræðistilburði í landinu. Hann fór í opinbera heimsókn til Rússlands í lok júní og sést hér með forseta Rússlands, Vladimír Pútín. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Berst gegn fjölmiðlum

**Hugo Chavez, forseti Venesúela, neitaði að endurnýja sýningarleyfi elstu sjónvarpsstöðvar landsins, RCTV, í lok maí og hefur hótað að endurnýja ekki leyfi annarrar stöðvar sem hefur tekið upp hanskann fyrir RCTV. Aðgerðir Hugo Chavez eru birtingarmynd á aukinni valdníðslu forsetans sem hyggst breyta stjórnarskrá landsins til að sitja lengur sem forseti.**

Mikil mótmæli brutust út í Venesúela eftir að Chavez neitaði að endurnýja sýningarleyfi RCT – tvö hundruð manns voru handteknir – því talið var að Chavez væri að vega gegn upplýsinga- og tjáningarfrelsi í landinu. Þrátt fyrir oft á tíðum vafasama stjórnarhætti og einræðistilburði hafði Chavez virt tjáningarfrelsið í landinu fram að þessu.

### Pólitískir andstæðingar

Ástæða aðgerða Chavez er talin vera sú að stjórnendur RCTV eru pólitískir andstæðingar hans. Einn helsti eigandi hennar, Marciel Granier, hefur gagnrýnt stjórnarhætti Chavez opinberlega og stöðin studdi misheppnað valdarán gegn honum árið 2002 – einn ráðherra í ríkisstjórninni sagði að fréttaflutningur stöðvarinnar af valdaránstilrauninni hefði verið áróður gegn forsetanum.

Spænska dagblaðið El Pais sagði frá því á mánudag að RCTV hefði fengið leyfi til að hefja sýningar á ný sem áskrifendasjónvarp í læstri dagskrá. Aðeins þeir sem hafa kapalsjónvarp munu geta horft á stöðina en áður hafði hún verið í opinni dagskrá. Áður en RCTV missti sýningarleyfið gátu 98 prósent landsmanna í Venesúela horft á stöðina en einungis 35 prósent Venesúelabúa hafa aðgang að kapalsjónvarpi.

Chavez nýtur mests stuðnings meðal fátækra landsmanna í Venesúela. Því má reikna með því að það séu frekar þeir betur settu en þeir verr sem munu geta horft á stöðina þegar hún hefur sýningar að nýju í þessum mánuði. Gagnrýnin umfjöllun um Chavez mun því berast færri mönnum til eyrna en áður.

Auk þess segir Julián Isaac, aðstoðarforseti markaðsmála hjá RCTV, að þetta muni hafa veruleg áhrif á þær auglýsingatekjur sem stöðin getur halað inn, sem voru á tólfta milljarð króna í fyrra.

Stjórnvöld í Venesúela halda því hins vegar fram að stjórnendur RCTV hafi getað fengið leyfi til að halda áfram sýningum í læstri dagskrá eftir að hún missti útsendingarleyfið, en að þeir hafi ákveðið að bíða með það til að auka á óánægju fólks og til að réttlæta mótmælin gegn aðgerðum Chavez. Að þeirra mati eru aðgerðir ríkisstjórnarinnar ekki aðför að tjáningarfrelsinu heldur snúast þær um það hvort stöðin hafi leyfi til að sýna í opinni eða lokaðri dagskrá. Það er hins vegar ríkisvaldið sem ákveður það.

### Önnur stöð telur sér ógnað

Forsvarsmenn annarrar sjónvarpsstöðvar í Venesúela, Globosvision, sem hefur gagnrýnt stefnu Chavez og tekið upp hanskann fyrir RCTV, telja að Chavez ætli ekki að endurnýja útsendingarleyfi stöðvarinnar þegar það rennur út árið 2015.

Forsvarsmenn stöðvarinnar, sem um tíu prósent Venesúelabúa hafa aðgang að og er gagnrýnin á stjórn Chavez, sendu varaforseta landsins, Jorge Rodríguez, bréf í lok júní þar sem þeir kvörtuðu undan þrýstingi og ógnunum frá stjórnvöldum. Þeir skrifuðu bréfið eftir að Rodríguez hafði haldið því fram í ræðu að engin ríkisstjórn Venesúela hefði virt tjáningarfrelsið meira en stjórn Chavez.

Talið er að orð sem Chavez lét falla í ræðu í byrjun júní, um að hægt væri að afturkalla útsendingarleyfi sjónvarpsstöðva ef þær gerðust sekar um stjórnarskrárbrot, hafi verið beint gegn Globovision. Forsetinn sagði hins vegar ekki hvað hann átti við. Globovision gæti því hugsanlega einnig misst útsendingarleyfið, og jafnvel fyrr en talið var.

### „Einræði á fjölmiðlun“

Ef Chavez tekur leyfið af Globovision hefur hann náð að veikja, eða þagga niður, í þeim fjórum sjónvarpsstöðvum sem tóku afstöðu gegn honum í valdaránstilrauninni árið 2004. Áður höfðu stjórnvöld gert samkomulag við tvær sjónvarpsstöðvar um að draga úr gagnrýni á forsetann. Með því er sagt að forsetinn hafi náð því sem kallað hefur verið „einræði á fjölmiðlun“ í landinu. Chavez hefur einnig sagt að undanförnu að hann hyggist breyta stjórnarskrá Venesúela til þess að hann geti boðið sig aftur fram sem forseti þegar kjörtímabili hans lýkur árið 2012. Þá mun hann hafa verið forseti í 14 ár. Það myndi gera honum kleift að vera í embætti eins lengi og hann kærir sig um.

Þessi hugmynd Chavez hefur kallað á hörð viðbrögð í landinu, nú síðast fyrr í vikunni frá kaþólsku kirkjunni sem dregur það í efa að stjórnarskrárbreytingarnar verði gerðar á lýðræðislegan hátt þrátt fyrir að Chavez hafi sagt að landsmenn í Venesúela þurfi að samþykkja stjórnarskrárbreytingarnar í kosningum.

Með aðgerðum sínum gegn gagnrýnni fjölmiðlun hefur Chavez því minnkað líkurnar á því að slíkir einræðistilburðir verði gagnrýndir opinberlega.



FRÉTTASKÝRING
INGI FREYR VILHJÁLMSSON
ingifreyr@frettabladid.is


20-60%
afsláttur
Af öllum trjáplöntum og sumarblómum
Garðplöntuútsala
Frostþolnir útipottar
25%
afsláttur
Allar garðstyttur
25%
afsláttur
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind


ÚRBEINAÐ LAMBALÆRI - LAMBALÆRISSNEIÐAR - GRÍSAKÓTELETTUR
Grillkryddaða Pottagaldra kjötið
ÁN SALTS
ÁN MSG
30% afsláttur við kassann
POTTAGALDRAR
HELGARSTEIK
GRÍSAKÓTILETTUR
LAMBALÆRISSNEIÐAR
30% afsláttur við kassann
Bónus býður betur!
TILBOÐ 350 gr Kartöflu salat
TILBOÐ 350 gr Hrá salat
KF SALAT
95 KR.
350g
Gott á grillið!
BBQ
BBQ leggir/læri
kílóverð nú:
368 KR.
Merkt verð 525KR.
30% afsláttur við kassann
2 lítrar
95 KR.
Fanta
Fínt í ferðalagið!
KF villi framhryggur
KÍLÓVERÐ NÚ:
1399 KR.
Merkt verð: 1998KR.
KJARNAFÆÐI
KJARNAFÆÐI
KF herragarðs svínakótelettur
KÍLÓVERÐ NÚ:
1116 KR.
Merkt verð: 1594KR.
30% afsláttur við kassann
AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Herragarðs svínakótelettur og villikryddaðar lambaframhryggjarsneiðar
BÓNUS



Kjúklingabringur - íslenskar og ferskar
35% afsláttur við kassann
FERSKAR HOLTABRINGUR kílóverð nú: 1563 KR.
Merkt verð 2405 KR.
Nýtt kortatímabil!
Ferskir bitar
Holtavængir kílóverð nú: 179 KR.
Merkt verð 300 KR.
40% afsláttur við kassann
Holtalæri/-leggir kílóverð nú: 363 KR.
Merkt verð 605 KR.
Gott á grillið!
Grillkryddaður íslenskur lax
NF grill laxabitar kílóverð nú: 898 KR.
Merkt verð 998 KR.
EKKERT BRUÐL
500 ml
59 KR.
MIX/APPELSÍN
Mix
Egils APPELSÍN
Bónus samloka tilboðsverð: 95 KR.
Verð áður 139 KR.
Skinka
Rækjur
Túnfiskur
Bónus samloka
Tilboð í TUGATALI!
Komdu á bonus.is
Matarkarfa að upphæð 20.000 KR. dregin út í póstlistanum í hverri viku til 1. sept.!
EKKERT BRUÐL
HEILT KÍLÓ!
26 SNEIÐAR
Kornbrauð
BÓNUS
Kílóbrauð! 95 KR.
3.7 KR. sneiðin
Tilboð
L&L
Komið í Bónus!
BÓNUS HANGIÁLEGG
40% afsláttur við kassann
Fituminna hangiálegg KÍLÓVERÐ NÚ: 1689 KR.
Merkt verð: 2825 KR.
Vinsælasti orkudrykkurinn í Bónus
250 ml
189 KR.
Froosh
100% pure fruit smoothie
BÓNUS

> Rauðvínsdrykkja Íslendinga í lítrum.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
hagur heimilanna

**NEYTANDINN:** FREYR EYJÓLFSSON ÚTVARPS- OG TÓNLISTARMAÐUR

## Heimskuleg kaup oft skemmtilegust



„Ætli verstu kaupin séu ekki karókíkerfi,“ segir Freyr Eyjólfsson, útvarps- og tónlistarmaður.

„Þegar ég var nítján ára gamall fór ég á sjóinn og þegar ég kom í land með fúlgur fjár var ég búinn að ákveða að halda veglegt og skemmtilegt partí fyrir vini mína. Ég keypti grillmat og bjór, og karókíkerfi sem er sennilega einhver vitlausasta og kjánalegasta fjárfesting en jafnframt sú skemmtilegasta sem ég hef gert á minni ævi. Þetta karókíkerfi var notað þetta eina kvöld en fljótlega spurðist út að ég ætti forláta skemmtilegt karókíkerfi. Ég lánaði það einhverjum, sem ég man ekki hver var, og hann lánaði það einhverjum öðrum og þetta karókíkerfi er einhvers staðar týnt en örugglega mikið notað.“

„Besta fjárfestingin hefur líklega verið mandólín sem ég keypti mér fyrir mörgum árum. Mandólínið varð til þess að við stofnuðum furðulega og brjálaða polkahljómsveit sem fékk nafnið Geirfuglarnir. Hljómsveitin hélt mér á floti í gegnum háskólaár mín og ég þurfti ekki að taka námslán. Mandólínið varð lífsbjörg mín á námsárunum.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### SMJÖR INNAN Í POTTINN

■ *Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur*



„Einhvern tímann heyrði ég að það væri þjóðráð að smyrja smjöri efst innan í pottinn þegar maður sýður eitthvað sem vill gjarnan sjóða upp úr. Smjörið á að koma í veg fyrir að það sjóði upp úr. Ég gleymi bara alltaf að prófa þetta þegar ég hef tækifæri til að reyna þetta,“ segir Aðalsteinn. Hann segist í gegnum tíðina hafa heyrt um alls konar húsráð sem komi sér eflaust vel en gleymt þeim jafn óðum. „Eina húsráðið sem ég hef prófað og nota alltaf er að fara í sokkana á undan skónum,“ segir Aðalsteinn og hlær.

■ **Flug**

## Saga Class-farþegar fara hraðar í gegn

Farþegar á Saga Class-farrými Icelandair geta nú komist hraðar í gegnum öryggiseftirlit í Leifsstöð en áður. Sérstök braut hefur verið tekin í notkun í öryggiseftirliti fyrir þessa farþega. Eykur það bæði hraða og þægindi þeirra sem ferðast á Saga Class. Er þessi þróun í samræmi við stefnu Icelandair að koma til móts við þarfir þessara viðskiptavina sem gera að sögn fyrirtækisins kröfur um mikla þjónustu og vilja komast sem hraðast í gegnum innritun og öryggiseftirlit.



■ **Orlofshús**

## Ýtin markaðssetning „time-share“

Fólki er bent á að kynna sér vandlega hvað felst í svokölluðum „time-share“ samningum eða í íslenskri þýðingu: „lög um gerð samninga um hlutdeild í afnotarétti orlofshúsnæðis“. Þetta kemur fram á vefsíðu Neytendasamtakanna. Samningurinn gengur út á að neytandinn greiði fyrst eina stóra upphæð og svo ákveðið árgjald. Með því kaupir hann sig inn í orlofshúsnæði og á þá rétt á afnotum af húsnæðinu í minnst eina viku á ári. Á síðunni er bent á að brögð séu að því að samningarnir séu ekki gerðir á heiðarlegan hátt og markaðssetning ýtin.



# Fólk feimið við að spyrja um kostnað

**Umræða um kostnað við jarðarfarir oft feimnismál, segir formaður Félags íslenskra útfararstjóra. Meðalkostnaður jarðarfarar er um 350 þúsund krónur. Kostnaður við að jarða í kyrrþey er litlu minni en við hefðbundna jarðarför.**

„Það getur verið erfitt að eiga við þessi mál enda er fólk oft feimið að spyrja hvað kosti að láta jarða ástvini sína. Ég þekki hins vegar fá dæmi um að fólk eyði um efni fram þegar kemur að jarðarförum,“ segir Rúnar Geirmundsson, útfararstjóri hjá Útfararþjónustunni ehf. og formaður Félags íslenskra útfararstjóra.

**LÁGMARKSKOSTNAÐUR VIÐ ÚTFÖR**

| | |
|---|---|
| Kista | 60.476 |
| Útfararkostnaður vegna kistulagningar og jarðarfarar | 74.946 |
| Einsöngur | 35.000 |
| Organisti | 12.536 |
| Stefgjöld | 2.304 |
| Umsjónargjald | 2.828 |
| Látlaus hvítur kross á leiði | 13.089 |
| Auglýsing um andlát í einu dagblaði birt einu sinni | 8.156 |
| Sængurverasett í kistuna | 2.650 |
| Blæja - vasaklútur | 200 |
| **Samtals** | **212.185** |

Hér er miðað við að hinn látni sé klæddur í sinn eigin klæðnað og ekki keypt ný sæng né koddi. Einnig að útförin fari fram í kirkju sem ekki tekur gjald fyrir útför.

**Aukakostnaður**

| | |
|---|---|
| Kirkjuleiga og blóm á altari | 10.500 |
| Sálmaskrá 150 stk. | 25.500 |
| Auglýsing einu sinni í útvarpi og þrisvar í tveimur dagblöðum | 36.258 |
| Ný sæng, koddi, klæðnaður og blæja | 17.500 |
| Kistuskreyting | 20.000 |
| Sex manna kór | 55.890 |
| **Samtals** | **165.648** |



**HINSTA HVÍLA** Rúnar segir ekki algengt að fólk eyði um efni fram þegar kemur að jarðarförum. Hann segir algengt að fólk sé búið að spara og eigi jafnvel fyrir öllum kostnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Rúnar segir að meðalkostnaður vegna jarðarfarar sé um 350 þúsund krónur en ekki sé óalgengt að kostnaður fari upp í hálfa milljón sé haldin erfidrykkja og meira haft við í blómaskreytingum, tónlist og öðru.

„Það er misjafnt hvernig fólk vill hafa þetta og þar af leiðandi er kostnaðurinn æði misjafn,“ segir Rúnar. Ódýrustu kisturnar kosta í kringum 60 þúsund krónur en hægt er að fá mun dýrari kistur. Einnig er misjafnt hvað listamenn taka fyrir að syngja við athöfnina.

„Við reynum að gefa okkar viðskiptavinum góðar upplýsingar um kostnað einstakra liða. Það er hægt að sleppa sálmaskrá, kistuskreytingum og öðru og auðvitað er hægt að sleppa athöfninni með öllu. En þannig er bara ekki íslenska þjóðarsálin,“ segir Rúnar og bætir því við að kostnaður við að jarða í kyrrþey sé litlu minni en við hefðbundna jarðarför.

thorgunnur@frettabladid.is




**MATUR & NÆRING** GUÐRÚN E. GUÐMUNDSDÓTTIR MATVÆLAFRÆÐINGUR

## Átröskun af ýmsum toga

Átröskun er alvarlegur geðsjúkdómur, sem leggst fyrst og fremst á ungar konur, en talið er að einn af hverjum tíu einstaklingum með átröskun séu karlkyns. Átraskanir eru af ýmsum toga svo sem lystarstol (anorexia nervosa), lotugræðgi (bulimia nervosa) og sjúklegt ofát (binge eating), sem almenningur þekkir einna helst, en önnur form átraskana eins og jórtur, uppköst án lotuáts og ýmiss konar losunarhegðun í tengslum við mat eru einnig vel þekkt.

Það sem er sameiginlegt einkenni allra þessara margvíslegu mynda átröskunar er léleg sjálfsmynd og ranghugmyndir um mikilvægi þess að hafa ákveðinn líkamsvöxt eða vera í ákveðinni líkamsþyngd. Þessar hugmyndir valda truflunum á viðhorfi til matar og hreyfingar auk annarra þátta í lífinu. Mikilvægi matar og hreyfingar verða seint ofmetin til að viðhalda heilbrigði. Matur er ekki aðeins lífsnauðsynlegur sem orka og byggingarefni líkamans heldur er hann einnig stór þáttur í lífsgæðum okkar. Matur tengist menningu okkar, félagslegum samskiptum og okkur líður vel þegar við njótum góðra veitinga. Átröskun veldur ekki aðeins líkamlegum skaða heldur rýrir þannig lífsgæði þeirra sem hafa hana. Þeir, sem geta ekki notið matar, einangrast mjög oft því félagslegum samskiptum fylgir yfirleitt eitthvað matarkyns. Átröskun leiðir einnig oft til kvíða, þunglyndis og þráhyggju í tengslum við mat. Þessi átröskunareinkenni geta einnig smitast yfir á aðra þætti í lífinu auk þess að önnur geðeinkenni geta komið fram sem draga úr getu okkar til að njóta lífsins.

Meðferð átröskunar er langvinnt og margþætt ferli þar sem unnið er heildrænt með félagslega, sálræna og líkamlega þætti sem hafa laskast í átröskuninni. Þar sem matur og næring er stór þáttur í lífi hvers og eins er fræðsla um mat og næringu nauðsynlegur þáttur gegn átröskun. Í næringarmeðferð er unnið að því að fá einstaklinginn til að borða venjulegan mat, eðlilegar skammtastærðir með máltíðamynstri sem tryggir bestu líkamlegu líðan.



Einnig er mikilvægt að hver og einn fræðist um mat og áhrif næringar á líkamann þannig að hann geti tekið upplýstar ákvarðanir hvað varðar tengsl milli matar, hreyfingar og heilbrigðis.

Flestir, sem fá átröskun, ná algjörum bata þ.e. viðkomandi nær sér fullkomlega og þarf ekki að varast átröskunina frekar en við hin sem ekki höfum kynnst átröskunum af eigin raun. Átröskunarmeðferð hefur það að markmiði að bati sé eðlilegt og heilbrigt lífsmynstur einstaklingsins, bæði hvað varðar líkama og sál.

# Þú ferð ríkari héðan!

Engin býður meiri gæði á lægra verði – kynntu þér málið.



SUMAROPNUN: Virka daga frá kl. 11-19, fimmtudaga frá kl. 11-21, laugardaga frá kl.11-18 og sunnudaga frá kl. 13-18

## SETTU ÞAÐ SAMAN HTH



202.048,-
Hvít háglans/4000

NÝTT 2007

ORMSSON LÁN: Mánaðarleg jöfn afborgun í 48 mánuði : Kr. 5.858.-

## GLÆSILEGAR INNRÉTTINGAR Á VÆGU VERÐI



Frítt teikniforrit á www.gds-hth.dk og þú hannar þitt draumaeldhúsið auðveldlega.

**SMÁRALIND · Sími 530 2907 / 530 2908**

## HTH gæðin kosta minna ef *þú setur það saman ...*

**Af hverju að borga meira?**
HTH er leiðandi í framleiðslu innréttinga á Norðurlöndum og býður besta verð sem völ er á fyrir þá sem vilja sjálfir taka þátt í uppsetningu á eigin eldhúsi. Gerðu verðsamanburð og þú munt komast að því að Settu það saman línan frá HTH kostar minna en sambærilegar innréttingar á markaðinum.

**Vönduð framleiðsla og þitt öryggi.**
HTH er viðurkennt og þekkt víða um heim fyrir framúrskarandi framleiðslu. Þú getur treyst því að reynsla og metnaður HTH skilar sér beint í ódýru línuna – ætluð þeim sem vilja mikið fyrir lítið. Vandaður frágangur og smekklegt úrval fylgihluta eru helstu einkenni Settu það saman línunnar frá HTH.

**Einfalt og þægilegt.**
Fagleg útsjónarsemi og markviss hönnun fagmanna HTH er lykillinn að þessum glæsilegu innréttingum. Settu það saman er kerfi sem auðvelt er að raða saman og fella að hvaða plássi sem er – og að þeim kröfum sem gerðar eru til geymslurýmis í eldhúsinu.

**Stíllinn og áferðin skipta sköpum.**
Í Settu það saman kerfinu eru 11 mismunandi litir, áferðir og efni á skúffum og skápahurðum einnig er mikið úrval af höldum. Gegnheilar hillur úr beyki og mahogni bjóða upp á skemmtilega möguleika – einfalt, stílhreint og nútímalegt.

***Líttu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.***

## ÞEGAR VANDA SKAL VALIÐ HLÝTUR SAMSUNG AÐ KOMA UPP Í HUGANN

Innbyggður stafrænn
DVB-T sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 7000:1
Birta: 500 cd/m2
Sjónsvið: 178°/178°
HDMI x 2, Component,
SCART x 2,
PC (D-sub) og S-video

LCD

Samsung LE26S86BDX
**26" LCD sjónvarpstæki**
**Verð : 99.900,-**

Samsung LE32S86BDX
**32" LCD sjónvarpstæki**
**Verð : 119.900,-**

Samsung LE37S86BDX
**37" LCD sjónvarpstæki**
**Verð : 179.900,-**

Samsung LE40S86BDX
**40" LCD sjónvarpstæki**
**Verð : 199.900,-**





PLASMA
Innbyggður stafrænn
DVB-T sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1024 x 768 (42")
1366 x 768 (50")
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Contrast: 15000:1
HDMI x 3, Component,
SCART x 2,
PC (D-sub) og S-video

Samsung PS42Q96BDX
**42" Plasma sjónvarpstæki**
**Verð : 239.900,-**

Samsung PS50Q96BDX
**50" Plasma sjónvarpstæki**
**Verð : 319.900,-**

ORMSSON LÁN 48 MÁNAÐA
ÁN KREDITKORTS

## AEG ELDHÚSPAKKINN



AEG Competence
Ofn og helluborð
B-4101-4-M (ofn)
6000K-MN (helluborð)

**EINSTAKT TILBOÐSVERÐ: 99.900 kr.**



AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI
AEG uppþvottavél
50862U-W hvít
Íslenskt stjórnborð
5 kerfi · Mjög hljóðlát

**EINSTAKT TILBOÐSVERÐ: 69.900 kr.**



AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI
AEG þvottavél
LAVAMAT 64810
Íslenskt stjórnborð
6 kg · 1400 sn/mín

**EINSTAKT TILBOÐSVERÐ: 79.900 kr.**

Nú er rétti tíminn fyrir þig
að gera góð kaup á ÚRVALS merkjum.
Gríptu tækifærið!
Velkomin í óvenjulega verslun!

ORMSSON
Lokað á laugardögum
ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160

ORMSSON
Lokað á laugardögum
AKUREYRI · Sími 461 5003

ORMSSON
SMÁRALIND · Sími 530 2900

www.ormsson.is



**Vefurinn: Last.fm**

Last.fm er útvarpsstöð á netinu sem sníður tónlistina að þínum smekk. Hver og einn getur búið til eigin útvarpsstöð með sínum uppáhaldshljómsveitum.
**www.last.fm**

# tækni&vísindi

tækni@frettabladid.is

**SKÝRING:** RUSLPÓSTVARNIR Á NETINU

# *Forritum meinaður aðgangur með manneskjuprófi*

Þegar maður skrifar ummæli á bloggsíðu, skráir sig inn á spjallborð eða gerir ýmislegt annað á internetinu þarf nú oftar en ekki að slá inn stafi sem birtast brenglaðir og illskiljanlegir á mynd. Þetta er próf sem á að sýna fram á að manneskja sitji við tölvuna.

**Til hvers eru þessi próf?**
Eftir því sem internetið vex fjölgar þeim sem reyna að nota það til að auglýsa hvers kyns vörur og þjónustu á stöðum sem ekki eru ætlaðir til þess. Ummæli á bloggsíðum og umræðuþræðir á spjallborðum eru dæmi um slíka staði. Með hjálp forrita geta sendendur ruslpósts og auglýsinga birt þúsundir óumbeðinna auglýsinga á mínútu um allt internetið. Til þess að koma í veg fyrir að þessi forrit geti eyðilagt heilu síðurnar með auglýsingum kom upp sú hugmynd að láta




gesti ýmissa síða taka próf, sem aðeins manneskjur eiga að geta leyst.

**Hvers verða prófin alltaf erfiðari?**
Upphaflega var nóg að slá inn nokkra bókstafi sem birtust á ljósmynd, því forrit gátu þá ekki greint bókstafi á ljósmynd nægilega vel. Það entist ekki lengi, og þá voru bókstafirnir brenglaðir örlítið til að gera forritum erfiðara fyrir. Nú er algengt að sjá fjóra til fimm stafi, suma á hvolfi eða á hlið, á dökkum eða lituðum bakgrunni með línur og hringi hér og þar á myndinni. Prófin eru orðin svo erfið að raunverulegt mannfólk á erfitt með að standast þau.

**Hvaða aðrar leiðir eru til?**
Þegar ljóst var að bókstafaaðferðin myndi enda með ósköpum komu aðrar og nýstárlegar aðferðir fram á sjónarsviðið. Ein þeirra er að birta nokkrar myndir af gæludýrum og biðja notandann um að velja eingöngu þær myndir sem eru af köttum. Önnur er að leggja saman tvær tölur sem skrifaðar eru með bókstöfum. Húmoristar hafa gengið lengra og hannað próf þar sem notandinn fær gefna skákstöðu á ljósmynd og er beðinn að klára skákina þannig að hvítur vinni í þremur leikjum.

**TÆKNIHEIMURINN**

**Uppskeruhátíð tölvuleikjaframleiðenda**



Einn stærsti viðburður ársins í tölvuleikjaheiminum, E3-sýningin, hófst í Kaliforníu í gær. Allir helstu tölvuleikjaframleiðendur koma þar saman til að kynna nýjustu leikina sína. Sýningin er mun minni í sniðum en áður og hafa aðeins þeir sem starfa í bransanum fengið boðsmiða í ár. Grand Theft Auto IV og Halo 3 eru meðal þeirra leikja sem kynntir verða.

**PlayStation 3 lækkar í verði**

Sony hefur lækkað verðið á PlayStation 3 leikjatölvunni um sex þúsund krónur í Bandaríkjunum. Þar kostar hún nú 500 dollara, um 30 þúsund krónur. Ólafur Þór Jóelsson, vörustjóri tölvuleikja hjá Senu, segir þessa lækkun aðeins gilda í Bandaríkjunum, en tilkynningar um verðlækkun Sony í Evrópu er að vænta í dag.

Virða fyrsta lögmál varmafræðinnar að vettugi:

# Írar lofa orku úr engu

Talsmenn írska fyrirtækisins Steorn segjast hafa fundið upp tæki sem gefur frá sér meiri orku en það notar. Mikil leynd hefur hvílt yfir tækinu, sem nefnist Orbo, síðan það var kynnt í fyrra.



SEAN MCCARTHY

Halda átti kynningu núna í byrjun júlí, en af óviðráðanlegum orsökum þurfti fyrirtækið að hætta við hana. Enn hafa engir vísindamenn fengið að sannreyna fullyrðingar talsmanna fyrirtækisins.

Sean McCarthy, forstjóri Steorn, segir tækið snúa öflugum rafseglum í kringum hverja aðra til þess að framleiða meiri orku en fer í að snúa seglunum. Þannig verði til orka úr engu. Þetta kemur fram á fréttavef BBC.

Fyrsta lögmál varmafræðinnar segir að orka geti aðeins breyst úr einu formi í annað, til dæmis úr stöðuorku í hreyfiorku, en hvorki sé hægt að búa hana til né eyða henni. Ef í ljós kemur að þetta lögmál heldur ekki alltaf er grunnurinn að tækniþróun mannkynsins hruninn eins og hann leggur sig. Sem betur fer hefur það aldrei nokkurn tímann í sögu vísindanna brugðist.

McCarthy segir fyrsta lögmál varmafræðinnar líkara trúarkenningu en lögmáli. Hann sé staðráðinn í að brjóta það fyrstur allra. **- sþs**



**VIÐ TÖLVURNAR** Smári starfar við vefsíðugerð í Vestmannaeyjum í sumar, en lærir stærðfræði í Háskóla Íslands á veturna. Hann er einn tuttugu og tveggja stjórnenda á íslensku Wikipedia-síðunni. MYND/JÓHANN INGI ÁRNASON

# Riddarar mannlegrar þekkingar

**Á íslensku Wikipedia-síðunni má finna upplýsingar um allt mögulegt og ómögulegt. Yfir sextán þúsund greinar hafa verið skrifaðar á síðuna síðan hún var opnuð árið 2003. Tuttugu og tveir stjórnendur í sjálfboðavinnu sjá um að skrifa greinar og lagfæra þær sem fyrir eru.**

Smári McCarthy, tuttugu og þriggja ára stærðfræðinemi, er einn þeirra sem halda um stjórnartaumana á íslensku útgáfu Wikipedia-síðunnar. Hann segir starfið að mestu leyti felast í að halda ákveðnum gæðastaðli í greinum og umfjöllunum, og lagfæra hvers kyns skemmdarverk eða staðreyndavillur. Stjórnendur sjái einnig um að skrifa greinar og bæta við þær sem fyrir eru.

Fyrir þá sem ekki vita er Wikipedia ókeypis alfræðirit á netinu sem allir geta skrifað í og lagfært. Enska útgáfan var sett á netið árið 2001 og er í dag ein vinsælasta síðan á internetinu.

„Þetta er allt saman unnið í sjálfboðavinnu, fólk skrifar eftir því sem það hefur áhuga og tíma til. Flestir gera þetta af því að þeir hafa gaman af því að miðla upplýsingum og koma þeim á framfæri," segir Smári. „Markmið Wikipedia er háleitt: Að reyna að gera öllum íbúum jarðar kleift að fá sameiginlegar upplýsingar mannkyns á sínu eigin tungumáli."

Smári segir íslenska hluta Wikipedia hafa vaxið ört á undanförnum árum. Lengi vel var markmiðið að ná tíu þúsund greinum en nú eru þær yfir sextán þúsund talsins. Nú er aðalmarkmiðið að fjölga svokölluðum gæða- og úrvalsgreinum, en það eru greinar sem uppfylla ákveðin skilyrði um hlutleysi, nákvæmni og framsetningu, segir hann.

„Þótt fólk sé misduglegt að skrifa á síðuna skipta allir máli sem koma að henni. Ég hvet alla til að taka þátt í þessu verkefni, að reyna að koma allri mannlegri þekkingu á framfæri á íslensku."

Síðuna má finna á slóðinni www.is.wikipedia.org. **salvar@frettabladid.is**

## HEILMIKIÐ UM EKKI NEITT



**Ekkert samhengi er milli þess hve merkilegt umfjöllunarefnið á Wikipedia er og hversu mikið finnst þar skrifað um það. Hér eru nokkrar síður valdar af handahófi:**

**Enska Wikipedia:**

- Ellefu blaðsíðna ítarleg greining á **Transformers**-þættinum **„Five Faces of Darkness"** sem sýndur var í bandarísku sjónvarpi í september 1986.
- Tuttugu og fimm blaðsíðna umfjöllun um tölvuleikinn **Final Fantasy VII**, sem kom út árið 1997.
- Átta blaðsíðna greining á **Bulbasaur**, einu af tæplega fimm hundruð Pokémon-dýrum.

**Íslenska Wikipedia:**

- Stutt umfjöllun um **Tónakvartettinn** og **Grettir Björnsson**, 45 snúninga plötu sem kom út árið 1969.
- Grein um **Hep Stars**, sænska popphljómsveit sem var stofnuð árið 1963 af þeim Lennart Hegland og Christer Pettersson.
- Umfjöllun um **Heiðu í Ölpunum**, japanskar teiknimyndir sem sýndar voru í íslensku sjónvarpi.





ATHUGIÐ!
RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 48 MÁNAÐA
NÝ KYNSLÓÐ
• SANTA ROSA TÆKNI
• LENGRI RAFHLÖÐUENDING
• DIRECT X10 SKJÁKORT
• LANGDRÆGARA NET
• DOLBY HLJÓÐKERFI
Ferðatölvur í miklu úrvali • Enginn afgreiðslufrestur
acer
ACER 7720G
• Intel Core 2 Duo T7300 2.0GHz
• 2GB DDR2 667MHz minni
• 320GB SATA 5400RPM diskur
• 8xDVD SuperMulti DL skrifari
• 17" WXGA+ CrystalBrite skjár
• 256MB ATI HD X2300 skjákort
• 0.3MP innbyggð vefmyndavél
• Windows VISTA Home Premium
Intel Santa Rosa tækni með 300Mbps Draft-N þráðlausu neti, FireWire, BlueTooth, DVI og 2.1 Dolby hljóðkerfi
159.900
VE48 4.988 Á MÁN | VE lán í 48 mánuði
ACER 5920G
• Intel Core 2 Duo T7300 2.0GHz
• 2GB DDR2 667MHz minni
• 160GB SATA 5400RPM diskur
• 8xDVD SuperMulti DL skrifari
• 15.4" WXGA+ CrystalBrite skjár
• 256MB Geforce 8600GT skjákort
• 0.3MP innbyggð vefmyndavél
• Windows VISTA Home Premium
Intel Santa Rosa tækni með 300Mbps Draft-N þráðlausu neti, FireWire, BlueTooth, HDMI og 2.1 Dolby hljóðkerfi
159.900
VE36 6.146 Á MÁN | VE lán í 36 mánuði
ACER 5720G B
• Intel Core 2 Duo T7100 1.8GHz
• 2GB DDR2 667MHz minni
• 160GB SATA 5400RPM diskur
• 8xDVD SuperMulti DL skrifari
• 15.4" WXGA+ CrystalBrite skjár
• 256MB ATI HD X2300 skjákort
• 0.3MP innbyggð vefmyndavél
• Windows VISTA Home Premium
Intel Santa Rosa tækni með 54Mbps þráðlausu neti, FireWire, DVI HDCP, og 2.0 Dolby Home Theatre hljóðkerfi
139.900
VE24 7.435 Á MÁN | VE lán í 24 mánuði
ACER 5720G
• Intel Core 2 Duo T5250 1.5GHz
• 1GB DDR2 667MHz minni
• 160GB SATA 5400RPM diskur
• 8xDVD SuperMulti DL skrifari
• 15.4" WXGA+ CrystalBrite skjár
• 128MB ATI HD X2300 skjákort
• 0.3MP innbyggð vefmyndavél
• Windows VISTA Home Premium
Intel Santa Rosa tækni með 54Mbps þráðlausu neti, FireWire, DVI HDCP, og 2.0 Dolby Home Theatre hljóðkerfi
119.900
VE12 11.618 Á MÁN | VE lán í 12 mánuði
Birt með fyrirvara um breytingar og villur
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðast við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu.
TÖLVUTEK
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Borgin bregst við uppgangi máva.

## Hungraðir fuglar

KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR SKRIFAR

Mikill uppgangur máva hefur verið í höfuðborginni og víðar um landið þetta sumar og árið í fyrra. Sést hefur til þeirra á ótrúlegustu stöðum, jafnvel uppi við Heklu þar sem mikið er af ormi í mosanum. Má rekja ferðir þeirra til þess að lítið er af sandsíli í sjónum sem er helsta fæða mávanna sem að öllu jöfnu halda sig niðri við sjóinn, enda er mávurinn strandfugl. Það er ekki í eðli mávsins að leita svona langt inn til landsins en hann er snjöll skepna og deyr ekki úrræðalaus þótt fæðuna þrjóti við hafið. Borgaryfirvöld hafa með misgóðum árangri reynt að bregðast við þessu og hafa til að mynda aðferðir Gísla Marteins, sem gengu út á að svæfa mávana og snúa þá úr hálsliðnum í hreiðrum þeirra, farið misvel í fólk.

Á næstu dögum mun Umhverfissvið Reykjavíkur hengja upp veggspjöld á ýmsum opinberum stöðum í Reykjavík með skilaboðum um hvernig beina megi fuglinum frá borginni. Fólk á að gefa öndunum minna af brauði við Tjörnina í júlí á meðan andarungarnir eru að komast á legg, og ganga betur um borgina með því að henda ekki matarleifum á göturnar, sem varla ætti að þurfa að segja fólki. Þar að auki er löngu orðið tímabært að taka alveg fyrir það að gefa öndunum brauð enda eru það leifar gamalla tíma þegar lítið var um afþreyingu í boði fyrir fjölskyldufólk.

Mávar finnast víðar í borgum en í henni Reykjavík og hafa fleiri tekist á við mávana. Í borginni Gloucester á Englandi hafa mávarnir verið að hrella fólk í nokkur ár og helst kvartar það undan hávaða frá þeim. Þar á bæ eru menn orðnir sérfræðingar í að takast á við vandann. Borgarráðið í Gloucester hefur síðustu þrjú árin látið hella sérstakri olíu yfir eggin að vori sem drepur þau án þess að mávarnir átti sig á því, eða sett gerviegg í hreiðrin. Fyrir vikið sitja þeir lengur á eggjunum og eru rólegri og hávaðinn í þeim því minni. Þetta eru nokkuð saklausar aðferðir sem ætti að vera auðvelt að leika eftir.

Annað sem er þó mun alvarlegra en hávaðasamir og frekir mávar er hrun sandsílastofnsins, sem er talið stafa af loftslagsbreytingum sem hita sjóinn. Vistfræðingar hafa nú af því miklar áhyggjur að lundastofninn hrynji af þeim sökum þar sem hann nærist aðallega á sandsílum og sá smáfiskur sem hafið hefur upp á að bjóða nægi ekki til að metta lundann. Einnig hefur kríustofninn orðið fyrir áfalli vegna skorts á sandsíli.

Þegar upp er staðið eru það sandsílin sem menn ættu að hafa þyngstu áhyggjurnar af. Ef fer sem horfir verður þetta vandamál næstu árin og því nokkuð ljóst að mávarnir munu hrella okkur næsta sumar líka. Því er ráð að hugsa fyrir varanlegri lausn á mávavandanum og vera vel undirbúin næsta vor þegar þeir koma til landsins til að verpa.

Átak Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar ætti að skila einhverjum árangri það sem eftir er sumars. Í það minnsta mun það auka á hreinlæti borgarinnar. Við megum þakka mávunum fyrir að vekja okkur til vitundar um umgengni okkar um borgina, þótt okkur líki ekki umgengni þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Til varnar lífsgleði

„Við lifum í ofstjórnunarsamfélagi. Það má ekkert í þessu landi!" hrópar iðnaðarráðherra Össur Skarphéðinsson í nýjustu bloggfærslu sinni. Í færslunni skammar hann hið opinbera fyrir að setja reglur um hversu mörg borð veitingastaðir mega setja út á gangstétt í sólinni. „Af ákaflega skammri veru í ríkisstjórninni hallast ég eindregið að því að stjórnvöld hafi töluvert margt þarfara við fjármuni skattborgaranna að gera en senda umboðsmenn sína út á götur til að spilla lífsgleði friðsamra borgara um hábjartan dag," bætir Össur við. Þurfti Össur að setjast í ríkisstjórn til að hallast að því?



### Þögn=Samþykki

Margir hafa lýst yfir undrun sinni á sýknudómi Héraðsdóms Reykjavíkur í nauðgunarmálinu á Hótel Sögu. Taldi Héraðsdómur að konan hefði ekki látið skýrt vita að hún vildi ekki atlot ákærða, þar sem hún sagði honum það ekki upphátt. Gárungar hafa tekið sig til og hengt miða á ljósastaura í miðbænum sem á stendur: „Nauðgarar athugið! Þögn er sama og samþykki. Kveðja, Héraðsdómur Reykjavíkur."



### Leyst úr læðingi

Vefþjóðviljinn fagnar frumkvæði forseta Íslands, sem gerðist brotlegur við lög þegar hann spennti ekki bílbeltin í viðtali við fréttamenn í aftursæti spánnýs forsetabíls. Hvetur ritstjórn síðunnar hann til að beita sér fyrir því að lög um notkun bílbelta verði afnumin. Þjóðráð. Allt of lengi hafa þessi lög verndað Íslendinga fyrir slysum og þvingað foreldra til að spenna börnin sín í belti. Hvar er frelsið?

steindor@frettabladid.is

# Þrefaldur skaði



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Sagan varðar veginn

Fólk er ólíkt að upplagi, það blasir við. Um hitt geta menn deilt, hvort þjóðir eru einnig ólíkar að eðlisfari. Sumir hallast að þeirri skoðun, að skyldar þjóðir hljóti allar að vera eins inn við beinið samkvæmt einfaldri meðaltalsreglu. Aðrir telja sig geta greint tiltekin einkenni, sem greina eina þjóð frá annarri – nízkir Skotar, glaðir Danir, drykkfelldir Rússar og þannig áfram. En þá er að vísu ekki alltaf ljóst, hvort átt er við ólíka siði eða ólíkt lundarfar. Látum það vera að sinni.

**Minni þjóða**

Trygve Brattelie, forsætisráðherra Noregs, lýsir því í sjálfsævisögu sinni Nótt í Niflheimi (1983), hversu Norðmenn og Rússar brugðust ólíkt við pyndingum, sem þeir máttu sæta í fangabúðum nasista á stríðsárunum. Brattelie sætti sjálfur hrottalegri meðferð; átakanleg lýsing hans er frásögn sjónarvotts. Rússarnir grétu hástöfum undan sársaukanum, en þeir tóku gleði sína jafnharðan og pyndingunum lauk eins og ekkert hefði í skorizt. Norðmennirnir bitu á jaxlinn og létu á litlu bera eftir því sem hægt var, en þeir voru lengi á eftir að jafna sig, mjög lengi. Þessi munur bendir kannski til þess, að Rússar séu fljótir að gleyma, eða að minnsta kosti fljótir að gleyma sársauka, og Norðmenn séu langminnugri. Sé svo, skýrist sumt af því, sem hefur skilið Noreg og Rússland að í aldanna rás. Kannski voru Rússar svo þjáðir í þúsund ár, að þeir urðu að kunna að gleyma.

Norðmenn láta sér ólíkt Rússum annt um að gera upp við fortíðina, svo að þeir megi sem mest af henni læra. Norsk yfirvöld leiddu landráðamenn fyrir rétt eftir heimsstyrjöldina síðari og tóku suma þeirra af lífi með dómi og lögum. Yfirvöldin hafa með líku lagi lyft lokinu af ólöglegum símahlerunum á fyrri tíð og beðið fórnarlömbin afsökunar. Norðmenn líta svo á, að saga landsins þurfi að vera rétt skráð, svo að hún geti varðað veginn inn í framtíðina. Rússar fara öðruvísi að. Þeir syngja nú aftur þjóðsönginn, sem Stalín færði þeim á sinni tíð blóðugur upp að öxlum. Rússar hafa ekki lært meira af fortíðinni en svo, að þeir fylkja sér nú að baki Pútíns forseta, sem var áður hátt settur yfirmaður í leynilögreglunni illræmdu KGB og nær allir hans menn. Lýðræði þarna austur frá er á undanhaldi. Blaðamenn og aðrir, sem gagnrýna ríkisstjórn Pútíns og spillingu, stráfalla fyrir leigumorðingjum, og lögreglan ber það ekki við að rannsaka morðin, sautján talsins í valdatíð Pútíns. Fjölmiðlarnir eru margir undir hæl forsetans og manna hans líkt og dómstólarnir. Sumir telja, að Pútín ætli sér að stjórna landinu áfram með harðri hendi eftir að síðara kjörtímabili hans lýkur 2008 með því að skipa sjálfan sig forstjóra Gazprom, ríkisorkufyrirtækisins, sem heldur um alla þræði þjóðlífsins þarna fyrir austan, þar á meðal fjölmiðla. Það ræðst innan tíðar.

**Vitnisburðir um misferli**

Íslendingum er ekki mjög um það gefið að halda nýliðinni sögu sinni til haga. Margir vitnisburðir um ólag og jafnvel lögbrot í ríkisbankakerfinu á fyrri tíð liggja fyrir, en þeir hafa þó ekki komið til kasta yfirvalda, enda báru allir stjórnmálaflokkarnir ábyrgð á bankakerfinu í ýmsum hlutföllum. Blaðamenn hafa aldrei sýnt málinu neinn umtalsverðan áhuga og ekki heldur lögreglan. Flestir stjórnmálamenn halda áfram að þræta fyrir misgerðirnar og sjá ekkert athugavert við bankakerfi, sem féfletti fólkið í landinu miskunnarlaust um margra áratuga skeið. Þeir létu þó að endingu til leiðast að koma bönkunum í einkaeigu með hliðarskilyrðum. Þessa sögu þarf að hafa í huga nú, þegar æ fleiri vitnisburðir um brottkast og annað misferli í fiskveiðum hrannast upp, nú síðast í úttekt Agnesar Bragadóttur blaðamanns í Morgunblaðinu 4. júlí. Ástandið í útvegsmálunum er nú að því leyti líkt og það hefur verið í bankamálunum, að margir vita um misferlið, þótt fáir vilji við það kannast. Yfirvöldin halda áfram að þræta og reyna að þagga málið niður.

Stjórnvöld hefðu þurft að kannast betur við ástand bankamálanna á fyrri tíð og gera viðeigandi ráðstafanir til lagfæringar að lögum. Þá hefði sagan getað vísað veginn. Þá hefðu þeir, sem virðast hafa gert sig seka um brottkast og kvótasvindl, hugsað sig tvisvar um, áður en þeir ákváðu vitandi vits að svíkjast aftan að þjóðinni með því að veiða langt umfram lögboðinn kvóta. Fyrst var útvegsmönnum afhentur kvótinn, sem átti þó samkvæmt lögum að heita sameign þjóðarinnar. Þeir virðast sumir hafa þakkað fyrir sig með því að veiða langt umfram kvóta, sumir segja tugþúsundir tonna samtals á hverju ári. Úr því fæst vonandi skorið fyrir rétti. Og nú þegar þorskveiðar eru skornar niður um þriðjung til að forðast hrun, verður skattgreiðendum – mér og þér! – gert að bæta fórnarlömbum veiðiþjófanna skaðann. Þetta er þrefaldur þjófnaður. Alþingi ber ábyrgðina.

# Er uppbygging ökunáms röng?

**UMRÆÐAN**

Ökunám



KOLBRÚN BALDURSDÓTTIR

Hvort röng uppbygging ökunáms sé orsök glannaakstursunglinga er sjónarmið sem fleygt var fram í grein sem nýlega birtist í Fréttablaðinu. Sú hugsun var jafnframt sett fram að kostur fylgir að lækka ökuleyfisaldurinn því þá séu börnin ekki eins mótuð og taki því betur leiðbeiningum.

Það kann að vera að margt megi betur fara í uppbyggingu og skipulagi ökunáms hér á Íslandi. Uppbygging ökunáms er ólík eftir löndum. Eins og fram kom í umræddri grein þá fá ungmenni í sumum ríkjum Bandaríkjanna ökuprófið fyrr en tíðkast hér á landi en þurfa að uppfylla ákveðin grundvallarskilyrði til þess að geta fengið full réttindi.

Tilfinning mín er sú að umferðaröryggi á Íslandi standist illa samanburð við nágrannaþjóðir okkar. Vissulega má finna svæði þar sem umferðarmenning er vafasöm. Við akstur á erlendri grund minnist ég þess ekki að hafa upplifað tillitsleysi eða hættuástand. Slík reynsla er hins vegar ekki óalgeng hér á landi.

Þótt eitthvað ákveðið ökunámskerfi hafi reynst vel úti í heimi er ekki þar með sagt að það reynist árangursríkt hér á landi. Einstök atriði sem gefið hafa góða raun annars staðar mætti skoða með það fyrir augum að taka upp í einhverri mynd. Sem dæmi nefnir greinarhöfundur að ungum ökumönnum leyfist ekki að hafa jafnaldra sína í bílnum aðra en fjölskyldumeðlimi fyrr en þeir hafa náð 21 árs aldri. Vandinn við þetta er sá að erfitt gæti reynst að framfylgja svona reglu.

Ofsaakstur er ekki ökunáminu um að kenna eða uppbyggingu þess. Vandinn felst fyrst og fremst í viðhorfi ákveðins hóps ökumanna til annarra vegfarenda, skorti á virðingu, aga og dómgreindarleysi.

Með það í huga að hegðun þessara ökumanna í umferðinni er hættuleg sjálfum þeim og öðrum og þá staðreynd að 17 ára ungmenni eiga talsvert í land með að ná fullum tilfinninga- og félagsþroska væri til bóta að hækka lágmarksaldur til ökuleyfis í 18 ár þegar einstaklingurinn verður jafnframt sjálfráða.

*Höfundur er sálfræðingur.*

# Skart sem skilaði sigri

***Hrafnhildur Kristjánsdóttir sigraði í hönnunarsamkeppni í Barcelona.***

Hrafnhildur Kristjánsdóttir hefur verið við nám í skartgripahönnun við Escola Massana í Barcelona á Spáni síðastliðin þrjú ár. Fyrir skemmstu tók hún þátt í nemendasamkeppni á vegum listamannasamtakanna Artesania de Catalonia, og stóð uppi sem sigurvegari.

„Þetta var keppni um flottustu næluna og ég ákvað að skila inn litlu gylltu laufblaði,“ segir Hrafnhildur og bætir því við að hún hafi valið laufblað, vegna þeirra mismunandi merkinga sem það búi yfir í ólíku menningarsamfélögum. Sums staðar tákni það lífið, en annars staðar eitthvað allt annað.

„Þegar ég valdi þetta form, vildi ég líka að það hæfði tilefninu,“ bendir Hrafnhildur jafnframt á. „Þar sem nælan kemur til með að fara í framleiðslu og verður gefin katalónskum handverksmönnum, sem eiga sæti í Artesania de Catalonia, í heiðursverðlaun.“ Mun Hrafnhildur sjálf annast framleiðsluna, enda sýnt og sannað hvað í henni býr.



Silfurlituð útgáfa af laufblaðinu sem lenti í fyrsta sæti.



Hrafnhildur Kristjánsdóttir sigraði í skartgripakeppni í Barcelona.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON

Hrafnhildur viðurkennir að sigurinn hafi komið henni svolítið í opna skjöldu, en hún var stödd hérlendis þegar fréttirnar bárust. „Ég fékk SMS-skeyti sent frá einum kennaranum mínum. Þar stóð bara „Þú vannst!“ og ekki söguna meir,“ segir Hrafnhildur hlæjandi og viðurkennir að hafa talið að um grín væri að ræða. Þegar raunveruleikinn rann upp fyrir henni varð hún himinlifandi.

Hrafnhildur segir að sigurinn hafi svo sannarlega aukið sjálfstraustið á svið skartgripahönnunar. Hún sjái alls ekki eftir að hafa innritast í námið, sem hún útskrifast úr í febrúar, og hyggst láta til sín taka í Barcelona, þar sem hún áætlar að búa næstu árin.

*roald@frettabladid.is*





ENN MEIRI LÆKKUN



ALLAR VÖRUR MEÐ
50-70% AFSLÆTTI
evans.
SMÁRALIND OG KRINGLUNNI

20-80% afsláttur

ÚTSALAN
HEFST Í DAG KL. 10, OPIÐ TIL KL. 20 Í KVÖLD



20% afsláttur af nýjum vörum 12. til 21. júlí
Nýtt kortatímabil
Vaxtalausar raðgreiðslur til og með laugardagsins 14. júlí
Frí heimkeyrsla í dag

UNIKA
Fákafeni 9 Sími: 568 6700
mán-fös. 10-18 og laug. 11-16
www.unika.is



**Opnir sandalar** eru kærkomnir í blíðunni sem leikur um landið um þessar mundir, hvort heldur í vinnuna eða í garðbrúðkaup einhvern laugardaginn í sumar.

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar




SÚKKULAÐIVAX HAFRAVAX SÚKKULAÐISTRIMLAR FYRIR ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. *Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta*
ÚTSÖLUSTAÐIR: Árbæjarapótek, Fjarðakaup og Lyfjaval

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics

NÝTT!!
Plokkari með ljósi






SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR



Skart
sem tekið er eftir
Drangey
Smáralind, sími 5288800, www.drangey.is






Fötin eftir Armani þóttu klæðileg og falleg.



Silfurlitt sköpunarverk Elie Saab.



Glæsilegir kjólar Elie Saab munu án efa sjást á rauða dreglinum á næstunni.

# Stefnt inn á miðju

***Mikið var um dýrðir á tískuvikunni í París.***

Ekkert tískuhús skar sig sérstaklega úr í nýliðnum hátískusýningum í París þar sem sýnd var haust- og vetrartíska 2007 til 2008.

Giorgio Armani var ekki eins íburðarmikill og menn áttu von á. Silfurlitir síðkjólarnir prýddir demöntum þykja þó líklegir til vinsælda hjá stjórstjörnum og fyrirmennum.

Meira að segja Jean-Paul Gaultier var ekki eins litríkur og hástemmdur og hans er von og vísa. Hann byggði hátískulínu sína að þessu sinni á ævintýraprinsum. Útsaumað leður, reiðbuxur, mittislindar, rifnir satínkjólar og siffonskyrtur voru áberandi.

Fransk-líbanski hönnuðurinn Elie Saab fékk hugmyndir sínar af hvíta tjaldinu. Mikið bar á kjólum með einum skásettum hlýra sem minnti á gömlu kvikmyndagyðjurnar. Að öllum líkindum verða kjólar Saab vinsælir hjá kvikmyndastjörnum á rauða dreglinum á næstunni.

Chanel dregur alltaf að mikinn fjölda áhorfenda á tískuvikum. Sýningin var haldin undir beru lofti og lét fólk ekki rigninguna í París á sig fá. Karl Lagerfeld klæddi fyrirsætur sínar í fjaðrir og húfur sem mest líktust baðhettum frá sjötta áratugnum.

Christian Lacroix hélt upp á tuttugu ára hönnunarafmæli sitt með nýrri hátískulínu sem einkenndist af talsverðum íburði. *- sg*



Karl Lagerfeld sýndi tískulínu sína fyrir Chanel utandyra í rigningunni.



Stjörnur og fyrirmenni munu án efa flykkjast í búðir til að kaupa föt úr línu Armani fyrir haustið.



Breska fyrirsætan Lily Cole í íburðarmiklum kjól eftir hinn franska Christian Lacroix.

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Dior í sextíu ár, Lacroix í tuttugu

Hátískusýningum (Haute couture) fyrir haust og vetur 2007-8 lauk í París í síðustu viku. Tískusýningunum fylgdu að vanda ýmiss konar veislur og viðburðir svo sem Dom Pérignon-kvöldið þar sem kampavínsframleiðandinn kynnti nýja auglýsingaherferð þar sem Claudia Schiffer er mynduð af Karli Lagerfeld, sem tók reyndar þá áhættu eins og oft áður á miðju sumri að halda sýningu Chanel útivið í St. Cloud rétt fyrir utan París. En þar sem enn er hér ekkert sumar var úrhellisrigning sem skyggði á gleðina á meðan á sýningunni stóð þrátt fyrir að hún væri undir tjaldi því stólar VIP-gestanna voru blautir. Lagerfeld er samur við sig, hannar nútímalegar flíkur með útsaumi og slaufum en næstum enga síðkjóla, eins og hann segir sjálfur, „nútímalegt og nothæft með vísun í fortíð“. Eins og síðasta vetur heldur hann í leðurstígvélin sem ná upp á mið læri.

Christian Lacroix fagnaði tuttugu ára afmæli tískuhúss síns þó hann sé ekki eigandi þess. Tískuhúsið var í eigu LVMH (Louis Vuitton, Dior og fl.), stærstu lúxussamsteypu í heimi, en skilaði ekki nógu miklum hagnaði og var selt og er nú í eigu tveggja bandarískra viðskiptamanna. Hönnuðurinn er þó í fullu fjöri, á milli sýninga hannar hann nýjan búning Air France og innréttingar nýju TGV-hraðlestarinnar sem tengir París við Strassborg og Lúxemborg. Í tuttugu ár hafa kvenmyndir Lacroix lífgað upp á sýningarpalla Parísar. Kvenmyndir frá Arles, sígaunar líkt og Carmen, undir áhrifum nautabana og útsaums, suðrænar madonnur í svörtu taffta og sterkum litum.



Hátíska Lacroix fyrir veturinn 2007-2008.

60 ára afmæli tískuhúss Christians Dior var fagnað um leið og tíu ára hönnunarafmæli Johns Galliano. Hann er verðugur arftaki meistara New-look og hefur fjórfaldað veltu tískuhússins. Nokkrar „eftirlaunafyrirsætur“ sýndu af þessu tilefni, þær Linda Evangelista, Naomi Campbell og Helena Christensen enda ekki á hverjum degi sem býðst að taka þátt í tískusýningu í Versalahöll og sýna kjóla samboðna Marie Antoinette. Nicole Kidman, Charlize Theron, Sofia Coppola, Monica Belucci og Juliette Binoche voru meðal 2.500 boðsgesta. Af þessu tilefni hannaði Galliano 45 Haute couture-kjóla sem allir voru í anda einhvers af meisturum myndlistarinnar eins og Rubens, Rafaels, og Goyas, hver öðrum stórfenglegri. En raddir herma að í sýninguna hafi vantað líf og orku, engin nýsköpun í gangi og hún marki jafnvel upphafið að endalokum Galliano. Tíminn einn getur svarað því en sýning Diors var ólík sýningu Lacroix en hann horfði til framtíðar. Á eftir hélt afmælishátíðin áfram með flamenco-kvöldi en Galliano á rætur sínar að rekja til Spánar.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*



## Ný hreinsilína Guerlain.

Þessi nýja hreinsilína hefur fengið nafnið Secret de Purité, eða leyndardómur hreinleikans. Með því er vitnað til kristalla-lótussins sem er ákveðin gerð af lótusblómi sem hefur þann eiginleika að blöð þess haldast alltaf hrein, þrátt fyrir að það standi í aurugri á eða stöðuvatni. Með eiginleika blómsins að leiðarljósi lögðust framleiðendur Guerlain í rannsóknir og útkoman er þessi skemmtilega lína sem meðal annars inniheldur drjúga hreinsifroðu, skrúbbkrem, augnfarða og varahreinsi, hreinsikrem og hreinsimjólk.

*- mhg*















**Mojitos** og önnur falleg hanastél eru tilvalin þegar gesti ber að garði í sumar. Hvort heldur áfengir eður ei.


# Garðtraktorar



Nú er tækifæri að eignast Sentinel garðtraktor á betra verði!

Úrval garðtraktora með eða án grassafnara, stærðir 12,5 - 18 hö.

ÞÓR HF REYKJAVÍK - AKUREYRI

SENTINEL

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is




Jón Halldór og Sigurbjörg unnu hörðum höndum að opnun nýju verslunarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Meistarar og nýir hönnuðir

***Verslunin Mirale hefur verið opnuð á nýjum stað, að Síðumúla 33.***

„Það var ekki annað hægt en að flytja verslunina í nýtt húsnæði, enda höfðum við fyrir löngu sprengt það gamla utan af okkur,“ segir Jón Halldór Bergsson sem, ásamt konu sinni Sigurbjörgu Erlu Ólafsdóttur, á og rekur Mirale. Verslunin var nýlega flutt af Grensásvegi 8, þar sem hún hafði verið í þrjú ár, og yfir í Síðumúla 33.

Nýja húsnæðið er 800 fermetrar eða 570 fermetrum stærra en það gamla og í hráum stíl, sem eigendurnir ákváðu að láta halda sér til að draga ekki athyglina frá húsgögnum og öðrum munum. En samfara flutningunum hefur fjöldi nýrra merkja verið tekin inn í verslunina og vöruúrval aukið.

„Við höfum bætt við okkur merkjum eins og danska framleiðandanum Stelton og spennandi vörum á góðu verði frá hinu ítalska Kartell,“ segir Jón Halldór. „Kartell framleiðir stóla, borð og fleira, úr harðplasti í öllum regnbogans litum og eru vörur fyrirtækisins notaðar á hótelum og veitingahúsakeðjum um allan heim.“

Stelton og Kartell hafa þar með bæst í ört stækkandi hóp heimsþekktra vörumerkja í Mirale, þar á meðal Alessi, LSA og Cassina. Þarna mætast því meistarar og nýir hönnuðir á einum stað.

*roald@frettabladid.is*


White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL

- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



TEKK COMPANY

Nú er loksins að koma að því...

...verðum með frábær opnunartilboð



Opnunartilboðin verða auglýst nánar um helgina.

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS


## Netnotkun á heimilinu

ÖRYGGISATRIÐI VARÐANDI NETNOTKUN BARNA.

Tilvalið er að hafa heimilistölvuna í opnu rými en með því móti eiga foreldrar og aðrir uppalendur hægara um vik með að fylgjast með netnotkun barna.

Því enda þótt börnunum sé treystandi er margur misjafn sauðurinn á netinu og sumir sækja í samskipti við börnin, í þeim eina tilgangi að misnota sér grandvaraleysi þeirra.

Þess utan er mikilvægt að ræða örugga netnotkun við börnin en um hana má lesa á heimasíðu samtakana SAFT, www.saft.is.

*- rve*




Brúðargjafir og Brúðarlistar



Lene Bjerre

Feim-Lene Bjerre

Bæjarlind 6, Kóp. • s. 534 7470 • www.feim.is
Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-15



Húsgagna Lagersala

Stórfengleg lagersala á húsgögnum og rúmum.
Allt upp í 90 % afsláttur.
Allt á að seljast.

Erum í Dugguvog 2 (GG húsið)
S: 557 9510



Sófar, svefnsófar, rúm, borð, eldhúsinnréttingar, borðstofuborð, stólar og fleira.



LÉTT BYLGJAN 967



**Þreyta** er merki um að líkaminn þurfi hvíld og það borgar sig ekki að hunsa þau skilaboð. Reglulegur svefn er grunnur að heilbrigðu lífi.


Ekkert mál -að verða mál

TravelJohn

TravelJohn pokarnir eru fínn ferðafélagi þegar manni verður mál.

Fást á eftirtöldum stöðum:
Lyfja, Lyf og heilsa, Fjarðarkaup, Gísli Jónsson, Húsasmiðjan,
www.donna.is www.traveljohn.com

Auglýsingasími 512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Fréttir af fólki_
www.visir.is
vísir
Fyrstur með fréttirnar!

Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!
SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
eða 6.660 á mán. í 3 mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is




Haraldur Magnússon osteopati segir það mikið atriði að þjálfa líkamann út frá jafnvægi og líkamsstöðu hvers og eins.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Einstaklingsmiðuð einkaþjálfun

***Í Íþróttaakademíunni í Keflavík verður kennd ný nálgun að einkaþjálfunarnámi frá og með komandi vetri þar sem áhersla er lögð á að vinna út frá jafnvægi og líkamsstöðu. Haraldur Magnússon er osteopati og kennir einkaþjálfun við Akademíuna.***

„Það má segja að þetta sé ósköp venjuleg einkaþjálfun sem snýst um að meðhöndla hvern og einn eftir því hvar veikustu hlekkirnir eru í líkamanum,“ segir Haraldur og bætir því við að það sé nokkur breyting frá því sem verið hefur. „Þú kemur bara til einkaþjálfara og segir honum hvað þú vilt gera; léttast, styrkjast, grennast eða eitthvað slíkt og færð þá æfingakerfi upp úr bunka eftir því.“

Haraldur segir hins vegar að nýja hugmyndafræðin sé persónumiðuð og leitist við að rétta úr líkamsstöðunni og hafa jákvæð áhrif á hana ásamt því auðvitað að styrkja líkamann. „Það sem er mikilvægast í þessu er að áður en byrjað er að æfa fer hver og einn í gegnum stoðkerfagreiningu til að finna út hvaða áherslur þarf að hafa í þjálfuninni. Til dæmis ef önnur öxlin liggur ofar en hin eða aftar þá veit ég að ákveðnir vöðvar þurfa teygju á móti hinum. Eins eru hugsanlega einhverjar æfingar sem þarf að forðast en aðrar sem leggja þarf sérstaka áherslu á á móti,“ segir Haraldur og bætir við: „Æfingunum er þá raðað upp með það að markmiði að líkaminn nær jafnvægi, líkamsstaðan jafnast og fólki líður betur fyrir vikið.“

Haraldur segir alla helstu einkaþjálfara heims vera búna að taka upp þessar persónumiðuðu aðferðir og nú sé loks verið að innleiða þær hér á landi.

„Það verður dálítið breytt fyrirkomulag á einkaþjálfunarkennslunni í vetur því við ætlum að minnka áhersluna á akademíska þáttinn en auka á móti verklega þáttinn, enda er þetta verklegt starf,“ segir Haraldur osteopati að lokum.
*sigridurh@frettabladid.is*


Kynning á einkaþjálfaranáminu í dag, 12. júlí, kl. 16–19

Stutt kynning verður haldin á klukkutíma fresti auk þess sem hægt verður að ræða við starfsfólk, kynna sér kennslubækur og skoða kennsluaðstöðuna sem er til fyrirmyndar.

Léttar veitingar í boði.

iak·Einkaþjálfari
meira nám · meiri metnaður
www.akademian.is

íþrótta akademían


## Konur vilja vöðvastælta menn

STÆLTIR KARLMENN EIGA FLEIRI BÓLFÉLAGA EN ÞEIR HORUÐU.

„Konum er það eðlislægt að vilja frekar vöðvastælta menn,“ segir David Frederick frá Kaliforníuháskóla í Los Angeles. Hann stýrði rannsókn á því hverju konur laðast að við útlit karlmanna og var þetta niðurstaðan. Hann segir að flestar rannsóknir hafi horft til þess að hverju menn laðast við útlit kvenna, og hvaða samfélagsstöðu karla konur laðast að. Samkvæmt eldri rannsóknum var talið að konur löðuðust helst að karlmönnum sem þénuðu vel og væru ábyrgir. Þessi rannsókn sýnir hins vegar að þær taki líkamlega eiginleika fram yfir.



Vöðvastæltir karlmenn eru líklegri til að ná kvenhylli.

Rannsóknin sýndi að konur laðast frekar að vöðvastæltum karlmönnum, sérstaklega fyrir stutt kynni. En þegar kom að því að finna maka eru þær líklegri til að taka venjulegan mann fram yfir vöðvana. „Konum þykja vöðvastæltir menn kynæsandi, en á sama tíma efast þær um fyrirætlanir þeirra í ástarmálum,“ segir David.
*- keþ*

## Sameiginleg ábyrgð á unglingum

***Unglingar fá fleiri tækifæri til áfengisneyslu á bæjar- og útihátíðum, sem fer fjölgandi. Skipuleggjendur og foreldrar ættu að bera sameiginlega ábyrgð.***



Bæjar- og útihátíðir gefa sumrinu skemmtilegan blæ. Þeim fer fjölgandi ár hvert en leiðinlegur fylgifiskur slíkra hátíða er oft ölvun og óspektir. Hátíðirnar gefa því miður unglingum fleiri tækifæri til að neyta áfengis og því hefur Lýðheilsustöð sent frá sér áminningu um ábyrgð skipuleggjenda og foreldra.

Fullorðnir eru alltaf fyrirmynd barna og ungmenna varðandi áfengisdrykkju. Lýðheilsustöð hvetur til sameiginlegrar ábyrgðar þannig að bæjar- og útihátíðir geta staðið undir nafni og verið hátíð og skemmtun. Sjá nánar um áminningu Lýðheilsustöðvar: www.lydheilsustod.is
*- rh*



Grillo FD1500 4x4
afkastar 11.500 m²
á klukkutíma.

# Veldu Grillo sláttuvélar

Hjá DeDion færðu breiða línu smávinnuvéla á beltum eða hjólum. frá hinum þekkta smávélaframleiðanda Grillo á Ítalíu.



**Auðveldaðu þér verkið. Auktu á hagkvæmni í rekstri með Grillo vinnuvélum.**

Tækin frá Grillo eru einstaklega vel hönnuð og hugsuð til að vinna sem best með stjórnandanum. Við hönnunina er einnig tekið tillit til aðgengis þegar þjónusta þarf vélina. Grillo sláttuvélarnar hafa aflúttak. Þú getur breytt vélinni í sóp, snjóblásara eða ýtu. Frábær lausn fyrir gangstéttar, bílaplön og stóra sem smáa grasfleti. Hafðu samband við DeDion. **Veldu Grillo fyrir öruggari rekstur allt árið.**

Aflaðu þér nánari upplýsinga
Hringdu núna, s: 462 6900
www.grillo.is

DeDion | Draupnisgötu 7L | 603 Akureyri
Sími 462 6900 | dedion@dedion.is | www.dedion.is

DeDion
Smávélar & Þjónusta

NATURALIS


# sumarblaðið

FIMMTUDAGUR 12. JÚLÍ 2007



## Fjölskyldan á fjöll

**Að mörgu er að huga þegar börnin fara með í fjallgöngur**

BLS. 10



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





# BBQ svínarifin frá Jensen´s eru frábær á grillið eða í ofninn

**Rifin eru forelduð og taka því stuttan tíma á grillinu**

Jensen´s svínarifin finnur þú í eftirtöldum verslunum:

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Melabúðin

NÓATÚN

Samkaup úrval

KRÓNAN
Bíldshöfða • Akranesi • Mosfellsbæ

# Hressir upp á bæjarlífið

**Fjöllistahópurinn Morrinn setur svip á Ísafjörð á sumrin. Hann býður meðal annars farþega skemmtiferðaskipanna velkomna með þjóðlegum dansi og söng.**

„Morrinn er skipaður krökkum úr efstu bekkjum grunnskólans og hressir verulega upp á bæjarlífið. „Eitt aðalverkefnið er að taka skemmtilega á móti skemmtiferðaskipum. Það er alltaf að vinda upp á sig enda 26 skip sem koma hingað í sumar og fátt er betra en æskan til að kynna bæinn, hún er fjölleg, fjölhæf og skapandi.“ Þetta segir Elvar Logi Hannesson, stjórnandi Kómedíuleikhússins, sem tók að sér Morrann þetta sumarið og réði leikstjóra en bærinn greiðir rekstur og húsnæði. Elvar Logi lýsir gestamóttökunni svo:

„Nokkrir Morrar eru staddir á bryggjunni þegar skipin leggjast að, taka á móti gestunum með léttu sprelli og bjóða þá velkomna og einnig bjóða þeir upp á þjóðlega dagskrá í Neðsta kaupstað þar sem safnið okkar er. Strákarnir fara í föt sem voru í tísku fyrir hundrað árum eða svo og stúlkurnar eru ýmist í þjóðbúningum eða lopapeysum og pilsum. Þar stíga ungmennin dans og fara í leiki eins og Ein ég sit og sauma og Í grænni lautu. Svo taka þau nokkur þjóðleg lög. Þetta hefur verið vinsælt myndefni hjá ferðalöngunum. Þeir smella stanslaust af.“

Elvar Logi segir Morrann deild í vinnuskólanum. Hann hafi verið stofnaður að frumkvæði ungra Ísfirðinga árið 1999. „Þetta er full vinna frá 8 til 14 og vinnutíminn getur verið breytilegur því skemmtiferðaskipin eru um helgar og á öllum tímum,“ segir hann og lýsir fleiri verkefnum. „Um daginn heimsótti Morrinn alla leikskóla bæjarins og sýndi leikskólaleikrit og á föstudögum í júlí flytur hann Strikið hingað á Ísafjörð. Okkar Strik er Silfurtorgið sem gefur mikla möguleika fyrir uppistand og sprell. Þar eru listamenn með trönur og mála myndir af vegfarendum eftir pöntunum, tónlistarmenn með gítara og töskurnar fyrir framan sig og handverksfólk sem selur sínar afurðir. Þetta hefur gengið mjög vel.“



Morrinn er fjöllistahópur úr efstu bekkjum grunnskólans. MYND/BB



Reynir Már Sigurvinsson sést hér í kajak, en hann rekur Kajakferðir á Stokkseyri.

# Þjóðverjar flykkjast í fenin

**Aðsókn erlendra ferðamanna hefur aldrei verið meiri í kajakferðir á Stokkseyri en nú í ár.**



Aðsókn erlendra ferðamanna hefur aukist í kajakferðir á Stokkseyri.

„Aðsóknin hefur aukist gríðarlega á milli ára og nú koma hingað stórir hópar að utan. Ég á meðal annars von á þrjú hundruð Þjóðverjum,“ segir Reynir Már Sigurvinsson glaður í bragði, en hann tók við rekstri Kajakferða á Stokkseyri í fyrravor, þegar fyrirtækið hafði verið starfrækt í ellefu ár.

Að sögn Reynis er svokölluð Challenge-ferð, sú sem nýtur mestra vinsælda á meðal erlendra ferðamanna, það er að segja klukkustundar löng ferð á vatninu með leiðsögn. „Hún er líka vinsæl sem óvissu- og fyrirtækjaferð eða í gæsa- og steggjanir,“ bætir hann við. „Síðan er til tveggja tíma útgáfa af ferðinni, sem kallast Power Challenge, og er Löngudæld þá farin á enda, þar sem Hraunsá rennur til sjávar og síðan snúið við.“

Einnig er boðið upp tvær aðrar ferðir, Róbinson Krúsó og Sjóferðina. „Í fyrrnefndu ferðinni gefst fólki tækifæri til að rata um fenjasvæði, sem einkennist af þröngum skurðum og háu grasi með aðstoð korts,“ bendir hann á. „Er ferðin vinsæl á meðal einstaklinga og fjölskyldufólks.

Í þeirri síðarnefndu er siglt vestur með landinu og inn á selasvæði, þar sem sést til sela í um það bil 85 prósentum tilvika. Þetta eru friðsæl dýr, sem eru jafn forvitin um okkur mannfólkið og við um þau. Sum hætta sér meira að segja alveg ótrúlega nálægt manni.“

Reynir bendir enn fremur á að kajakbátarnir njóti sérstöðu, þar sem um „sit-on-top“ kajaka sé að ræða. En í stað þess að setjast ofan í kajakinn eins og algengt er, er sest ofan á hann, sem á að auka öryggi. Auk þess reyni þeir ekki eins mikið á kunnáttu ræðara, sem geti fyrir vikið skellt sér beint út í vatnið.



Stokkið í sjóinn við Stokkseyri.



Boðið er upp á regngalla, stígvél og annan búnað.

„Svo gefst öllum kostur á að fara í sund og pott að hverri ferð lokinni,“ segir Reynir. „Enda veitir víst ekki af smá afslöppun eftir alla þessa útiveru.“ roald@frettabladid.is


Hollustuna heim!

BARNABOX
2 kjúklingaleggir franskar og kokteilsósa kinderegg
700 kr

stórir skammtar
- beint heim til þín.



Hollur og góður kínamatur,
Gefðu þér 15 mínútur og sæktu matinn til okkar þá færðu 2 lítra kók og rækjuflögur FRÍTT með!
Gildir ef pantað er fyrir 2 eða fleiri

INDOKÍNA
ORIENTAL RESTAURANT • LAUGAVEGI 19
FRÍ HEIMSENDING
Lágmarkspöntun er kr. 1.000.- en kr. 4.000.- í Hafnarfjörð.
Opið mán-fimmtudaga 12-21:30
föstu og laugardaga 12-22:30
sunnudaga 17-21:30
www.indokina.is
PÖNTUNARSÍMI 552 2399

TILBOÐ 1
Djúpsteiktar rækjur
Original hot and sweet svínakjöt
Snöggsteikt nautakjöt í ostrusósu
Kínverskar eggjanúðlur m/kjúklingi og grænmeti
Hrísgrjón, súrsæt sósa, prjónar og soya sósa
1.345 á mann
2.690 fyrir tvo

TILBOÐ 2
Djúpsteiktar rækjur
Peking kjúklingur m/kínasveppum
Wok steikt lambakjöt m/svartbaunasósu
Original hot and sweet svínakjöt
Hrísgrjón súrsæt sósa, prjónar og soya
1.445 á mann
2.890 fyrir tvo

TILBOÐ 3
Rifjapartý
Konton svínarif
Hrísgrjón, prjóna og soya
poki af Maarud
1.250 á mann
2.500 fyrir tvo

2 L COKE OG RÆKJUFLÖGUR FYLGJA Í „TAKE AWAY“




## Háskólinn á Bifröst býður upp á 11 vikna rekstrarnám fyrir konur sem hafa áhuga á að bæta þekkingu sína í atvinnurekstri

Undanfarin ár hefur Háskólinn á Bifröst, í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni, boðið upp á rekstrarnám fyrir konur sem hafa áhuga á að bæta rekstrarþekkingu sína. Stefnt er að því að halda **Mátt kvenna I** í fimmta sinn vorið 2008. Auk þess verður nú í haust boðið upp á **Mátt kvenna II**, framhaldsnámskeið fyrir konur sem hafa lokið **Mætti kvenna I.** Námið fer fram í fjarnámi en það hefst og lýkur með sameiginlegri vinnuhelgi á Bifröst.

## Máttur kvenna I

- Bókhald I
- Upplýsingatækni
- Markaðs- og sölumál
- Fjármál
- Áætlanagerð

## Máttur kvenna II

- Bókhald II
- Enska
- Skattar
- Rekstrarhagfræði
- Samningatækni
- Starfsmannastjórnun

### Markmið námsins

Markmið námsins er að gera konur í atvinnurekstri hæfari til að reka fyrirtæki sín, auka arðsemi fyrirtækjanna og efla störf á landsbyggðinni. Auk þess aðundirbúa nemendur fyrir almennan rekstur smærri fyrirtækja, er lögð áhersla á að viðhalda og efla tengslanet kvenna.

### Dagsetningar

**Máttur kvenna I:** 18. janúar - 5. apríl 2008
**Máttur kvenna II:** 31. ágúst 2007 - 24. nóvember 2007

### Verð

**Máttur kvenna I**: 60.000 kr.
**Máttur kvenna II**: 85.000 kr.
Innifalið í verðinu er kennsla í fjarnámi, 2 vinnuhelgar með kennurum, gisting og matur á vinnuhelgum.

Skráning og nánari upplýsingar hjá verkefnastjóra símenntunar Huldu Ingibjörgu Rafnarsdóttur,
í síma 433 3000 eða hulda@bifrost.is

Sjá einnig frekari upplýsingar á heimasíðu skólans:

**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

MÁTTUR KVENNA

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár**

# Búskapur og handverk í Klausturseli

**Fjölskrúðugt dýralíf ríkir að Klausturseli í Efri-Jökuldal.**

Á bænum Klausturseli í Efri-Jökuldal búa hjónin Aðalsteinn Jónsson og Ólafía Sigmarsdóttir. Þar eru þau með sauðfjárbúskap auk þess sem Ólafía rekur gallerí með vörum úr hreindýraleðri og við bæinn má sjá ýmis dýr á vappi sem sjást ekki við hvern sveitabæ.

„Við erum með dálítið af dýrum,“ segir Aðalsteinn og bætir við: „Til dæmis hreindýrsbelju með kálfi og þrjú önnur hreindýr. Svo erum við með tófuhvolpa, endur, gæsir, hænur, kanínur og fleira.“

Aðalsteinn segir hreindýrin uppalin í Klausturseli og séu í girðingu svo hægt sé að skoða þau. „Við byrjuðum með hreindýrin árið 1996 og svo hefur þetta allt saman undið upp á sig síðan.“

Klaustursel er rúmlega sjötíu kílómetrum frá Egilsstöðum í átt að Akureyri og er Klaustursel þrettán kílómetrum frá hringvegi eitt. „Það kemur heilmikið af fólki hingað til okkar og þá mest fjölskyldufólk og fólk sem hefur áhuga fyrir handverki,“ segir Aðalsteinn og bætir því við að Ólafía hanni og saumi meðal annars hatta, töskur, púða og fleiri smærri hluti úr hreindýraleðri sem hún selur í galleríinu.

*sigridurh@frettabladid.is*



Hreindýrskálfurinn á bænum slakar á í sólskininu í Jökuldalnum.



Hjónin Aðalsteinn og Ólafía í Klausturseli eru með skemmtilegan sveitabæ sem gaman er að skoða enda má þar finna hin ýmsu dýr auk þess sem Ólafía rekur lítið gallerí með vörum úr hreindýraleðri.



Þessar töskur eru úr hreindýraleðri og má finna í galleríinu í Klausturseli.



Fallegir púðar úr hreindýraleðri úr smiðju Ólafíu.



Svanurinn lætur sig að sjálfsögðu ekki vanta í skemmtilegu dýraflóruna í Klausturseli.



Haninn í Klausturseli í góðum gír.






Fjölbreytt dagskrá verður um helgina á Blönduósi.

# Hopp og hí á Húnavöku

Menningarhátíðin Húnavaka verður um helgina á Blönduósi og nágrenni. Hún verður formlega sett klukkan 19.45 á nýja torginu fyrir utan félagsheimilið. Þar verður tóninn sleginn fyrir helgina. Eftir setninguna er unga fólkið hvatt til að fara í sundlaugarpartí og þeir eldri á kvöldskemmtun í félagsheimilinu með Erni Árnasyni og Óskari Péturssyni. Útitónleikar hefjast á Grímstorgi klukkan 22 þar sem Polyester, Spor og Veðurguðirnir koma fram. Á laugardaginn verður torfærukeppni milli 11 og 14 og Blönduhlaup milli 13 og 14 en klukkan 13.15 hefst fjölskylduskemmtun á hátíðarsviði þar sem Jógvan Hansen, Skoppa og Skrítla og Hara-systur koma fram. Söngkeppni ungmenna verður á dagskrá og boðið er upp á hoppkastala og hesta fyrir börnin. Markaðstjald verður líka á svæðinu.

Bjarni Hell opnar listsýningu á lofti veitingahússins Við árbakkann klukkan 14 og spennandi knattspyrnuleikur milli Hvatar 1987 og Hvatar 2007 verður milli 16 og 17 en hljómsveitin Ground Floor heldur tónleika í Blönduóskirkju milli 17 og 18. Kvöldvaka hefst í íþróttahúsinu klukkan 20.30 þar sem söngur og tónlist er í aðalhlutverki og kynnir er Björgvin Franz Gíslason. Á eftir er dansleikur með hljómsveitinni Í svörtum fötum.

Á sunnudaginn verður leiðsögn um Hafíssetrið með Þór Jakobssyni bæði klukkan 13 og 15 og hátíðardagskrá í Heimilisiðnaðarsafninu verður milli 14 og 17. Klukkan 16 hefjast tónleikar í Blönduóskirkju með Magnúsi Guðmundssyni tenór. Sýningar verða um allan bæ á Húnavöku og hátíðarkvöldverðir á hótelinu og Við árbakkann.

*- gun*

# Ertu klár fyrir sumarfríið?

## Þarftu að láta prenta:















**Hafðu samband við söluráðgjafa í síma 545 4400**

Gutenberg
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Sími 545 4400
Fax 545 4401
www.gutenberg.is

Gutenberg



Áður en haldið er í lautarferð er tilvalið að kíkja við í Tiger-búðinni. Þar fást sápukúlur á 50 kr., stór kassi af litríkum rörum á 200 kr., reykelsi sem fælir flugur á 200 kr., umhverfisvænir öskubakkar og margt fleira sem gerir góða lautarferð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Yndislega rómantískir hitabrúsar. Tágabrúsinn fæst í Byggt og búið og kostar 500 kr. en hvíti blómabrúsinn fæst í Tiger og kostar 400 kr. Appelsínugulu plastglösin fást í Byggt og búið og kosta 699 kr. stykkið.



Ef mannskapurinn er á hraðferð í lautarferð er tilvalið að stoppa í verslun 10-11 við Lágmúla þar sem nestisbarinn inniheldur margs konar kræsingar og þar geta viðskiptavinir búið sér til eðalnesti á örskammri stund. Grænkálið er reyndar gripið úr garðinum, en það er orðið stökkt og ferskt um þessar mundir.





Íste er eðaldrykkur sem allir geta gert heima hjá sér með því að kæla niður ávaxtate. Kannan kemur úr Byggt og búið og kostar 2.673 kr. og glasið, sem fæst í sömu verslun, kostar 150 kr. stykkið.



Íspinna úr ávaxtatei er auðvelt að gera en þeir eru bæði bragðgóðir og hitaeiningasnauðir. Íspinnaboxið fæst í Tiger og kostar 200 kr.



Snakkbakki úr Byggt og búið, 599 kr. Plasthnífapör úr sömu verslun, 450 krónur og glas, sem einnig fæst í fleiri litum, á 150 krónur.



Karfan bláa fæst í Tiger og kostar 400 kr. Fáninn, sem nú er leyfður við öll hátíðleg tilefni, kostar 168 kr. og fæst í Byggt og búið en plastglösin og diskarnir fást einnig þar og kosta 422 kr. (glös) og 150 kr. (diskurinn).

# Ljúfar lautarferðir

Lífið er á margan hátt samsetning ótal minninga. Hver er sinnar gæfu smiður og til að gera lífið gott þarf stundum að hafa örlítið fyrir því. Að taka saman nesti og halda út í náttúruna er einföld og ódýr leið til að eiga gæðastund með sjálfum sér eða sínu eftirlætis fólki og um leið skapast góð minning. *- mhg*



Samlokurnar í 10-11 kosta frá 100 krónum, allt eftir því hvað á þær er sett. Þar er líka hægt að skutla nokkrum hnetum, nachos og öðru gúmmelaði með í nestisboxið.





Þykkvabæjar
Forsoðnar
Grillkartöflur
FUNHEITAR EÐA SVALAR í grillveisluna
Þykkvabæjar
forsoðnar grillkartöflur
eða kartöflusalat
með hrásalati.
Einfalt og gott!
Þykkvabæjar
KARTÖFLUSALAT
með lauk og graslauk
Þykkvabæjar
HRÁSALAT
Þykkvabæjar
KARTÖFLUSALAT
með sólþurrkuðum tómötum og ólífum
Þykkvabæjar



Nafnarnir Gísli Konráðsson og Gísli Frostason aðstoða einn ferðafélagann yfir Hörtná. MYND/HALLFRÍÐUR SVERRISDÓTTIR

# Nesti, hlífðarföt og vaðskór

**Gönguferðir niður Austurdal í Skagafirði eru nýjung í afþreyingu á Norðurlandi. Leiðsögumaður er kennarinn Gísli Rúnar Konráðsson, Skagfirðingur í húð og hár.**



Kláfurinn við Skatastaði er frábær samgöngubót.

„Þetta er þægileg gönguleið um óbyggðir og eyðibyggðir og fólk þarf ekkert að bera annað en nesti, hlífðarföt og vaðskó,“ segir Gísli þegar hann er beðinn um að lýsa fyrirhuguðum ferðum niður Austurdal. Hann býr á Sauðárkróki og þar segir hann lagt upp á föstudag og keyrt fyrst inn að Laugafelli en síðan að gangnamannakofanum Grána til gistingar. „Gráni rúmar 9-11 manns í kojum en hinir gista í tjöldum,“ segir hann og tekur fram að bílarnir bíði og taki tjöldin og svefnpokana til baka.

Næsta dag er gengið niður Austurdalinn um 25 kílómetra leið að sæluhúsi sem heiti Hildarsel. Fyrst er komið í svokallaðan Stórahvamm sem er við Jökulsá eystri. „Þar vex villt birki í mestri hæð yfir sjávarmáli á Íslandi, eða í 630-640 metra hæð,“ segir Gísli og tekur fram að hægt sé að velja hvort gengin sé fjallsbrúnin eða farið niður í kjarrivaxna Lönguhlíðina. „Þegar komið er niður að svokallaðri Fossá býðst þeim sem vilja að fara sex kílómetra krók upp á Fossárdal. Hinir halda áfram.“ Neðan við Hvítá og Fögruhlíð er komið að tóftum bæjar sem að sögn Gísla er talinn hafa farið í eyði í svartadauða 1402 eða jafnvel fyrr. „Það eru fleiri svona fornbýli á leiðinni. Nöfin þekkt en sagan ekki,“ segir hann. Í Hildarseli er hins vegar ekki í kot vísað. Þar er stórt sæluhús í eigu Ferðafélags Skagfirðinga og fleiri sem allt að 30-40 manns geta gist í með góðu móti. „Þar er fullt af teppum og því þarf enga svefnpoka,“ segir fararstjórinn.

Seinni dagleiðin er mun styttri en sú fyrri, bara 12 kílómetrar og meira er að skoða af mannvistarleifum, að sögn Gísla. Fyrst tóftir Nýjabæjar þar sem Bólu-Hjálmar bjó á tímabili og fleiri bæja sem fóru í eyði í kringum aldamótin 1900. Síðan er gengið að kirkjustaðnum Ábæ. „Þar er alltaf sungin messa einu sinni á ári, sunnudaginn um verslunarmannahelgina, og seinni ferðin hittir einmitt á þann dag,“ segir Gísli.



Horft til norðurs við tóftir Nýjabæjar. MYND/HALLFRÍÐUR SVERRISDÓTTIR

Áfram er svo haldið þar til komið er á móts við Skatastaði, eyðibýli vestan megin við ána. Þar er farið yfir Jökulsá á kláfi og þangað er hópurinn sóttur. „Fyrst var settur upp kláfur þarna um 1850. Jökulsá hreinsaði hann af sér í vetrarflóðum fyrir nokkrum árum og þá var nýr settur upp,“ lýsir Gísli og segir komið við í heitu pottunum á Bakkaflöt áður en kvaðst sé úti á Krók eða annars staðar á leiðinni.

Tvær ferðir eru fram undan í sumar hjá Gísla, dagana 20. til 22. júlí og hin 3. til 5. ágúst. Hann tekur við pöntunum í símum 453 6634 og 893 6634. *gun@frettabladid.is*



Gísli Rúnar við Hildarsel.


LOFTKÆLIR
Er of heitt hjá þér?
-Notar vatn og klaka
-Eykur raka í lofti
-Lofthreinsir í sama tæki
Sumartilboð 14.900
ís-húsið 566 6000

fyrir einbeitninguna
Heilsu-hornið
Póstsendum um land allt
Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi
s: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU þjónusta · HONDA þjónusta · NISSAN þjónusta

Gluggar & hurðir
Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá REHAU
Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.
Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla
Sparaðu tíma • leitaðu tilboða
netfang: gluggar@vortex.is
Ekkert viðhald
Kjarnagluggar
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is





Fyrsta flokks sumarhús og einbýlishús frá virtri finnskri verksmiðju.
Margar þykktir af límtré og bjálkum, sem henta íslenskum aðstæðum. Mikil gæði- gott verð.
G. PÁLSSON EHF.
Símar 462 – 2272 og 896 - 0423



# Öryggi og þægindi alla leið RECARO barnabílstólar.



Einstakir stólar 9- 36kg sem vaxa með barninu, fjaðrandi álgrind örtrefja áklæði, hátalarar í höfuðpúða, úrval aukahluta.





Afar öruggur. fyrir 9- 36kg  með sérstakri hliðarvörn, örtrefja ákæði.

# Glæsileg Disney sólskyggni í bílinn



Cars sætishlíf með borði og vösum




Cars sólskyggni McQueen



Cars sólskyggni McQueen+Matter



Cars sólskyggni McQueen+Luigi



Andrés sólskyggni



Andrés+ höfrungar



Andrés+Andréssína




Nemo+Dóra



Princess




Princess

# Sunshine kids aukahlutir




Easy View
Stór og góður spegill sem hægt er að snúna 360° auðvelt að festa -afar skýr




Lock-Tite
Smella til að halda öryggisbeltum saman.
aðeins ætlað 5p öryggisbeltum fyrir stóla upp að 18kg.




Super Mat
Motta til að setja undir barna-bílstól.




Stuff'n Scuff
Vörn fyrir framstólinn með vösum, festist á höfuðpúðann.




Side-Rider
Clip-On karfa - úr mjúku efni sem gefur vel eftir. Hægt að smella eða krækja. Passar á öll sæti.

## Útsölustaðir:

Bílasmiðurinn hf
Bíldshöfða 16
sími .5672330
www.bilasmidurinn.is

Baby Sam
Smáralind og Skeifunni
sími : 568 2200

Fífa barnavöruverslun
Bíldshöfði 20
( Húsgagnahöllin )

Barnafataverslunin Spez
Hafnarstræti 106
sími . 461133
Akureyri

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
sími . 4604300
Akureyri

Bílasala Suðurlands
Fossnesi 14
sími . 4808000
Selfossi

# Fjölskyldan öll saman á fjöll

**Flestir foreldrar vilja nota sumarleyfið sem best með börnunum sínum og eitt af því sem getur verið skemmtilegt er að fara í fjallgöngur. Stefán Gunnarsson, framkvæmdastjóri Jarðbaðanna í Mývatnssveit, hefur gengið mikið með sín börn og veit að hverju þarf að huga.**

Stefán á tvö börn, nítján ára strák og fjórtán ára stelpu, sem voru ekki gömul þegar hann og Eygló konan hans byrjuðu að fara með þau á fjöll. „Við fórum með strákinn strax nokkurra mánaða gamlan í burðargrind á bakinu og það var það sama með stelpuna,“ segir Stefán.

Fjölskyldan hefur gengið víða og í alls konar veðrum. „Við höfum farið með börnin með okkur, hvort sem er að vetri eða sumri og í stórhríðarveðri gildir bara að búa börnin jafn vel og sjálfan sig. Við höfum líka farið í gönguferðir víða erlendis þó að það hafi verið miklu meira hérna heima og einu sinni fórum við í tíu mánaða heimsreisu og keyrðum niður Afríku og Suður-Ameríku og um allar trissur með börnin.“

Stefán telur að ekkert eigi að vera því til fyrirstöðu að fara með börn allt niður í tveggja ára í styttri gönguferðir á fjöll. „Krakkar eru náttúrulega þrælduglegir og í nágrenni Reykjavíkur er til dæmis hægt að ganga á Vífilfellið og Esjuna og einhver slík fjöll. Svo er alls ekki tæknilega erfitt að labba upp á Heklu og ég myndi segja að það væri alveg hægt að fara með börn frá sex til sjö ára aldri upp á hana, ef þau eru dugleg og vel útbúin. Hekla er tæplega fimmtán hundruð metra hátt fjall, en alls ekki brött og auðveld fjallganga alla leið þó að taki náttúrulega nokkra klukkutíma að labba hana.“

Skóbúnaður skiptir máli og til þess að geta gengið eitthvað að ráði verða börnin að vera vel búin til fótanna. „Í dag er orðið aðeins teygjanlegra hugtak hvað eru strigaskór og hvað gönguskór og komnir svona mjúkir og teygjanlegir göngustrigaskór. Ef búast má við göngu í snjó ættu þau að vera í nokkuð vatnsþéttum skóm og það er náttúrulega ekki hægt að fara með börn í strigaskóm eins og á Heklu því þar þarf að labba í snjó part af leiðinni.“

Best er að yngstu börnin þurfi ekkert að bera þegar farið er í fjallgöngur en þau eldri ráða alveg við smá bakpoka að sögn Stefáns. „Ég myndi hafa þau alveg laus fram undir svona sex ára en uppúr því er passlegt fyrir þau að halda á sínum eigin svefnpoka ef farið er í nokkurra daga göngur.“

Ekki skiptir öllu máli hversu hratt er gengið eða oft er stoppað á leiðinni að sögn Stefáns ef börnin skemmta sér vel. „Grundvallarreglan þegar ferðast er með börn er sú að það verður að vera gaman allan tímann. Það skiptir engu máli hvort er stoppað oft eða sjaldan eða hvort er labbað hratt eða hægt eða hvað er gert því að númer eitt er að það verður að vera gaman. Um leið og hættir að vera gaman er eins hægt að pakka saman og fara heim,“ segir Stefán og hlær.

*emilia@frettabladid.is*



Stefán og Signý dóttir hans hafa gengið saman á fjöll frá því að hún var pínulítil. Hér eru þau í Dyrfjöllum.



Fjölskyldan tjaldaði í Stóruurð og hér er Eyrún, kona Stefáns, við tjaldið.



Stórfjölskyldan í Víti síðasta sumar. Stefán, Eyrún og Signý hittu bróður Stefáns og hans fjölskyldu á hálendinu.


Bílskúrssala Austurbergi 18, 111 Reykjavík

Frábær verð frá 500-2000 kr
Bæði nýr og lítið notaður fatnaður til sölu
Kjólar - bolir - toppar - skyrtur - buxur - skór - línuskautar

Erum einnig með hársnyrtivörur frá TIGI til sölu á hlægilegu verði!

Opið - Föstudag 18-21 • Laugardag 12-17 • Sunnudag 12-17



**● STEINHÆÐIN Í GRASAGARÐINUM** var tekin í notkun árið 1997 og vaxa í henni að jafnaði um 400 tegundir háfjallajurta. Í kvöld klukkan 20.00, fimmtudaginn 12. júlí, verður leiðsögn um steinhæðina sem Jóhanna Þormar garðyrkjufræðingur mun annast.

Plöntunum er komið fyrir eftir heimshlutum. Þar eru plöntur sem eiga meðal annars heimkynni í Himalajafjöllum, Alpafjöllum, Pýreneafjöllum, Klettafjöllum og fjöllum í Kína, Japan, Norður- og Suður-Ameríku.

Mæting í gönguna er í Lystihúsinu en aðgangur er ókeypis. Eftir gönguna er boðið upp á piparmintute úr laufum piparmintu sem ræktuð eru í Grasagarðinum.



**● VIKULEG KVOSARGANGA** menningarstofnana Reykjavíkurborgar verður farin í kvöld 12. júlí klukkan 20.00. Gangan í kvöld verður með nokkuð öðru sniði því í stað þess að ganga verður siglt til Viðeyjar. Leiðsögumaður verður Guðjón Friðriksson sagnfræðingur sem er með fróðari mönnum um sögu Reykjavíkur. Siglt verður meðfram strandlínu Reykjavíkur og um eyjarnar á Sundinu.



Siglingin hefst í Grófinni milli Tryggvagötu 15 og 17 klukkan 20. Reikna má með að siglingin taki rúma klukkustund. Ferjutollur er 1.000 krónur fyrir fullorðna og 500 krónur fyrir börn.



**Alltaf er nóg um að vera í menningarlífinu á Akureyri.**

# Listasumar á Akureyri

**Margt er á döfinni á Listasumri í þessari viku.**

### FIMMTUDAGUR 12. JÚLÍ

**Deiglan kl. 21.30:** Heitur fimmtudagur: The Story of Modern Farming: Jessica Sligter, hljómborð, flauta og gítar, Louise Jensen, alt sax og Hilmar Jensson gestaleikari á gítar.

### FÖSTUDAGUR 13. JÚLÍ

**Ketilhúsið kl. 12.00:** Föstudagshádegistónleikar: „All American - Live from New York“. Söngkvartett Metropolitan-óperunnar í New York.

### LAUGARDAGUR 14. JÚLÍ

**Ketilhúsið kl. 14.00:** Opnun á tveimur sýningum. Í aðalsal opna Jóna Hlíf Halldórsdóttir og Kristina Bengtson sýninguna „Make it big or keep it simple“. Á svölum opnar Bjargey Ingólfs sýninguna „Þræðir“. Báðar sýningarnar standa til 29. júlí.

**Deiglan kl. 15.00:** Opnun á myndverkum Unu Berglindar Þorleifsdóttur. Stendur til 29. júlí.

**DaLí Gallery kl. 17.00:** Opnun á sýningu Helga Kristinssonar „Sound orb“. Stendur til 27. júlí.

### SUNNUDAGUR 15. JÚLÍ

**Gamli bærinn í Laufási kl. 13.30-16.30:** Sumarstarfsdagur í Laufási.

**Sumartónleikar í Akureyrarkirkju kl. 17.00:** Karel Paukert, orgel

**Byggðasafnið Hvoll, Dalvík kl. 14.00:** Almennur söngur við gítarundirleik Hjörleifs Hjartarsonar.



# Víkingahátíð fyrir fjölskylduna

Leifshátíð í Dölum verður haldin nú um helgina við Eiríksstaði. Helga Ágústsdóttir, nýráðinn ferða-og menningarfulltrúi í Dölum er mótshaldari. Henni segist svo frá. „Við erum á risastóru túni og látum þar spretta upp útihátíðarsvæði. Víkingabúðir opna um 18 á föstudag og um klukkan 19 verður kveikt á sameiginlegu grilli og í framhaldinu er boðið uppá lifandi tónlist trúbadors. Föstudagurinn er líka tileinkaður sagnamönnum. Þá fáum við gúrúa í sagnamennsku til að segja frá. Um hálf ellefu fer hljómsveitin BÍT að spila og heldur áfram til tvö.



Sagnalist er eitt af því sem er í boði á Leifshátíð.



Við Eiríksstaði eru víkingar við iðju sína. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN EYJÓLFUR

Á laugardeginum klukkan 11 fer fram keppni í kubbi og þá er opnuð þrautabraut fyrir yngstu gestina. Setning hátíðarinnar er svo klukkan 13. Ágúst Einarsson rektor á Bifröst flytur hátíðarræðu, tónlistin mun hljóma og fram kemur fimm ára strákur og kveður rímur. Á eftir er farið í leiki og glímt. Klukkan 17 verður leikritið Leifur heppni á dagskrá, leikið af 10 fingrum í umsjón Helgu Arnalds og klukkutíma seinna kveikjum við upp í grillinu. Síðan höfum við hátíðarleiðsögn um Eiríksstaði en á milli 19 og 20.30 er unglingadansleikur þar sem hljómsveitin Black Sheep leikur. Fjölbreytt kvölddagskrá er svo í tjaldinu, meðal annars magadans. Á eftir er tendrað bál og þá er sléttusöngur með harmonikkuundirleik. Upp úr því byrja hljómsveitir að spila.

Sunnudagurinn er rólegur. Víkingabúðirnar verða opnaðar um hádegið, frí veiði er í Haukadalsvatni og víkingafjölskylda er í Eiríksstaðabænum sem er opinn fyrir hátíðargesti.“

Helga tekur það skýrt fram að unglingar fái ekki aðgang að hátíðinni nema í fylgd fullorðinna og ströng löggæsla sé á svæðinu. „Fólk sækir hingað í rólegheitin og þetta hefur alltaf heppnast vel.“

*gun@frettabladid.is*



Hildur Friðriksdóttir býður upp á notalega fjölskyldustemningu hjá Te og kaffi á Akureyri. MYND/HEIDA.IS

# Kaffið er í aðalhlutverki

**Te og kaffi opnaði nýlega bókakaffi í verslun Pennans Eymundssonar í göngugötunni á Akureyri.**

Hildur Friðriksdóttir hefur verið á kafi í te og kaffi síðastliðin ár. Hún kynntist bransanum þegar hún vann samhliða námi hjá verslun Te og kaffi í Reykjavík.

Síðan opnaði hún fyrstu Te og kaffi verslunina á Akureyri og kynnti bæjarbúa fyrir götumálskaffimenningunni.

„Þegar ég ákvað að snúa aftur norður í heimahagana fannst mér spennandi að prófa að opna kaffibar. Einnig til að athuga hvort Akureyri væri nógu stór markaður til að reka sérvöruverslun með te og kaffi,“ segir Hildur Friðriksdóttir, verslunarstjóri hjá Te og kaffi, í Pennanum á Akureyri.

Viðbrögðin létu ekki á sér standa og Akureyringar kolféllu fyrir götumálsmenningunni. Fyrsta verslunin var til húsa í göngugötunni á Akureyri en þegar Penninn Eymundson fór í samstarf við Te og kaffi lá beinast við að bjóða Hildi að flytja reksturinn yfir götuna.

„Penninn vildi opna bókakaffi í sínum verslunum og hentaði ágætlega að fá mig í þetta verkefni hérna fyrir norðan. Ég hafði reynsluna af rekstrinum og hef byggt upp ákveðna viðskiptavild,“ segir Hildur.

Á nýja staðnum er hægt að setjast niður og drekka kaffið ásamt því að taka það með sér. Þessi breyting hefur lagst vel í viðskiptavini og Hildur segir það skiptast jafnt þeir sem taka með sér kaffið og þeir sem drekka það á staðnum.

„Andrúmsloftið er mjög skemmtilegt á nýja staðnum. Fjölskyldur eru duglegar að koma með börnin sem geta kíkt í bækur á meðan foreldrarnir drekka kaffið yfir blöðunum,“ segir Hildur.

Boðið er upp á kaffi og kaffidrykki ásamt fróðleik og kaffi til að hella upp á heima. „Kaffið er í aðalhlutverki en síðan bjóðum við upp á ýmsar aðrar veitingar sem er hugsað svona sem meðlæti með kaffinu,“ segir Hildur og bætir við: „Við búum að því að við vorum búin að byggja upp góðan hóp viðskiptavina þegar við vorum á gamla staðnum. Sá hópur hefur fylgt okkur yfir götuna og getur nú átt notalega stund með bók eða blaði yfir kaffinu sínu,“ segir Hildur.

*rh@frettabladid.is*







**● TÍVOLÍIÐ Í SMÁRALIND** hefur verið opnað. Þetta er í sextánda sinn sem tívolíið sækir Ísland heim við mikinn fögnuð skemmtanaglaðra Íslendinga. Í ár hafa fjögur ný tívolítæki bæst við flóruna.



Miðinn kostar 100 krónur en misjafnt er hversu marga miða þarf í hvert tæki. Tívolíið verður við Smáralind til 12. ágúst og er opið frá 13.00 til 22.30 frá sunnudegi til fimmtudags en er opið hálftíma lengur föstudag og laugardag.

# Alþjóðahúsið í hvalaskoðun

Hvalaskoðunarferð verður farin á vegum Alþjóðahússins fimmtudagskvöldið 12. júlí. Þetta er fyrsta sumarferð Alþjóðahússins. Búast má við því að sjá lunda og höfrunga og smáhveli á borð við hnísu eða hrefnu. Ferðin kostar kr. 1.000 fyrir manninn. Mæting er kl. 19.15 við Alþjóðahúsið, Hverfisgötu 18.

Allir eru velkomnir, en nauðsynlegt er að skrá þátttöku í síma 530-9300 eða með því að senda póst á info@ahus.is.

Sumarferðirnar verða vikulega fram í miðjan ágúst. Hinn 19. júlí verða álfar og tröll heimsótt í Draugasetrið, 26. júlí verður farið á hestbak hjá Íshestum, 2. ágúst er ferð út í Viðey og 11. ágúst er farið að Gullfossi og Geysi. Að lokum verður farin ferð 16. ágúst í söfn í miðbæ Reykjavíkur.

Allar nánari upplýsingar fást á vefsíðu Alþjóðahússins www.ahus.is.



**Búast má við að sjá lunda, höfrunga og smáhveli.**



**Djúpivogur. Langabúð er lengst til hægri.** MYND/ÞÖK

# Brekkusöngur og strandblak

Með oddi og egg er afmælishátíð Ríkarðssafns á Djúpavogi í tilefni þess að 10 ár eru frá því það var sett upp í Löngubúð. Fjölbreytt dagskrá verður um helgina, svo sem tónleikar, brekkusöngur, strandblak, göngur, siglingar og fleira.

Ríkarður Jónsson var einn þekktasti útskurðarmeistari landsins. Hann fæddist og ólst upp í Strýtu rétt við Djúpavog. Meðal muna sem verða á safninu á hátíðinni er ræðustóll sem Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri lánar og einnig klukka frá Minjasafni Austurlands. Þar er ekki um neitt vasaúr að ræða heldur heilan klukkuturn.



**Guðni ætlar að finna líkindi með Flosa Þórðarsyni og einhverjum núlifandi stjórnmálamanni.**

# Guðni fjallar um Flosa

„Ég ætla að fjalla um Flosa Þórðarson og freista þess að komast að niðurstöðu um hvort hann var brennuvargur eða sæmdarhöfðingi.“ Þetta segir Guðni Ágústsson, fyrrverandi ráðherra, sem verður með fyrirlestur í Njálusetrinu á Hvolsvelli á laugardaginn. „Ég ætla líka að reyna að finna út úr því hvort hann líkist einhverjum núlifandi stjórnmálamanni,“ heldur Guðni áfram og tilhlökkunin leynir sér ekki.

Fyrirlesturinn hefst klukkan 17 á laugardag og í leiðinni er upplagt að gefa sér tíma til að skoða ljósmyndasýningu Ottós Eyfjörð í setrinu og kíkja á Kaupfélagssafnið – fyrir utan hina nýju Njálusýningu sem sett var upp í vor.

*- gun*



# Menning og mannrækt

**Sumartónleikar fara fram í þrítugasta og þriðja sinn í Skálholti og eru rauði þráðurinn í sumardagskránni.**

„Helga Ingólfsdóttir og Manuela Wiesler unnu það mikla afrek að setja á stofn sumartónleikana á sínum tíma. Þá þótti mörgum undarlegt að vera með slíka tónleika úti í sveit en núna hafa þeir svo sannarlega fest sig í sessi,“ segir Kristinn Ólason, rektor við Skálholtsskóla.

Í Skálholti er fjölbreytt starfsemi yfir sumartímann. Dagskráin mótast þó mest af tónlistarstarfseminni og er þetta í þrítugasta og þriðja sinn sem sumartónleikar eru haldnir.

Tónlistarfólkið sem stendur að sumartónleikunum æfir í Skálholti í allt sumar ásamt því að leika á tónleikum á fimmtudögum, laugardögum og sunnudögum. Auk hinna hefðbundnu sumartónleika mun Mótettukórinn og stórhljómsveit undir forystu Harðar Áskelssonar vera við æfingar í Skálholti seinnipart sumars.

Í ágúst mun kórinn halda stórtónleika þar sem flutt verður H-moll-messan eftir Bach mánudaginn 13. ágúst kl. 19.00 og Ísrael í Egyptaland eftir Händel föstudaginn 17.ágúst.

„Tónleikar Mótettukórsins eru í beinu framhaldi af sumartónleikunum og munu koma með nýja vídd inn í dagskrána sem við fögnum mjög,“ segir Kristinn.


**Kyrrðardagar í Skálholti eru gífurlega vinsælir á veturna. Þar kemst fólk í góða hvíld úr amstri dagsins.**
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skálholt tekur á móti þrjú hundruð þúsund gestum á sumri, sem ýmist sækja tónleika eða njóta náttúrunnar á þessum sögufræga stað. Að sögn Kristins er gistiaðstaða Skálholtsskóla gífurlega vinsæl en þar er einnig rekið veitingahús.

Skólinn tekur á móti ólíkum hópum í mennta- og menningarskyni allan ársins hring. Þangað koma guðfræðingar, djáknar og prestar til símenntunar auk þess sem Skálholt skipuleggur ýmis námskeið og ráðstefnur. „Í haust kemur ný biblíuþýðing á íslensku og þá verðum við með ráðstefnu og bjóðum fræðimönnum á ýmsum sviðum enda um stóran viðburð að ræða,“ segir Kristinn.

Flestir viðburðir Skálholts eru með trúarlegu ívafi og tengjast starfi kirkjunnar að einhverju leyti. „Kirkjan vill gjarnan eiga rödd í því starfi sem fer fram hérna í Skálholti. Enda er eðlilegt að kirkjan hafi skoðun á umhverfis- og velferðarmálum,“ segir Kristinn sem nefnir einnig Kyrrðardagana sem Skálholt býður upp á.

„Kyrrðardagarnir eru gífurlega vinsælir og opnir öllum sem hafa áhuga. Þá bjóðum við fólki að hverfa úr amstri hversdagsleikans hingað austur í kyrrðina. Dagskráin varir yfir helgi þar sem við bjóðum upp á hvíld og fræðslu með ólíkum áherslum,“ segir Kristinn og nefnir meðal annars fræðslu um sjúkraþjálfun, streitu, jóga, gönguferðir og Qi Gong.

Staðurinn er vinsæll meðal brúðhjóna og segir Kristinn sum hjón jafnvel gista í Skálholti. Hann hvetur þó fólk eindregið að panta tímanlega vegna mikillar eftirspurnar.

Allar upplýsingar um Skálholt eru á slóðinni: www.skalholt.is. Allar upplýsingar um sumartónleikana eru á slóðinni: www.sumartonleikar.is. *rh@frettabladid.is*


**Kristinn Ólason, rektor í Skálholtsskóla, segir sumartónleikana vera rauða þráðinn í sumarstarfi í Skálholti.**
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





allir litir náttúrunnar eru okkar litir




## VITRETEX, á steinsteypu og múrhúð utanhúss,

...vatnsþynnanleg akrýlmálning, veðurþol fyrir íslenskar aðstæður




*Vitretex er létt í vinnslu og þekur vel, ætluð á steinsteypu og múrhúð utanhúss.*

*Mött og vatnsþynnanleg akrýlmálning með frábært alkalí-, vatns- og veðrunarþol og hentar því íslenskum aðstæðum sérlega vel. Sveigjanleg filma minnkar líkurnar á sprungumyndun, málningin andar og hindrar því ekki eðlilegt rakaútstreymi frá fletinum, hreinsar sig sérlega vel og safnar ekki í sig óhreinindum.*

*Komið og leitið ráða hjá sérfræðingum okkar eða fáið góð ráð og lausnir á heimasíðunni, www.slippfelag.is.*




# Sumarhúsalán

Hjá okkur geturðu fengið Sumarhúsalán til kaupa
eða endurbóta á sumarhúsinu þínu.

Kannaðu málið nánar á vefsíðu okkar, www.byr.is,
komdu í heimsókn eða hringdu í síma 575 4000.

BYR SPARISJÓÐUR

*ATH! Útlán eru háð lánareglum BYRS - sparisjóðs.

BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

DYNAMO REYKJAVÍK

## Húsnæði til sölu




**Siglufjörður**
Til sölu 136 fm. íbúð ( hæð og ris) á Hólavegur 36. Siglufirði. Uppl. í s. 848 6912.



Til sölu heilsárshús á fallegri eignarlóð í Miðengi í Grímsnesi. Um er að ræða 70. fm. hús auk 35. fm. svefnlofti og 80.fm. verönd. Verð frá 12.9 mil. öll tilboð skoðuð. Upplýsingar í síma 866 9621.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu ca. 150 & 350fm atvinnuhúsnæði, með stórum innkeyrsluhurðum í Hafnaf. Uppl. í s. 860 0866.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## Sumarbústaðir

Til sölu ósamsett Lovísa smáhýsi frá Godda. WC, innrétting og kamína geta fylgt. Selst undir kostnaðarverði. Uppl. í síma 8600570



**Til leigu**
vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km frá Rvk. Fjölbreytt afþreying.m. Uppl. í síma 663 2712

**Góð afslöppun á Norðurlandi.**
**Gott sumarhús til leigu á Norðurlandi. Öll þjónusta og afþreifing í næsta nágranni svo sem veiði, frítt í golf á glæsilegum golfvelli og margt fleira. Upplýsingar í síma 517 6200.**




## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Óskum eftir að ráða vana gröfumenn á nýja hjólagröfu og beltagröfu. Uppl. í s. 893 2000.**

**Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára**
**Óskar eftir bilstjórum í kvöld & helgarvinnu.**
**Uppl. í s. 822 8835 eða á www.nings.is**

UNIQUE hár & spa

Hársnyrtinemi óskast. Upplýsingar í síma 552 6789.

**Bílstjóri óskast.**
**Óskum eftir bilstjóra með meiraprófi frá aldrinum 25-45 ára, æskilegt að vera með ADR réttindi, en ekki skilyrði. Þarf að vera líkamlega og andlega hraustur. Góð laun í boði fyrir réttan starfsmann.**
**Upplýsingar í síma 898 9006.**

**Leikskólinn Skógarborg**
**Leikskólakennari / leiðbeinandi óskast í 100% starf í ágúst n.k. á leikskólann Skógarborg í Fossvogi.**
**Uppl. gefa leikskólastjórar í s. 553 1805.**

**Prikið auglýsir.**
**Vantar fólk í dyravörslu helgarvinna í boði. 20 ára aldurstakmark.**
**Upplýsingar í síma 690 6906**

**Pizza Hut**
**Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í ágúst. Lágmarksaldur er 18 ára. Pizza Hut Nordica leitar að starfsfólki í fullt starf, áhugasamir hafi samband við Birgir veitingastjóra í síma 694-8022. Pizza Hut Smáralind leita að starfsfóki í hlutastörf, áhugasamir hafi samband við Ómar veitingastjóra í síma 869 6683. Einnig er hægt að sækja um á www.pizzahut.is**

**Cafe Conditori Copenhagen**
**Við óskum eftir hressu og góðu fólki í fullt starf á kaffihús okkar. Unnið er á vöktum og fá allir starfsmenn kennslu í kaffigerð.**
**Nánari upplýsingar veitir Silvía í síma 699 8827.**

Okkur vantar málara í vinnu eða menn vana málningarvinnu. Litalínan ehf S. 898 9591 & 896 5445.

**Hár!**
Óskum eftir nema og sveini til starfa sem fyrst. Hárstofan Noon. S. 567 2077 587 0077.

**Dekkja og smurverkstæði**
Óskum eftir fólki til starfa hjá smur og hjólbarðaverkstæði Bílkó. Uppl. í s. 660 0560, Guðni.

Annan Stýrimann og matsveinn vantar á tæplega 200 tonna neta og dragnotabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 853 2999 & 845 3480.

Au-Pair óskast til 5 manna ísl. fjsk. á Tenerife frá 15 águ.Umsóknir sendist á jonadis@hotmail.com fyrir 17.júlí

**Helgarstörf**
Óskum eftir að ráða helgarstarfsfólk í verslun okkar. Leitum að heiðarlegu og duglegu fólki. Upplýsingar veittar á staðnum, Rafvörumarkaðurinn við Fellsmúla.

Rútubílstjóri óskast í hálendisferðir. sími 894 0026 fjallatr@nett.is

Óska eftir meiraprófsbílstjóra, áhugasamir vinsamlegast hafið samband í s.8216732.

Hótelstörf - Jobs in Hotel Hótel óskar að ráða starfskrafta í ræstingar og umsjón morgnverðar. Hotel wish to hire employees for cleaning and care of breakfast. Hótel Smári, sími 664-5902 hjalti@hotelsmari.is

Vantar bátsmann og netamann á ísfisk togara sem rær frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 894 8500.

**Rafvirkjar Langar þig að vinna skemmtilega tæknivinnu?**
Góðir Menn rafverktakar leita að rafvirkjum í vinnu við uppsetningar og forritun á ýmsum öryggisbúnaði og í almenna raflagnavinnu. Bíll + sími + snyrtileg innivinna á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar í síma 820 5900.

Gröfumaður óskast á 16 tonna hjólavél. Þarf að getað byrjað strax. Uppl. í s. 893 4495.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**
Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífsins.
Erum einungis með faglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu.
Veitum trausta og góða þjónustu.
Verð 39.000.- m/vsk
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888
FAGRÁÐNING
Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhylur 7 - 110 Reykjavík

Kona óskar eftir starfi við bókhald hef lært á Navision er ekki vön einnig hef ég áhuga á gerast sölumaður á ferðinn hjá heildsölum td. Uppl. í s. 697 6567.

Ég er pólskur verkamaður með fullkomin málmsuðu réttindi og vantar atvinnu. Hef unnið hér á landi um langt skeið við allskyns vinnu, en þó mest við byggingavinnu. Er tilbúinn að skoða alla atvinnumöguleika, hvar sem er á landinu, ekki síst á Árborgarsvæðinu. Launakrafa mín eru 1.200 Kr á tímann. Er harðduglegur til vinnu og góður í mannlegum samskiptum. Uppl. í símum. 555 4633 og 893 1442

## Viðskiptatækifæri

**Frábært tækifæri**
Óskum eftir fjárfesti í stórt og umfangsmikið verkefni. Uppl. eta@royal.net

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**18plús.is.**
XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

**Celebrity.is**
Núna 12.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

Annar hver vinnur. Hringið í síma 896 6020

## Tilkynningar




FASTEIGNIR

F A S T E I G N A S A L A N
MIKLABORG
Síðumúla 13 - sími 569 7000 - miklaborg@miklaborg.is

HESTAVAÐ 1 til 3 - 110 Reykjavík - OPIÐ HÚS Í DAG




**Opið hús í dag fimmtudag, á milli kl. 17-19**

Um er að ræða einstaklega fallegar íbúðir í litlu lyftuhúsi á fallegum stað í Norðlingholti. Húsið er hannað á afar vandaðan hátt, stílhreint, einfalt og klassískt og snýr vel við sól. Íbúðirnar eru flestar 3ja - 4ra herb. og er verð íbúða frá 29,7 m. - 34,2 m. Stærð íbúðanna er frá 118,0 fm - 135 fm. Þrjár „penthouse" íbúðir sem eru um 200 fm að stærð og er óskað eftir tilboðum í þær. **Stæði í bílageymslu fylgir með öllum íbúðunum.**

Óskar R. Harðarson, hdl. og löggiltur fasteignasali

Frum



Gerum gott úr þessu
Pappír er frábært efni. Eftir að hafa fært okkur fréttir og annað lesefni getur pappírinn öðlast nýtt hlutverk. Það eina sem við þurfum að gera er að flokka hann og skila í næsta pappírsgám eða endurvinnslutunnu.
Gott til endurvinnslu
Samtök iðnaðarins og SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu / Sjá nánar um endurvinnslu prentmiðla á www.si.is – Hönnun Hvíta húsið/ SÍA

# Hönd fyrir höfuð

**UMRÆÐAN**
Sjávarútvegur


ELFAR AÐALSTEINSSON

Eiríkur Stefánsson fyrrverandi verkalýðsfrömuður á Fáskrúðsfirði fór mikinn í Kastljósinu síðasta föstudag. Þar ásakaði hann mig um að hafa við sölu á hlutabréfum mínum í Eskju „tekið út úr greininni þúsund milljónir“ og með því skilið heimamenn og byggðarlagið eftir í skuldsetningu og volæði. Þeir stæðu nú frammi fyrir að þurfa að selja allan bolfiskkvóta félagsins til að bæta fyrir skaðann. Eiríkur bætti svo við að að ég hefði „aldrei migið í saltan sjó“. Mér finnst mikilvægt að orðaskak Eiríks sé leiðrétt og um leið sýnd viðleitni við að slá á andúð hans í garð kvótakerfisins.

Er ég tók við rekstri Eskju í ársbyrjun 2001 var fjárhagsstaða félagsins erfið og samstarfsfólk mitt og ég lögðum mikið á okkur til að endurskipuleggja reksturinn. Sumar aðgerðirnar voru erfiðar en um leið nauðsynlegar til að félagið næði styrk til að taka þátt í þeirri samkeppni sem ríkir á frjálsum markaði. Það tókst og tveimur árum síðar var fjárhagur Eskju orðinn nægjanlega sterkur til að hægt væri að bæta við kvótastöðu félagsins. Á meðan ég var við stjórnvölinn voru aldrei seldar veiðiheimildir. Þvert á móti stóð ég fyrir kaupum á veiðiheimildum er nánast tvöfölduðu bolfiskkvóta félagsins og styrktu reksturinn til muna. Þær veiðiheimildir hafa vaxið mjög að markaðsverðmætum og eru enn á Eskifirði.

Það er mikilvægt að rugla ekki sölu veiðiheimilda saman við sölu hlutabréfa eins og Eiríkur virðist gera. Hlutabréf í sjávarútvegsfyrirtækjum endurspegla eignarhluti í skipum, verksmiðjum, viðskiptavild og mannauði jafnt sem veiðirétti. Því má ekki gleyma. Brotthvarf mitt úr hluthafahópi Eskju var fyrst og fremst vegna ólíkra sjónarmiða samhluthafa minna varðandi rekstraráherslur og framtíðarstefnu. Ég lagði til að fyrirtækinu yrði skipt upp og ég tæki hluta af eignum þess og skuldum og ræki sem sjálfstæða einingu. Því var hafnað. Niðurstaðan varð sú að ég seldi hlutafé mitt með blendnum hug en í sátt við þá hluthafa sem gengu til liðs við hluthafahópinn. Að kaupunum stóðu fyrirtækin Skeljungur, Tryggingamiðstöðin og Eskja til jafns. Það er því beinlínis rangt að halda því fram að með sölu hlutabréfanna hafi komið til „verulegrar skuldsetningar heimamanna“ eins og Eiríkur heldur fram.

Umræða um sjávarútvegsmál á og má ekki festast í þeim rætna farvegi sem Eiríkur hefur fyrirfundið. Sú aðferðarfræði hans að leitast við að sverta mannorð einstaklinga til þess eins að ala á andúð í garð kvótakerfisins er afar ósmekkleg og sjálfdæmist.

Hvað varðar yfirlýsingu Eiríks að ég hafi „aldrei migið í saltan sjó“ þá skal það hér með leiðrétt. Þó ég teljist seint til mestu sjóhunda Íslandssögunnar þá vann ég sem háseti í sumarafleysingum á Jóni Kjartanssyni – en meig um borð. Það var hinsvegar eftir sveitaböllin sem við vinirnir fórum niður á frystihússbryggju og sprændum í sjóinn og hittum – að mig minnir – í flestum tilfellum.

*Höfundur er fyrrverandi forstjóri Eskju.*

# Innköllum kvótann

**UMRÆÐA**
Kvótakerfið


LÚÐVÍK GIZURARSON

Nú hefur verið ákveðið að draga úr þorskveiðum á næsta fiskveiðiári. Þá reka menn upp mikið harmavein og telja illa með sig farið. Mikið er til í því. Það fer ekki vel að blanda of mikið saman peningum og ást á þeim og leyfum til þorskveiða sem við köllum kvóta.

Eðlilegast væri, að ríkið ætti kvótann og leigði hann út. Hefði hlutafélag til að taka við leigunni sem greinarhöfundur kallar Kvótasjóðurinn ohf. eða opinbert hlutafélag. Þá væri ekki allur þessi æsingur og kvótabrask. Menn gætu leigt kvóta og tekjurnar færu til arðbærra verkefna en ekki í einkabrask.

Til að taka umdeilt dæmi þá hefði mátt byggja Kárahnjúkavirkjun fyrir tekjur af kvótaleigu og eiga virkjunina skuldlausa. Selt rafmagn hefði þá verið nettó tekjur. Svo hefðum við getað byggt þessa virkjun í rólegheitum sjálfir, en ekki með erlendu vinnuafli og miklum asa, sem kostað hefur nokkra menn lífið. Gera þetta sjálfir með gróða, en nú má alveg eins búast við tapi af raforkusölunni þar sem vextir eru háir og virkjunin öll í skuld. Þetta er tekið sem dæmi um það, að sjálfs er höndin hollust. Vatnajökull er að bráðna og mun land þá rísa þarna og jarðsprungur hreyfast. Í því er áhætta.

Annars var ætlunin að ræða um kvótann og leggja til að hann væri innkallaður gegn hæfilegum bótum úr Kvótasjóðnum ohf., sem síðan myndi leigja kvótann út til að fá peninga sína til baka. Kvótinn yrði þá ríkiseign í sérstöku hlutafélagi. Hægt væri að stjórna leigunni þannig, að staðirnir úti á landi fengju hæfilegt magn leigt og byggju ekki lengur við það óöryggi og einkabrask að einn daginn væri kvóti og útgerð seld eins og gert var á Flateyri um daginn. Allt selt án fyrirvara og fólkið á staðnum án nokkurs réttar. Það missir bæði vinnu og húseignir sínar í mörgum tilfellum bótalaust.

Vonandi verður kvótinn innkallaður og svo leigður út með siðuðum hætti og með fullri virðingu fyrir lífi og gæfu þess fólks sem vinnur við fiskveiðar um allt land.

Greinarhöfundur þekkir þessi mál örlítið af eigin raun. Hann var á Norðfirði sem strákur og þekkti útgerð afa síns vel. Hann gerði út og verkaði í saltfisk. Rak líka verslun, mest með ýmsar útgerðarvörur. Sumarið 1939 var mikið sólarsumar á Norðfirði og var það greinarhöfundi mikið sælusumar að vera þar. En hann man vel að sjómenn kvörtuðu mikið yfir aflaleysi og kenndu fjölda erlendra togara á miðunum fyrir utan um aflaleysið. Svo kom heimsstyrjöldin í haustið 1939 og erlendir togarar fóru. Þorskurinn rétti samt ekki við nema á löngum tíma. Menn þurfa ekki að búast við aukinni þorskveiði næstu árin. Hún verður jafnvel minni. Svo illa hefur kvótakerfið farið með fiskimiðin. Innkalla ber kvótann gegn hæfilegum bótum. Síðan myndi Kvótasjóðurinn ohf. leigja út hæfilegt magn af kvóta og láta þá njóta öryggis með veiðar, sem eru í sjávarþorpunum út um allt land.

Búum okkur undir enn meiri samdrátt í veiðum á þorski vegna kvótans, sem hefur eyðilagt þorskinn. Svo verður jafnvel að banna loðnuveiðar, svo þorskurinn hafi nægt æti í sjónum til að aukast aftur.

*Höfundur er hæstaréttarlögmaður.*

# Þúsund og einn, þúsund og tveir, þúsund og þrír

**UMRÆÐAN**
Aftanákeyrslur


SUMARLIÐI GUÐBJÖRNSSON

Að ná ekki að stöðva bifreið í þéttri umferð og lenda aftan á annarri fyrir framan í röðinni eða á gatnamótum er eitt alvarlegasta meinið í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu. Allt of margir sem fara af stað út í umferðina að morgni dags sitja uppi með það að kvöldi að hafa lent í aftanákeyrslu. Hafa jafnvel skaðað sjálfa sig og aðra og valdið verulegu eignatjóni.

Aftanákeyrslur eru margar, árið 2006 urðu t.d. 3.400 aftanákeyrslur, þar af rúmlega 2.900 á höfuðborgarsvæðinu. Í þessum árekstrum skemmdust rúmlega 7.000 bifreiðar og margir ökumenn og farþegar slösuðust.

Samkvæmt útreikningum má gera ráð fyrir því að kostnaður vegna tjóna þar sem ekið er aftan á annað ökutæki í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu hafi numið 2.779 milljónum árið 2006. Meðaltjónakostnaður í hverju tjóni er u.þ.b. 770.000 krónur. Mörg tjón eru minniháttar en þegar harðar aftanákeyrslur verða fylgja þeim alvarleg líkamstjón. Flest verða þessi tjón vegna þess að ökumenn gæta þess ekki að hafa nægjanlegt bil í næsta bíl fyrir framan og jafnframt gæta þeir ekki ávallt að því sem er fram undan og gera sér ekki grein fyrir því að hægt gæti á umferð.

Í umferðarlögum eru ákvæði um það að ökumaður eigi að geta stöðvað á þeim hluta vegar sem fram undan er og áður en kemur að hindrun. Í 36. grein umferðarlaganna eru síðan taldar upp helstu aðstæður þar sem ökumenn þurfa að gæta sérstaklega að hraða vegna umferðaröryggis.

Fylgi menn ekki þeim reglum sem þar er lýst er mikil hætta á því að þeir nái ekki að stöðva og aki aftan á aðra bifreið sem er skyndilega stöðvuð. Eins og umferðarþunginn er á höfuðborgarsvæðinu verður stöðugt að gera ráð fyrir því að umferðin stöðvist, sérstaklega á stofnbrautum þar sem umferð er mjög mikil og henni stýrt með umferðarljósum.

Gott viðmið fyrir ökumenn er að nota „þriggja sekúndna regluna“ til að tryggja hæfilega fjarlægð milli ökutækja. Þessa aðferð lærðum við flest er við tókum ökupróf en í ljósi reynslunnar þá má alveg rifja hana upp: Hún er þannig að þegar ökutæki sem á undan fer er ekið framhjá kennileiti, t.d. ljósastaur, þá telur ökumaðurinn sem á eftir ekur upp að þremur en bætir orðinu „þúsund“ fyrir framan og setur orðið „og“ þar á milli. Hann telur þannig: Þúsund og 1 þúsund og 2, þúsund og 3.

Ef ekið er framhjá kennileitinu áður er komið er að því að telja „þúsund og 3“ þá er vegalengdin milli ökutækjanna of lítil og hætta á aftanákeyrslu veruleg.

Ef allir færu eftir þessari reglu má reikna með að þjóðfélagið sparaði stórar fjárhæðir í óþarfa tjónum en rétt er að nefna það að kostnaður þjóðfélagsins vegna umferðarslysa er áætlaður á bilinu 22 til 30 milljarðar króna á ári. Kostnaður sem verður til vegna þess að vegfarendur gera mistök í umferðinni.

Koma mætti í veg fyrir líkamstjón, óbætanlegar þjáningar og sorg ef allir legðust á eitt við að fara eftir settum reglum og einbeittu sér aðeins að því að aka bifreiðinni í stað þess að vera með hugann annars staðar þegar verið er að aka vélknúnu ökutæki.

*Höfundur er deildarstjóri bifreiðatjóns hjá Sjóvá.*

# Vatnsryksugur eða Herbalife?

**UMRÆÐA**
Herbalife


HJÖRDÍS ANDRÉSDÓTTIR

Ég las fyrir nokkru síðan í Fréttablaðinu um svokallaðan „dellur“ Íslendinga í gegnum tíðina. Þar var minnst á Herbalife-vörurnar, gefið í skyn að þeir sem álpuðust til að reyna að pranga Herbalife inn á fólk hér um árið gangi nú húsa á milli og selji vatnsryksugur.

Sem betur fer hefur Íslendingurinn ekki farið varhluta af heilsubyltingu hins vestræna heims og æ fleiri hugsa betur um heilsu sinni. Sem dreifingaraðili Herbalife hitti ég fólk sem þiggur fegins hendi hjálp við þeim vandamálum sem nútímamaðurinn stendur frammi fyrir á tímum skyndilausna. Fólk sem þjáist af orkuleysi, offitu, meltingartruflunum, svefnleysi eða sykurlöngun, svo fátt eitt sé nefnt.

Mannslíkaminn hefur á mörgum milljónum ára þróast í það sem hann er í dag og er illa í stakk búinn til að takast á við matvælaþróun síðustu ára. Svo langri þróun verður ekki snúið við á einni öld. Nútíminn færir okkur skyndimat og unnin matvæli á silfurfati, fæðuval sem samanstendur af „tómum“ hitaeiningum og gagnast líkama okkar ekki eins vel og þau matvæli sem menn neyttu áður. Íslendingar hafa ekki farið varhluta af þróun í matvælaiðnaði nútímans. Það er víst að Íslendingur sem var uppi um aldamótin 1900 borðaði meira af próteini og omega-fitusýrum heldur en nútíma Íslendingur.

Mannslíkaminn hefur á síðustu öldum vanist að fá ekki mat hvar sem er og hvenær sem er, hann er í eðli sínu ginkeyptur fyrir feitum og orkuríkum mat. Hann er auk þess líffræðilega hannaður til að langa í slíkan mat, og til að breyta allri umframorku í fitubirgðir sem geyma á til „mögru“ áranna. Varla mikil von til að við á 21. öldinni upplifum slíkt í bráð. Mannskepnan á árum áður vann erfiðisvinnu, átti ekki fatnað eða upphituð híbýli, og eyddi þar af leiðandi öllum umframhitaeiningum og fitubirgðum líkamans sjálfkrafa – gjörólíkt þeim raunveruleika sem við búum við í dag.

Sjálf get ég fullyrt að þrátt fyrir að vera komin yfir fertugt hefur mér aldrei í mínu lífi liðið betur en í dag. Ég veit núna muninn á því að innbyrða alla daga vikunnar öll þau nauðsynlegu næringarefni og vítamín sem líkaminn þarf á að halda til að geta starfað eðlilega í starfi og leik, og því að geta varla tekist á við allt sem ég þurfti að gera í mínu krefjandi starfi - hvað þá að eiga afgangs orku til að gera allt það sem mig langaði til að gera þess utan.

Ég hef enn ekki hitt nokkurn einstakling sem vill ekki líða vel, vera orkumikill, heilsuhraustur, í góðu formi, unglegur og eiga alla möguleika á góðu og heilbrigðu lífi til dauðadags. Af óbilandi hugsjón leitumst við dreifingaraðilar Herbalife við að hjálpa fólki eins og þér til að finna leið til betra lífs. Það þekkja Íslendingar sem nota ytri og innri næringu Herbalife sér til heilsubótar.

Vatnsryksugur eru öflug heimilistæki en þær verða viðskiptavinir mínir að kaupa annars staðar en hjá mér.

*Höfundur er dreifingaraðili Herbalife.*

# Dómar réttlæta ranglætið

**UMRÆÐA**
Dómar


ALBERT JENSEN

Hvað eftir annað þarf þjóðin að láta sér lynda að dómarar Héraðsdóms Reykjavíkur og Hæstaréttar verði sér og henni til skammar hérlendis sem erlendis. Þeir eru að verða alræmdir fyrir túlkun sína á réttu og röngu. Leita þarf til vanþróaðra einræðisríkja til að sambærileg túlkun á réttlæti finnist. Það er óásættanlegt að reyndustu dómarar þjóðarinnar skuli svo oft klúðra mikilvægum málum sem raun er á. Þjóðin má ekki una því að æðstu dómarar hennar séu svo skyni skroppnir að þeir láti slægvitra lögfræðinga vefja þeim um fingur sér, um leið og réttlætið er fótum troðið.

Fimmta maí var pólskur maður sýknaður í héraðsdómi, en hann hafði nauðgað konu á salerni í kjallara Hótels Sögu. Dómurinn telur framburð stúlkunnar einkar trúverðugan, en dæmir þó þvert á hann. Þeim fannst nefnilega ofbeldið ekki nógu sannfærandi þó nauðgarinn viðurkenndi níðings aðfarir og að ótrúlegt sé að stúlkan hafi boðið ókunnum manni á klósettið með sér. Dómararnir minna á sofandi afglapa, svo utangátta var skilningur þeirra á viðbrögðum stúlkunnar við óvæntri árás ofbeldismanns. Þeir litu framhjá þeirri staðreynd að afleiðingar ofsahræðslu eru oft áfall sem veldur máttleysi sem skýrir meðal annars hvers vegna ekkert heyrist í stúlkunni. Svo mögulegt að níðingurinn hafi haldið fyrir vit hennar. Málið hlýtur að fara fyrir Hæstarétt og lengra ef þarf.

Annar áfellisdómur yfir íslensku réttarfari er að Mannréttindadómstólinn skuli dæma íslenska ríkið brotlegt þegar Hæstiréttur sýknaði það í máli Söru Lindar Eggertsdóttur. Þar nýtti Hæstiréttur umsögn hlutdrægra aðila. Málið fór fyrst fyrir héraðsdóm sem dæmdi stúlkunni rúmar 28 milljónir. Hæstiréttur sýknaði svo ríkið eftir að ný gögn bárust frá læknaráði. Þar var ekki gætt hlutleysis. Vonandi sér ríkið sóma sinn í að greiða stúlkunni bæturnar sem héraðsdómur dæmdi. En Mannréttindadómstóllinn telur málflutning hans vandaðan.

Fyrir mörgum árum nauðguðu þrír menn 13 ára stúlku og voru sýknaðir vegna ungs aldurs og að þeir höfðu aldrei nauðgað áður. Þeir voru 17 og 18 og 19 ára gamlir. Ég skrifaði harðorða ádeilu á réttarfarið og sakaði það um að gefa veiðileyfi á fermingarbörn. Samkvæmt dómnum var mönnum sem höfðu hreint sakavottorð og voru innan tvítugs, heimilt að nauðga börnum.

*Höfundur er trésmíðameistari.*

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.721 **+0,40%**

**Fjöldi viðskipta:** 744
**Velta:** 9.826 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **EIK BANKI P/F** | +4,26% | **ACTAVIS** | -3,15% |
| **TEYMI** | +3,56% | **FLAGA GROUP** | -1,06% |
| **NÝHERJI** | +3,13% | **ÖSSUR** | -0,92% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 86,00 -3,15% ... Atorka 8,95 -0,22% ... Bakkavör 70,80 +0,57% ... Eimskipafélagið 39,35 -0,38% ... Exista 39,20 +2,22 ... FL Group 29,50 -0,67% ... Glitnir 29,10 +0,34% ... Icelandair Group 30,95 +0,49 ... Kaupþing 1.233 +1,23% ... Landsbankinn 39,70 +2,06% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 22,80 +0,22% ... Teymi 5,53 +3,56 ... Össur 107,50 -0,92%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Fasteignirnar draga vagninn

**Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,22 prósent í júlí og mælist 3,8 prósent. Verðbólga væri meiri ef ekki hefðu komið til útsölur.**

Verðbólga er yfir spám greiningardeilda bankanna samkvæmt mælingu Hagstofunnar í júlí. 12 mánaða verðbólga er þó komin niður fyrir 4,0 prósenta efri þolmörk Seðlabankans og stendur nú í 3,8 prósentum. Tólf mánaða verðbólga hefur ekki mælst lægri síðan í ágúst 2005.

Spár greiningardeilda hlupu á bilinu 0,1 prósents lækkun og yfir í 0,1 prósents hækkun á vísitölunni milli mánaða, en hún reyndist svo 0,22 prósent.

„Húsnæðisverð er áfram mikill áhrifavaldur í verðlagsmælingum og dregur vagninn í nýjustu hækkunum á vísitölu neysluverðs eins og svo oft áður undanfarin misseri,“ segir Gunnar Árnason sérfræðingur efnahagsmála hjá Byri sparisjóði. Hann telur þó ekki það eitt áhyggjuefni að umsvif á fasteignamarkaði virðast vera að aukast lítillega á nýjan leik eftir sýnilegan samdrátt á síðari hluta síðasta árs og byrjun þessa.

„Spár um áframhaldandi hratt minnkandi hagvöxt á yfirstandandi ári og því næsta eru líklegar til að ganga eftir eins og mál standa. Í ljósi þess er sérstakt að Seðlabanki Íslands kjósi að halda stýrivöxtum sínum svo háum og lýsi yfir óbreyttum vöxtum fram á næsta ár,“ segir hann og bendir á að tólf mánaða verðbólga sé nú undir þolmörkum bankans og telur ekki líkur á miklum viðsnúningi á þeirri þróun á næstunni, enda megi reikna með að styrking á gengi krónunnar komi fram í lægra innflutningsverði á vörum og þjónustu.

Greiningardeild Landsbanka Íslands rekur meiri verðbólgu en gert var ráð fyrir til töluverðra hækkana á heilsugæslu, tómstundum og menningu og matvöru,



**HJALLAHVERFI Í KÓPAVOGI** Útsöluáhrif vega á móti hækkandi verði fasteigna og fleiri þáttum í mælingum á vísitölu neysluverðs. Verðbólga er meiri en greinendur áttu von á. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

auk kostnaðar vegna eigin húsnæðis. „Sumarútsölur eru víðast hvar komnar á fullt skrið en þær valda um 0,4 prósenta lækkun á vísitölunni í júlí. Hefðu útsölur ekki valdi fyrrnefndri lækkun á vísitölu neysluverðs hefði verðlag hækkað um hátt í 0,7 prósent í mánuðinum,“ segir í greiningu bankans og bent á að útsöluáhrif séu tímabundin og megið því búast við að verð hækki aftur í sama horf. „Það er því enn mikill verðbólguþrýstingur í hagkerfinu.“

Greiningardeild Kaupþings hefur eftir Hagstofunni að fasteignaverð á landinu öllu hafi hækkað að meðaltali um 1,6 prósent milli mánaða síðustu þrjá mánuði. „Mikil þensla er á fasteignamarkaði um þessar mundir, umsvif hafa aukist töluvert á síðustu mánuðum en fjöldi þinglýstra kaupsamninga á höfuðborgarsvæðinu í júní síðastliðnum hefur ekki mælst hærri frá því í lok árs 2004,“ segir greiningardeildin, en gerir þó ráð fyrir hægari umsvifum á fasteignamarkaði þegar líða tekur á árið. Er það sagt munu gerast samhliða hækkandi vöxtum íbúalána og erfiðara aðgengi að lánsfé. **olikr@frettabladid.is**

# Eik skráð á markað

Hinn færeyski Eik banki var í gærmorgun frumskráður í kauphallirnar á Íslandi og í Danmörku. Skráningin fór fram í Þórshöfn við hátíðlega athöfn.

Viðskipti í Eik banka fóru nokkuð fjörlega af stað. Útboðsgengi bréfa í félaginu var 575 danskar krónur, en við lok markaðar stóðu bréfin í 735 dönskum krónum. Veltan nam alls réttum 120 milljónum íslenskra króna í 118 viðskiptum.

Eik banki er annar færeyski bankinn sem skráður er í Kauphöll Íslands á árinu, en Föroya Bank var skráður á markað að loknu almennu hlutafjárútboði fyrir rúmum tveimur vikum. Alls eru nú þrjú færeysk félög í kauphöllinni, en olíuleitarfélagið Atlantic Petroleum reið á vaðið í fyrrasumar.



**FORSTJÓRAR TAKAST Í HENDUR** Marners Jacobsen, forstjóri Eik Banka, og Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar íslensku, handsala skráningu Eik Banka á hlutabréfamarkað hér.

Marner Jacobsen, forstjóri Eik banka, hefur sagt söguleg tengsl þjóðanna tveggja auk mikilvægis þess að bankinn sé sýnilegur fjölmörgum íslenskum hluthöfum, hafa ráðið mestu um að ákveðið var að skrá Eik í Reykjavík. **- jsk**



**PABLO NERUDA (1904-1973) FÆDDIST ÞENNAN DAG**

*„Ég vil gera við þig það sem vorið gerir við kirsuberjatrén.“*

***Hinn spænski Neruda hlaut Nóbelsverðlaun í bókmenntum árið 1971.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 12. JÚLÍ 1998

## *Harmleikur við Drumcree*

Þrír drengir, þeir Richard, Mark og Jason Quinn, ellefu, níu og sjö ára, létust þennan dag árið 1998. Þeir lágu sofandi í rúmum sínum þegar bensínsprengju var varpað inn í húsið þar sem þeir sváfu. Móðir þeirra og unnusti hennar ásamt fjölskylduvini sluppu út við illan leik.

Atvikið átti sér stað eftir vikulöng mótmæli Óraníureglunnar við Drumcree en ástæðan fyrir mótmælunum var sú að yfirvöld höfðu bannað þeim af fara sína árlegu Drumcree-göngu í gegnum hverfi kaþólskra á Garvaghy-vegi.

Quinn-fjölskyldan var kaþólsk en bjó í hverfi þar sem meirihluti íbúa er mótmælendur.

Jarðarför drengjanna fór fram tveimur dögum eftir brunann og mættu þúsundir kaþólikka til að votta samúð sína. Eftir það dró hægt og rólega úr mótmælunum.

Í október 1999 var hinn 25 ára Garfield Gilmour dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir morð. Hann hafði keyrt bíl þeirra þriggja manna sem stóðu fyrir árásinni. Talið er að þeir hafi tilheyrt UVF, herskáum samtökum sambandssinna, en þeir eru enn þann dag í dag ófundnir.



**MÓTMÆLI** Óraníumenn fara í mótmælagöngu á hverju ári þó þeir gangi ekki lengur um Garvaghy-veg.

### MERKISATBURÐIR

**100 f.Kr.** Júlíus Sesar kemur í heiminn.

**1543** Hinrik VIII konungur Englands giftist sjöttu eiginkonu sinni, Catherine Parr.

**1947** Síldveiðiskipið Sverrir sekkur á Skagagrunni. Það var áður olíuflutningaskip.

**1962** Hljómsveitin Rolling Stones kemur fram opinberlega í fyrsta sinn, í Marquee-klúbbnum í London.

**1966** Raunvísindastofnun Háskóla Íslands tekur formlega til starfa.

**1990** Boris Jeltsín segir sig úr Kommúnistaflokknum.

**2003** Djassistinn Benny Carter andast 95 ára að aldri.



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Karlsdóttir,**

Urðarbraut 7, Garði,

lést sunnudaginn 8. júlí. Jarðarförin auglýst síðar.

**Fyrir hönd systkina og annarra vandamanna.**
**Sigurbjörg Ragnarsdóttir og Fanney G. Magnúsdóttir.**



†

*Okkar ástkæra eiginkona, móðir, dóttir, systir, barnabarn og tengdadóttir,*

**Hildur Sif Helgadóttir,**

Katrínarlind 5, Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild LHS, deild 11E, mánudaginn 9. júlí. Útför hennar verður gerð frá Hallgrímskirkju mánudaginn 16. júlí kl. 13.00.

**Ásþór Sædal Birgisson**
**Þórður Helgi Friðjónsson**
**Helgi Björnsson** **Kristín Guðmundsdóttir**
**Björn Helgason**
**Helga Heiða Helgadóttir**
**Björn Helgason**
**Birgir Guðmundsson** **Hanna Ásgeirsdóttir**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Karl Gústaf Ásgrímsson,**

Kópavogsbraut 97,

verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 13. júlí kl. 13.00.

**Svanhildur Th. Valdimarsdóttir**
**Margrét Inga Karlsdóttir**
**Helga Jóhanna Karlsdóttir** **Rúnar Sólberg Þorvaldsson**
**Bjarni Karlsson**
**Svanhildur A. Sigurgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, tengdafaðir, sonur og bróðir,*

**Óskar Stefán Óskarsson,**

slökkviliðsstjóri, Hvannahlíð 7, Sauðárkróki,

sem lést þann 3. júlí, verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 14. júlí og hefst athöfnin kl. 14.00.

**Olga Alexandersdóttir**
**Guðbjörg Óskarsdóttir** **Gunnar Páll Ólafsson**
**Júlíana Alda Óskarsdóttir** **Björn Ingi Björnsson**
**Óskar Veturliði Grímsson** **Margrét Gestsdóttir**
**Atli Már Óskarsson** **Steinunn Árnadóttir**
**Gestur Pétursson** **Bjarney M. Hallmannsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



**SJÁLFBÆR ORKA** fulltrúi DaimlerChrysler afhendir forstjórum Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar, Guðmundi Þóroddssyni og Friðriki Sophussyni, fyrsta vetnisfólksbílinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

SMART-H2 VERKEFNIÐ: FYRSTI VETNISFÓLKSBÍLLINN AFHENTUR Á ÍSLANDI

# Sjálfbær orkuframleiðsla

SMART-H2 verkefnið er langtímaverkefni á vegum íslenskrar Nýorku og VistOrku. Markmiðið er að fjölga vetnisbílum á Íslandi, jafnt og þétt á næstu þremur árum.

Fyrstu tilraunir með vetnisdrifin farartæki á Íslandi voru gerðar með vetnisstrætisvagna sem voru prufukeyrðir á höfuðborgarsvæðinu. Það verkefni gafst vel og á miðvikudag tók Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur við fyrsta vetnisfólksbílnum á Íslandi.

Bíllinn er af gerðinni Mercedes Benz A-class og frá bílaframleiðandanum DaimlerChrysler sem er einn af eigendum Íslenskrar NýOrku. Fyrirtækið er samvinnuvettvangur orkufyrirtækja og rannsóknastofnana sem nefnist VistOrka. Eigendur VistOrku eru Nýsköpunarsjóður, Hitaveita Suðurnesja, Orkuveita Reykjavíkur, Landsvirkjun, Iðntæknistofnun, Háskóli Íslands, Áburðarverksmiðjan í Gufunesi og Aflvaki. Á móti 51 prósenti Vistorku eiga þrjú erlend fyrirtæki í Íslenskri NýOrku: DaimlerChrysler, Norsk Hydro og Shell Int. Hydrogen, hvert um sig 16,3 prósent.

„Ástæðan fyrir því að þessir erlendu aðilar vildu vinna með Íslendingum eru aðferðirnar sem við notum við orkuframleiðslu. Vetni er ekki orkugjafi heldur orkuberi og til að framleiða vetni þarf mikla orku. Við framleiðum vatnsorku og jarðhitaorku sem er bæði endurnýjanleg og umhverfisvæn og þótti þess vegna spennandi kostur,"segir Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi hjá Landsvirkjun.

SMART-H2 verkefnið stefnir á innflutning á þrjátíu vetnisfólksbílum á næstu þremur árum. Þessir bílar koma frá ýmsum bílaframleiðendum og fara til fyrirtækja og aðila sem koma að íslenskri NýOrku meðal annars sem þjónustubílar.

„Bílarnir sem koma verða hluti af rannsóknarverkefni um notkun vetnis sem eldsneyti farartækja. Þar verður rannsakað hvernig bílarnir standa sig og kannað hvernig innviði framtíðar vetnissamfélags þarf að vera,“ segir Þorsteinn.

Hann segir einnig að til standi að koma vetnismótor í hjálparvél á minnsta kosti einum bát á þessu þriggja ára tímabili.

„Ef menn horfa á heildarorkunotkun Íslendinga þá eru rúm 70 prósent framleidd úr jarðvarma og vatnsafli. Restin er innflutt jarðefnaeldsneyti fyrir farartæki og fiskiskip og sú orka mengar.

„Ef við getum notað vetni fyrir farartæki á Ísland getum við orðið mun umhverfisvænni og óháðari erlendum orkugjöfum,“ segir Þorsteinn.

SMART-H2 verkefnið er enn á byrjunarstigi en hefur vakið mikla athygli erlendis að sögn Þorsteins. „Samstaðan sem ríkir um umhverfisvænt eldsneyti Íslandi er mjög sérstök. Þar hafa tekið höndum saman stjórnvöld, orkufyrirtæki, rannsóknarfyrirtæki, háskólar og olíufyrirtæki, þetta er sjaldgæft erlendis. Auk þess eru fá lönd sem geta verið sjálfum sér nóg í vistvænni orkuframleiðslu eins og Íslendingar,“ segir Þorsteinn.

**rh@frettabladid.is**


**www.minningargreinar.is**



**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson Hermann Jónasson Geir Harðarson Bryndís Valbjarnardóttir

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

# MEGANE
VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM

## Öruggur sumarglaðningur

# Megane Expression Comfort sjálfskiptur

Verð áður kr. 2.340.000

**Verð nú kr. 2.190.000**

**Bílasamningur kr. 29.990 á mánuði m.v. enga útborgun.**
**Bílasamningur kr. 21.797 á mánuði m.v. 30% innborgun*.**

*Bílasamningur: 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarfa 50% JPY / 50% CHF.




EURO NCAP MEGANE ★★★★★

Megane Expression Comfort;

1.6 l bensínvél, 115 hö, sjálfskiptur, eldsneytisnotkun í blönduðum akstri frá 7,7l/100km.
ABS með EBD bremsujöfnun, regnskynjari, beltastrekkjarar með dempurum í öllum sætum, þar af tvöfaldir í framsætum, leðurklætt stýri, aksturstölva, útihitamælir, loftkæling, RDS fjarstýrð hljómtæki með 6 hátölurum, CD og Mp3 spilara, armpúði milli sæta, rúmgóð geymsluhólf milli sæta í hurðum og í gólfi, þokuljós og samlitun.

Bíll á mynd: Renault Megane Expression Comfort með álfelgum. www.renault.is

**B&L** – Grjóthálsi 1 – 110 Reykjavík – 575 1200 – www.bl.is

Með bílinn handa þér




# Vantar þig auka-pening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

póst húsið – ódýrari valkostur

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is


## STUÐ MILLI STRÍÐA Ungur í anda, en ekki í háttum

**ROALD VIÐAR EYVINDSSON** FÉKK DULARFULLAN SJÚKDÓM EN LÆKNAÐIST



Nýlega náði ég þeim merka áfanga að verða þrítugur. Fyrir utan að vera statt og stöðugt minntur á að vera kominn á fertugsaldurinn átti ég alveg frábæran afmælisdag og get ekki sagt að ég hafi fundið fyrir neinni meiriháttar breytingu þann daginn eða dagana þar á eftir.

Tilhugsunin um þetta óbreytta ástand var mér í fyrstu uppspretta ómældrar gleði. Ég sveif um á bleiku skýi og horfði á heiminn með sömu augum og hvítvoðungur, sem er að uppgötva allt í fyrsta sinn. „Vá hvað lífið er dásamlegt með öllum sínum fögru fyrirheitum,“ hugsaði ég þar sem ég fylgdist með flugum í trylltum mökunardansi.

Smám saman fór ég þó að efast um að ástandið væri eins sniðugt og mér þótti í fyrstu. Hefði ekki verið eðlilegra að fara úr hárum eða finna fyrir vaxtarverkjum? Þótt ekki nema væri fyrir smá seiðingi í tánni, á meðan afmælið gekk yfir.

Að lokum komst ég að þeirri niðurstöðu að fyrst allsherjar líkamsbreytinga hefði ekki orðið vart hlyti hreinlega að vera um einhverja skelfilega stöðnun að ræða.

Þegar þessi hugleiðing náði hámarki var ég staddur heima og hentist því í dauðans ofboði í næsta albúm, til að sjá hvort þar leyndist ekki Dorian Gray-kennd mynd af mér. Mér til sárra vonbrigða var enga slíka að finna, heldur aragrúi mynda frá ýmsum tímabilum þar sem ég virtist ósköp svipaður útlits.

Þar sem ég stóð með albúmið, þess fullviss að ég þjáðist af einhverjum dularfullum sjúkdómi, rann það skyndilega upp fyrir mér að í höndunum héldi ég á ótvíræðu sönnunargagni um að aldurinn hefði færst yfir. Hver ætti annars albúm með myndum af sjálfum sér nema vera kominn á vissan aldur?

Vísbendingarnar æptu skyndilega á mig úr öllum áttum: Koffínlausa sojalatteið, afalegu inniskórnir, rafmagnsrúmið með innbyggða nuddtækinu og ekki síst slendertone-magavöðvatækið. Ég lyppaðist niður í rúmið alsæll með að vera ekki haldinn dularfullum sjúkdómi og enn ánægðari með að vera orðinn pínku gamall.

# myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




Allra veðra von
Notaðu viðarvörn sem þolir íslenskt veðurfar
Viðarvörn er ekki það sama og viðarvörn. Kjörvari er sérstaklega þróaður fyrir íslenska veðráttu þar sem mikilvægt er að gæðin séu í lagi.
kjörvari
LITAKORT
málning
OLÍU
kjörvari
þekjandi
4L
Tryggðu viðnum bestu fáanlegu vörn.
Á Íslandi er allra veðra von.
Náðu þér í nýja Kjörvara litakortið
Útsölustaðir Málningar: Byko Kópavogi • Byko Hringbraut • Litaver Grensásvegi • Byko Hafnarfirði • Málningarbúðin Akranesi • Byko Akranesi • Axel Þórarinsson, málarameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík • Núpur byggingavöruverslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • Byko Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • Byko Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • Byko Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • Byko Keflavík • Rúnar Sig. Sigurjónsson, málarameistari, Grindavík
málning
-það segir sig sjálft-

! **Kl. 12.00**

*Hádegistónleikar tónleikaraðarinnar Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju. Skoski organistinn Douglas A. Brotchie leikur á Klais-orgelið í kirkjunni. Efnisskrá Douglasar spannar orgeltónlist þriggja alda en verkin eru eftir Dietrich Buxtehude, Olivier Messiaen og Jón Nordal. Douglas hefur undanfarin tvö ár verið organisti Háteigskirkju en hann hefur áður haldið tónleika víða um Evrópu, bæði sem ein- og meðleikari.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Sumartónleikar í Skálholti*



Dagskrá þriðja hluta Sumartónleika í Skálholti hefst í dag og stendur fram á sunnudag. Í henni kennir ýmissa grasa og ber þar hæst samstarfsverkefnið Ísland-Austurríki en um er að ræða verkefni sem Sumartónleikar hafa unnið í samvinnu við tvö austurrísk tónskáldafélög. Auk þess er í dagskránni að finna fyrirlestra, þrenna kammertónleika, tónleika Hljómeykis með verkum Jóns Nordal og loks tónleika Jaap Schröders og Sigurðar Halldórssonar, þar sem flutt verða verk frá lok 17. aldar eftir Bach og ítölsk tónskáld. Sú skemmtilega nýjung er í boði á Sumartónleikum að leiklistarsmiðja verður fyrir börnin á laugardag kl. 14.55. Leiðbeinandi verður Ingólfur Björn Sigurðsson en hann hefur víðtæka reynslu í leiklistarkennslu barna og ungmenna. Öll börn frá sex ára aldri geta tekið þátt og í lok dagsins verður flutt sýnishorn af afrakstri dagsins fyrir foreldra og aðra tónleikagesti. Ókeypis aðgangur er að öllum tónleikum og fyrirlestrum Sumartónleika enda er það hugsjón aðstandenda að kirkjan standi öllum opin. Heildarefnisskrá, með ítarlegri dagskrá og efnisskrártextum, er nú fáanleg í versluninni 12 Tónum. Allar nánari upplýsingar um efnisskrá, dagskrá og flytjendur er að finna á heimasíðu

**> Ekki missa af ...**

Myndlistarsýningu Körlu Daggar Karlsdóttur í Fjöruhúsinu á Hellnum. Sýningin ber yfirskriftina „Hitaðu matinn þinn sjálfur“ og stendur út júlímánuð. Efniviðurinn í verk sýningarinnar eru margfirkeyrðir bílapartar af götum borgarinnar sem Karla hefur fundið en hún veltir fyrir sér mýkt og hörku í mismunandi efni og þögn útsaumsins í höndum kvenna.



**NÍU MANNA SAMSTARF** Níu listamenn frá þremur borgum hafa starfað að verkefninu „Alien Structure in Urban Landscape“ síðastliðin þrjú ár. Reykjavík er lokaviðkomustaður þess.

# InfoPHR opnuð á Korpúlfsstöðum

Sýningin InfoPHR verður opnuð í sýningarrými Sambands íslenskra myndlistarmanna á Korpúlfsstöðum á morgun. Þar sýna níu listamenn frá Reykjavík, Hamborg og Prag afrakstur samstarfs síns síðastliðin þrjú ár. Verkefnið ber heitið „Alien Structure in Urban Landscape“ og hefur að viðfangsefni sínu borgarmenningu og aðkomu fólks að samfélagi ólíkra borga, að því er segir í fréttatilkynningu. Listamennirnir níu hafa hist reglulega á því tímabili og unnið að verkum um borgir í samræðu hver við annan.

Sýningar á vegum verkefnisins hafa áður verið settar upp í Skolska28 í Prag, vorið 2006, og í Westverk í Hamborg um haustið 2006. Sýningin á Korpúlfsstöðum er lokaáfangi verkefnisins, en hún samanstendur af verkum sem unnin hafa verið í Reykjavík, ásamt verkum frá Prag og Hamborg. Þar ægir saman ljósmyndum, kvikmyndum, teikningum, málverkum og rýmisverkum, sem öll miða að því að varpa ljósi á hið ókunna og sérkennilega í menningu borgarinnar.

Listamennirnir frá Prag eru þau Jan Bartos ljósmyndari, Marcela Steinbachova arkítekt og Jiry Thyn ljósmyndari. Frá Reykjavík koma myndlistarmennirnir Hlynur Helgason, Eygló Harðardóttir og Kristín Reynisdóttir. Þau Rupprecht Matthies, myndlistarmaður, Corinna Koch, listamaður og Anna Guðjónsdóttir, myndlistarmaður, eru hins vegar fulltrúar Hamborgar.

Sýningin verður opnuð kl. 19 á morgun. Hún verður opin frá 13-19 bæði laugardag og sunnudag.

# Endurreisn langspilsins

**Þjóðlagahátíðin á Siglufirði er nýafstaðin og kom langspil mjög við sögu á henni. Örn Magnússon lék á langspil á tvennum tónleikum á hátíðinni og hélt erindi á málþingi um hljóðfærið.**



**SPILMENN RÍKÍNÍS** Marta Guðrún Halldórsdóttir, Örn Magnússon og Sigursveinn Magnússon leika hér á myndinni á ýmis hljóðfæri. Á meðan fær langspilið smá hvíld á borðinu fyrir framan þau. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Langspil var áberandi á þjóðlagahátíðinni á Siglufirði. Auk íslenska langspilsins voru tónleikar með langspili frá Noregi og Bandaríkjunum og einnig var haldið málþing um langspil. Langspilið hefur notið aukinna vinsælda síðustu árin, sérstaklega í Bandaríkjunum og hafa margir frægir tónlistarmenn nýtt sér hljóm þess. Örn Magnússon píanóleikari er mikill áhugamaður um þetta hljóðfæri. Hann er í hljómsveitinni Spilmenn Ríkínís sem leikur þjóðlög á forn hljóðfæri. Hún hélt eftirminnilega tónleika í Siglufjarðarkirkju á þjóðlagahátíðinni.

„Ég er enn að læra á þetta hljóðfæri, langspilið,“ segir Örn. „Í hvert sinn sem ég sest niður og leik á það finnst mér eitthvað vera að gerast og eitthvað vera að opnast. Ég er afskaplega heillaður af því. Það hefur með þennan hljóðláta hljóm að gera. Hann er afskaplega laus við að vaða yfir mann. Hann er yfirlætislaus. Maður hefur tilfinningu fyrir eldri tíma en jafnframt fegurð í dag, í það minnsta eins og ég skynja þetta. Ég er ekkert að reyna að vera langspilsleikari eins og þeir voru fyrir hundrað árum eða neitt slíkt. Ég nálgast þetta bara eins og músíkant sem nálgast hljóðfæri sem hann er heillaður af.“

Það sem er sérstakt við íslenska langspilið er að leikið er á boga. „Það er miklu auðveldara að nota staf til að slá á strengina eða nögl heldur en að munda bogann,“ segir Örn. Ástæðan fyrir því að boginn var notaður á Íslandi er sú að íslenska langspilið er einfaldara að gerð en mörg önnur langspil og því auðveldara að munda bogann á það.

Langspilið er lágvært og hentar síður fyrir hefðbundna tónleikasali en stofutónleika. Það er líklega ástæðan fyrir að hljóðfærið lét undan síga um þarsíðustu aldamót. En væri þá ekki hentugt að gefa tónlist með langspili út, það myndi örugglega njóta sín vel í tónspilara?

„Það stendur til. Mér finnst ég samt þurfa að kunna svolítið vel það sem ég er að gera áður en ég stíg á stokk eða gef eitthvað út. Það gerir kannski mín klassíska menntun. Það felst ábyrgð í því að vera tónlistarmaður hvað þá með hljóðfæri sem ekki hefur verið haldið mikið á lofti. Við í Spilmönnum Ríkínís stefnum þó á að gefa eitthvað út.“ peturla@frettabladid.is

# Blús Elliða

ET Tumason er listamannsnafn blúsarans Elliða Tumasonar. Live At 8MM er hans fyrsta plata. Hún var tekin upp á tónleikum á barnum 8MM í Berlín, en hann er í eigu sömu aðila og reka 8MM Records, lítið óháð plötufyrirtæki sem hefur getið sér gott orð á undanförnum árum og gaf m.a. nýverið út safnplötuna The Curse, The Life, The Blood með Singapore Sling.

Það eru tíu lög á Live At 8MM, átta frá tónleikunum sjálfum og tvö sem tekin voru upp í hljóðprufu fyrr sama dag.

Elliði spilar á kassagítar og syngur. Lögin eru flest frumsamin, en að auki er þarna m.a. útgáfa Elliða af laginu Dust My Broom eftir Robert Johnson. Tónlistin er hreinræktaður blús sem Elliði leyfir að flæða með impróviseringum og sólóum. Blús eins og þessi er auðvitað ekki ný tónlist, en það sem gerir þessa plötu ferska og skemmtilega er einfaldleikinn og einlægnin sem skín í gegn. Elliði hefur greinilega sviðsþokka og þessi hálftími á barnum hefur komist ómengaður yfir á diskinn.

ET Tumason er efnilegur nýliði.




**TÓNLIST**

**Live At 8MM**

ET Tumason

★★★

Einfaldleiki og einlægni einkenna þennan tíu laga tónleikadisk með hinum efnilega blúsnýliða Elliða Tumasyni.

Þessi litla útgáfa er vonandi bara forsmekkurinn af því sem hann á eftir að taka sér fyrir hendur á tónlistarsviðinu. Finn forsmekkur.

**Trausti Júlíusson**



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

9 10 11 **12** 13 14 15

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

21.30 Á **Heitum fimmtudegi í Deiglunni á Akureyri** í kvöld eru áhugaverðir tónleikar. Þeir bera yfirskriftina **The Story of Modern Farming** en fram koma **Jessica Sligter**, hljómborð, flauta og gítar, **Louise Jensen**, alt sax og **Hilmar Jensson** gestaleikari á gítar. Tónleikarnir hefjast klukkan 21.30.

### FYRIRLESTRAR

17.30 Bandaríski tónlistarblaðamaðurinn og ljóðskáldið **Joel Lewis** heldur fyrirlestur í **12 Tónum** í dag. Fyrirlesturinn kallast **Moondog: Víkingur í Manhattan** og fjallar um hinn ævintýralega tónlistarmann Moondog, en plötur hans eru með frumlegustu listaverkum tónlistarsögunnar. Joel Lewis hefur áratugareynslu af tónlistarblaðamennsku og hefur m.a. tekið viðtöl við öll helstu stórmenni djasssögunnar. Joel hefur lesturinn kl. 17.30. Allir eru hjartanlega velkomnir.

### FUNDIR

12.00 Á **Kjarvalsstöðum** er **stefnumót við Snæbjörn Stefánsson** í hádeginu. Snæbjörn er einn af yngri hönnuðum sýningarinnar **Magma / Kvika**, en hann útskrifaðist úr vöruhönnun frá **Listaháskóla Íslands** vorið 2006. Með borði sínu og bekk sem staðsett eru úti og inni tekst Snæbirni á skemmtilegan hátt að afmá mörkin milli þessara tveggja rýma; þess sem er úti og þess sem er inni. Stefnumótið við Snæbjörn hefst kl. 12 og varir í tuttugu mínútur.

### KVÖLDGÖNGUR

20.00 Boðið er upp á **fimmtudagskvöldgöngu á Þingvöllum**. Þar mun **Páll Lýðsson** sagnfræðingur og bóndi fjalla um **Skógarkotsheimilið í tíð Kristjáns Magnússonar**. Kristján var fæddur árið 1776 ættaður austan úr Biskupstungum og Bárðardal í Þingeyjarsýslu. Hann kom í Þingvallasveit um árið 1800 og tekur við jörðinni árið 1806. Hann varð mikilhæfur bóndi og nýtti skóginn vel ásamt því að afla sér og sínum fiskjar úr Þingvallavatni. Hann átti í deilum við Þingvallaprest um skógarnytjar en þekktustu deilur hans voru vegna barnseigna en hann eignaðist 7 börn með eiginkonu sinni og 7 börn með hjákonum. Kristján var dæmdur til hýðingar vegna þessara mála en sýslumaður fannst ekki tækt að refsa besta hreppstjóra sínum og var það aldrei gert. Páll Lýðsson telur að um 6.000 manns megi rekja til Kristjáns í dag. Gönguferðin hefst við fræðslumiðstöðina klukkan 20.00 og verður gengið um Gönguveg inn í Skógarkot. Gangan tekur um 2 klst. og eru allir velkomnir.



20.00 Vikuleg **Kvosarganga menningarstofnanna Reykjavíkurborgar** verður með óvenjulegu sniði í kvöld. Nú er komið að **Viðey** og verður því siglt en ekki gengið. Leiðsögumaður verður **Guðjón Friðriksson** sagnfræðingur, sem er einn af fróðustu mönnum um sögu Reykjavíkur. Siglt verður í meðfram strandlínu Reykjavíkur og um eyjarnar á Sundinu og segir Guðjón frá því helst sem fyrir augu ber. Siglingin hefst í **Grófinni** milli Tryggvagötu 15 og 17, klukkan 20. Þaðan er stutt ganga til skips og reikna má með að siglingin taki rúma klukkustund. Ferjutollur er 1000 kr. fyrir fullorðna og 500 kr. fyrir börn.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


**Mr. Skallagrímsson**

**Sýningar í júlí**
13. kl. 20 Uppselt,
14. kl. 15 Uppselt,
14. kl. 20 Uppselt

**Sýningar í ágúst**
lau 11. kl. 20 Uppselt,
su. 12. kl 15 aukasýning,
su. 12. kl. 20,
lau. 18. kl. 20
su. 19. kl. 15 aukasýning,
su. 19. kl. 20,
lau. 25. kl. 20,
su. 26. kl. 20,
fi. 30. kl. 20,
fö. 31. kl. 20 Uppselt

**September**
lau 8. kl. 20,
su 9. kl. 20,
fö 14. kl. 20,
lau 15. kl. 20,
lau 22. kl. 20,
su 23. kl. 20,
fö 28. kl. 20,
lau 29. kl. 20

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS









Nú brosa 2.796 vinningshafar breitt eftir síðasta útdrátt en þá eru þeir orðnir, þessa fyrstu sjö mánuði ársins, 20.013.

Gefðu þér færi á brosi 24. júlí, því þá drögum við út 10 milljónamæringa.

Fáðu þér miða á hhi.is eða í síma 800 6611. Það tekur enga stund.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings




## >GOTT GLÁP

**Die Hard 4.0:** Aldrei spurning að leyfa John McClane að blómstra í hjörtum mannanna.
**Harry Potter:** Tilvalið um þessar mundir að rifja upp fjórar fyrstu myndirnar og sjá hvernig þau Ron, Hermione og Harry þroskast.

# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN DÍSA Í WORLD CLASS

# *Hryllingsmyndir eru allar jafn slæmar*



**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?** Shrek.

**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?** Dreamgirls.

**Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?** Sá Saturday Night Fever líklega sex sinnum og kunni alla dansana utan að. Ég var bæði að kenna og sýna dansa úr myndinni. Myndin kom af stað þvílíku dansæði hjá bæði körlum og konum á öllum aldri.

**Hefur þú grátið í bíó?** Já.

**Uppáhalds íslenska persónan:** Persónan sem Björn Jörundur leikur í Englum alheimsins.

**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:** Meryl Streep.

**Mesta hetja hvíta tjaldsins:** Sean Connery.

**Mesti skúrkurinn:** Jack Nicholson.

**Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?** Allar hryllingsmyndir eru jafn slæmar. Ótrúlegt að það sé til fólk sem dettur í hug að setja þetta á filmur.

**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?**

Blanda af dans-, söngva- og James Bond-mynd. Quentin Tarantino myndi leikstýra og mótleikari væri Darren Henson.



**CRUISE OG JJ** Framleiðandinn hefur haldið áhorfendum í heljargreipum eftir stutt myndbrot sem birtist á undan Transformers.

# *Dularfullur Abrams*

Kvikmyndaframleiðandinn JJ Abrams hefur haldið bandarískum stórmyndaaðdáendum í heljargreipum eftir frumsýningu Transformers. Á undan myndinni hefur mátt sjá myndbrot úr kvikmynd sem gekk í fyrstu undir vinnuheitinu Cloverfield án þess að það sé upplýst einhvern tímann á sýningarferlinum. Á imdb.com hefur verið greint frá því að myndin verði byggð upp á myndbrotum New York–búa sem verða fyrir árás einhvers konar skrímsla. Málið er allt hið dularfyllsta og Abrams hefur hingað til neitað að tjá sig um málið, en fengið fína auglýsingu enda sló Transformers rækilega í gegn um síðastliðna helgi. Og áhuginn hefur verið slíkur á þessu myndbroti, það þykir reyndar æði kræsilegt, að væntanlega verður þessarar ónefndu myndar beðið með mikilli óþreyju.

Empire Online tók málið upp á sína arma og greindi frá því að framleiðandinn stórtæki hefði opnað tvær heimasíður, aðra undir heitinu ethanhaaswasright.com og hina undir ethanhaaswaswrong.com. Abrams hafði síðan samband við vefsíðuna og útskýrði þar að þessar heimasíður ættu ekkert skylt við myndina sem nú hafði fengið nafnið 1.18.08 en vildi að öðru leyti ekkert tjá sig um málið. Aðdáendur Abrams hefðu hins vegar ekki átt að láta þessa hegðun hans koma sér á óvart því framleiðandinn er eins og mörgum ætti að vera kunnugt skapari sjónvarpsþáttanna Lost eða Lífsháska þar sem ekkert er eins og það sýnist og söguþráðurinn flóknari en elsta sápuópera.

# Spielberg leikur sér




**SPIELBERG** Frumsýnir þrjá nýja leiki á E-3 leikjahátíðinni.

Steven Spielberg og Electronic Arts munu að öllum líkindum kynna þrjá nýja tölvuleiki á E3-tölvuleikjahátíðinni sem fram fer nú um helgina. Mikil leynd hefur hvílt yfir þessu verkefni en aðdáendur Spielbergs bíða spenntir eftir því að sjá hvað gullkálfurinn hefur að geyma í farteski sínu.

Samkvæmt BBC-fréttavefnum gengur fyrsti leikurinn undir dulnefninu LMNO og er sagður vera samtíma-hasarleikur. Hefur honum verið líkt við samblöndu af ET og Hitchcock-myndinni North by Northwest. Seinni leikurinn er eitthvað í rólegri kantinum og ku vera púsluspilsleikur, eitthvað sem Spielberg hannaði með alla fjölskylduna í huga.

Engar upplýsingar hafa borist um þriðja leikinn, sem á að vera lokatrompið í þessum þríleik Spielbergs á leikjamarkaðinum.

# Gullmolinn Harry Potter

**Fimmta kvikmyndin um Harry Potter var frumsýnd í gærkvöldi. Þetta þýðir að einungis tvær myndir eru eftir um galdrastrákinn að þessu sinni þótt heimsbyggðin eigi eflaust eftir að sjá eina eða tvær endurgerðir eftir nokkra áratugi eða aldir enda hefur það sýnt sig að allt sem Harry Potter snertir verður að gulli.**



**DEMANTUR** Harry Potter-vörumerkið er metið á yfir 242 milljarða íslenskra króna.

Ævintýrið um Harry Potter er eitt mesta æði sem heimurinn hefur alið af sér og kemst klárlega í hóp með Bítlunum og Elvis. Sérhvert mannsbarn þekkir til stráksins með gleraugun og jafnvel hefur Potter gerst svo frægur að bækurnar um hann hafa verið brenndar á báli af ofstækisfullum kristnum mönnum. Rétt eins og gert var við rokkarana á árum áður.

Öskubuskusaga J.K. Rowling er flestum að góðu kunn. Atvinnulausa þernan sem skrifaði sögu af galdrastrák á munnþurrkur. Nú lifir Rowling hins vegar í vellystingum, svo vægt sé til orða tekið, enda veltir Potter-fyrirbærið milljörðum á hverju ári.

### Áhyggjuefni fyrir útgáfuna

Sé eingöngu tekið mið af bókunum hafa sögurnar sex um Harry Potter selst í yfir 325 milljónum eintaka. Slíkt myndi samsvara því að hver einasti Bandaríkjamaður ætti eina bók og eru þá ólöglegir innflytjendur teknir með í þann reikning. Hvað næstu bók varðar hefur Harry Potter and the Deathly Hollows þegar slegið met í forsölu því yfir hálf milljón eintaka hefur verið fyrirfram pöntuð. Bækurnar hafa nú verið þýddar á yfir 63 tungumál og ekki sér fyrir endann á vinsældum galdrastráksins. Jafnvel má halda því fram að Harry Potter muni leiða af sér betri ensku í Frakklandi en þar gerðust þau undur og stórmerki fyrir tveimur árum að enska útgáfan af Harry Potter og Phoenix-reglunni komst á toppinn, fyrst enskra bóka.

Slíkur er áhrifamáttur Harry Potter að á meðan J.K Rowling nýtur lífsins lystisemda eru eigendur Bloomsbury-útgáfunnar ekki alveg eins bjartsýnir á framhaldið. Potter hefur haldið þeim á lífi og floti í ótryggum heimi bókaútgáfunnar en eftir að Rowling lýsti því yfir að hún hygðist binda enda á ævintýri Potter hrífféllu hlutabréfin í Bloomsbury og leita forsvarsmenn fyrirtækisins nú logandi ljósi að arftaka Pottermaníunnar.

### Milljarðar í húfi

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hafa aðdáendur bókanna nú biðlað til J.K. Rowling um að hætta við að hætta. „Viltu vera svo væn að reisa Harry Potter upp frá dauðum? Það er ef hann deyr í bókinni," stendur á heimasíðu netbókaverslunarinnar Waterstone.

En þótt bækurnar séu upphafið að þessu mikla æði – og þeir eru ófáir sem kjósa bara að lesa bækurnar og fúlsa við kvikmyndaútgáfunum – þá eru það fyrst og fremst kvikmyndirnar fimm sem hafa gert Rowling ríkari en sjálfa Elísabetu drottningu. Af myndunum hafa sprottið tölvuleikir á Playstation og PC og samkvæmt vefsíðunni Wikipedia hafa yfir fimm hundruð vörutegundir verið markaðssettar í tengslum við Potter-ævintýrið, þar á meðal Harry Potter-iPod. Eins og gefur að skilja hefur þetta gert Rowling að margmilljóner en áætlað er að Harry Potter-vörumerkið sé jafnvirði fjögurra milljarða Bandaríkjadala, eða 242 milljarða íslenskra króna.

Harry Potter er því ekki bara einhver galdrastrákur heldur er hann jafnstór og kók eða McDonald's. Því miður fyrir þessi fyrirtæki gerist Potter í óráðnu landi þar sem engin gúffar slíku í sig og er Potter því einráður hvar sem hann ber niður.

# Springfield er í Vermont

Augu alheimsins munu beinast að bænum Springfield í Vermont 21. júlí næstkomandi en þá verður fyrsta Simpsons-kvikmynd í fullri lengd forsýnd. Þetta var ákveðið í atkvæðagreiðslu á netinu nýverið en alls komu þrettán bæir sem allir heita þessu nafni í Bandaríkjunum til greina. Hörð barátta stóð um fyrsta sætið en Springfield í Vermont bar sigur úr býtum eftir spennandi kapphlaup við nafna sína í Oregon og Massachusetts. Matt Groening, skapari gulu fjölskyldunnar, gaf heimabæ hennar þetta nafn því honum fannst það vera mjög algengt á landakortinu.

Allir fjórtán bæirnir eða borgirnar sendu inn myndbönd í keppnina, sem var haldin á vegum USA Today. Í einni útgáfunni mátti sjá höfundinn Groening hlusta á vitnisburð íbúa um að þeirra Springfield væri fyrirmyndin, auk þess sem þingmaðurinn Ted Kennedy talaði máli Springfield í Massachusetts. Það þótti nokkuð kyndugt enda hefur Kennedy ósjaldan orðið fyrir barðinu á hispurslausum húmor þáttanna.

Íbúarnir í Springfield í Vermont voru himinlifandi yfir úrslitunum enda ekki á hverjum degi sem svona lítill bær kemst í heimspressuna. Þar búa rétt liðlega níu þúsund manns og lét bæjarstjórnarfulltrúinn Patricia Chaffe hafa eftir sér að þetta væri einn stærsti sigur bæjarfélagsins. „Við öttum kappi, líkt og Davíð gegn Golíat, og það gerir sigurinn enn sætari."



**SIMPSON-FJÖLSKYLDAN** Á heima í Vermont ef marka má niðurstöður könnunar USA Today.


Útsalan
hefst kl 07:00
Útsala
40%
afsláttur af
öllum vörum
NEXT
sími 511 3200

**Farið í...**

*...að minnsta kosti einn lautartúr í sumar. Það er eitthvað óskaplega notalegt við að sitja á teppi og borða mat af fallegum plastdiskum. Takið aukateppi með og þá skiptir veður litlu máli.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN BJARTMAR ÞÓRÐARSON LEIKARI

# Eþíópískur fingramatur besta máltíðin

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Taílensks matar, bara eins og hann leggur sig. Ég lifi alveg að hálfu á taílenskum mat.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Það myndi vera eþíópískur matur sem ég borðaði á veitingastað í New York. Það er allt borðað með höndunum í eþíópískri matargerð. Maturinn var borinn fram á súrdeigspönnuköku, sem var bæði meðlæti og diskurinn sjálfur. Hann var rosalega góður.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Mér finnst grænar ólífur vera grænmeti Satans. Svo finnst mér gamli íslenski maturinn ekki góður, og þá sérstaklega sviðasulta og svið. Það er aðallega vegna þess að mér finnst óþægilegt að horfa framan í það sem ég er að borða, og mér þykja líkamspartar í glæru hlaupi ekkert mjög girnilegir. Mér finnst það full persónulegt.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Ég borða rosalega mikið úti og á eiginlega aldrei neitt í eldhússkápunum. En svo lengi sem það er til Nescafé er maður í nokkuð góðum málum.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Taílenskur kemur sterkur inn, en ég held ég segi samt frekar flatkökur.
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Það eina sem ég á alltaf til í ísskápnum er g-mjólk og léttostur með blönduðu grænmeti.
**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Ég ætla nú bara að vera voðalega skynsamur og segja lifandi hænu, þá myndi hún verpa ofan í mig.
**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Ég hugsa að súkkulaðimaríneruð kengúra sé ofarlega á þeim lista, en hún var reyndar mjög góð.



# Ragnar í Bocuse d'Or

Matreiðslumeistarinn Ragnar Ómarsson verður næsti fulltrúi Íslendinga í matreiðslukeppninni Bocuse D'Or, að því er freisting.is greinir frá. Þetta er í annað skiptið sem hann etur kappi við rjóma matreiðslumanna heimsins, en Ragnar keppti fyrst árið 2005, þegar hann lenti í fimmta sæti. Í janúar á þessu ári keppti Friðgeir Ingi Eiríksson fyrir Íslands hönd og hafnaði í áttunda sæti.

Bocuse D'Or, sem telst virtasta keppni af sínum toga í heiminum, hefur iðulega verið haldin annað hvert ár. Nú verður annar háttur hafður á, því undankeppni fyrir Evrópu fer fram í Noregi í júlí að ári liðnu. Ragnar þarf að hreppa eitt sjö efstu sætanna þar til að öðlast þátttökurétt í aðalkeppninni. Hún fer að vanda fram í Lyon í Frakklandi. - sun



**RAGNAR SNÝR AFTUR** Ragnar Ómarsson verður næsti fulltrúi Íslands í Bocuse D'Or. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**FJÖRUTÍU TEGUNDIR** Í kryddjurtagarði Grasagarðs Reykjavíkur má sækja innblástur að eigin garði, en hann státar af um fjörutíu tegundum kryddjurta.

# Fágætar kryddjurtir

Áhugafólk um matjurtir getur sótt sér innblástur í kryddjurtagarð Grasagarðs Reykjavíkur. „Við erum með um fjörutíu tegundir af kryddi og yrki, sem er afbrigði af plöntum sem menn hafa framræktað," útskýrir Eva G. Þorvaldsdóttir, forstöðumaður Grasagarðs Reykjavíkur. „Við erum með algengar tegundir eins og steinselju, dill og órigan, en líka fágætar tegundar á borð við sítrónujárnurt, sem kemur frá Suður-Ameríku, og eitt eintak af sykurlaufi frá Paragvæ," segir hún.

Kryddjurtagarðurinn er úti undir berum himni, en ekki eru allar plöntur í honum fjölærar. „Margar kryddjurtir, til dæmis rósmarín og sykurlauf, þarf að flytja inn í hús á veturna. Hins vegar getur fólk ræktað jurtir á borð við piparmyntu, piparrót og skessujurt úti í garði hjá sér."

Matgæðingar með græna fingur sem vilja frekari fræðslu ættu svo að leggja leið sína á Uppskeruhátíð garðsins í ágúst. „Þá verðum við meðal annars með smá fræðslu um kryddjurtir," segir Eva.


Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki





# Fljótlegur lúxusréttur

**Kvennakórinn Léttsveit Reykjavíkur gaf nýlega út aðra uppskriftabók sína, sem er stútfull af leynivopnum úr eldhússkúffum kórkvenna. Anna Sigurjónsdóttir ljóstrar upp uppskrift að lúxusfiskrétti.**

Anna hefur verið meðlimur í kórnum í ein sjö ár og líkar starfið afskaplega vel. „Það er alltaf nóg að gerast og þetta er afskaplega skemmtilegur hópur," sagði Anna, en í kórnum eru um 120 konur.

„Við gáfum út uppskriftabók fyrir um tveimur árum síðan og svo plötu í tilefni tíu ára afmælis kórsins í fyrra. Svo förum við til útlanda að syngja annað hvert ár, og hitt árið ferðumst við innanlands. Við vorum til dæmis á Austfjörðum núna í ár," sagði Anna. Þar að auki er farið í gönguferðir, útilegur og „makalaus" hópur kórkvenna hittist reglulega, að sögn Önnu. „Þetta er nánast þannig að vinnan trufli mann í þessu," bætti Anna hlæjandi við.

Í matreiðslubókinni er að finna uppskriftir frá hverjum kórfélaga og stjórnendum. „Það var skylda að þetta væri uppskrift sem við notum reglulega og erum ánægðar með," útskýrði Anna, en lúxusfiskrétturinn er í uppáhaldi á hennar heimili. „Það er mikið vegna þess að hann er mjög fljótlegur, þrátt fyrir að uppskriftin líti kannski út fyrir að vera flókin," sagði hún.

Rétturinn ber líka nafn með rentu að sögn Önnu. „Þetta er svolítill lúxus, svona spari – þegar maður bregður út af venjulega steikta fiskinum eða soðningunni," sagði hún og hló við.

Bókina er aðeins hægt að kaupa hjá kórkonum. Nánari upplýsingar er að finna á síðunni www.lettsveit.is.

sunna@frettabladid.is

**LÚXUSFISKRÉTTUR ÖNNU SIGURJÓNS**

**800 g ýsa eða þorskur**
**300 g rækja**
**200 g sveppir**
**1 laukur**
**½ blaðlaukur**
**smjör eða olía til steikingar**
**1 græn paprika**
**1 rauð paprika**
**2 gulrætur**
**½ dós ananaskurl + safi**
**150 g rjómaostur**
**1 dl rjómi**
**1 tsk. salt**
**½ tsk. pipar (sítrónupipar)**
**½ tsk. paprika**
**1 tsk. karrí**
**1 tsk. súpukraftur**

**Laukur og blaðlaukur mýktur í olíu. Papriku, gulrótum og sveppum bætt á pönnuna ásamt ananas og safanum. Látið krauma í smá stund. Rjóma og rjómaosti bætt í. Látið jafnast og kryddið.**
**Fiski bætt í og látið krauma í um það bil 10 mín. Rækjur malla með síðustu 2 mínúturnar.**
**Berið réttinn fram með hrísgrjónum, góðu salati og brauði.**



**LÚXUSFISKUR LEYNIVOPNIÐ** Í nýútkominni uppskriftabók Kvennakórsins Léttsveitar Reykjavíkur gefur Anna Sigurjónsdóttir uppskrift að lúxusfiski. 120 kórkonur ljóstra þar upp uppskriftum sem þær grípa reglulega til. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sushi-stemning hjá Röggu Gísla

Söngkonan ástsæla Ragnhildur Gísladóttir býður Völu Matt í ævintýralegan mat í þættinum Mat og lífsstíl í kvöld. „Ragga er heilmikið að pæla í hollustu og náttúrulegu hráefni. Í kvöld er hún með fiskrétt sem er örugglega fljótlegasta fiskuppskrift sem ég hef séð á ævinni," segir Vala. „Hún setur fiskinn bara í ofnfast fat með sojasósu og ólífuolíu og skellir honum inn í ofn. Þá er hann orðinn alveg dýrindis réttur," útskýrir hún. Ragga ber fiskinn svo fram á skemmtilegan hátt. „Hún brytjar niður japanskar nori-þangplötur og ber þær fram með fiskinum, soðnu byggi og smá dijon-sinnepi. Þá er kominn svona skemmtilegur fingramatur með smá sushi-stemningu. Þetta var alveg ofboðslega gott," segir Vala hrifin.

Í eftirrétt bakaði Ragga svo bleikar, grænar og bláar pönnukökur. „Þetta voru fallegustu pönnukökur sem ég hef séð. Ragga er náttúrlega skrautleg og skemmtileg í sinni matargerð eins og í öllu öðru," segir Vala og hlær.

**FISKRÉTTUR Í OFNI**

**3 þorskflök**
**3-4 msk. sojasósa eða eftir smekk**
**4-5 msk. ólífuolía**
**Fiskflökin sett í ofnfast mót.**
**Olíu og sojasósu hellt yfir.**
**Sett í ofn í um 20 mínútur.**
**Fiskbitar bornir fram í rúllum úr nori-blöðum, með soðnu byggi og dijon-sinnepi.**



**ÆVINTÝRALEGIR RÉTTIR RÖGGU** Fiskrétturinn var borinn fram með nori-þangplötum, byggi og dijon-sinnepi og fylgt eftir með marglitum pönnukökum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Allt að 60.000 kr. afsláttur

*Frí samsetning og heimsending á öllum grillum á stórhöfuðborgarsvæðinu og á Akureyri.*



**49.999kr**
GOTT VERÐ

## BBQ Master 2300

- Brennarar: 3 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver
- Heildargeta: 9kwh/30.000 BTU
- Eldtemjari úr ryðfríu stáli
- Grindur: Eldunargrindur úr gegnheilu pottjárni
- Grillflötur: 55 x 43 cm, hitaplata 55 x 19 cm
- Efri grind: 55 x 13 cm
- Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir
- Snúnings grillteinn
- Rafeinda kveikja
- Útdraganleg hliðarborð
- Breidd: 149 cm. Dýpt: 60 cm
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla fylgir

VISA Lán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



**25.000kr**
AFSLÁTTUR

## Grandhall Premium 327

- Hitamælir í loki
- Slá fyrir viskustykki
- Hitaplata úr pottjárni
- Elektrónísk kveikja
- Mót fyrir gaskút í skáp, heldur gaskútnum stöðugum
- Stál með háglansandi grafítáferð
- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi, 4,5kWh (15.000BTU)
- Heildargeta 22kWh (75.000 BTU)
- Eldunargrindur úr massifu ryðfríu stáli
- Eldtemjarar úr pottjárni
- Breidd: 169 cm, dýpt: 66 cm, hæð: 122 cm

TILBOÐ **74.900kr**
Verð áður 99.900,-

VISA Lán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



*Nýtt í Hagkaupum*

**9.799kr**
Gaskútur m/gasi 10 kg

**Áfylling á 10 kg plastkút 2.990kr**

Fæst aðeins í Kringlu, Skeifu og Spöng.

## Grandhall Professional 584

- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli 17,5 kWh (59.000BTU)
- Bakbrennari með sér stillingu 3,5 kWh (13.000BTU)
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi 4,5 kWh (15.000BTU)
- Heildargeta: 25,5kWh (87.000 BTU)
- Eldunargrindur úr massifu ryðfríu stáli
- Hitaplata úr pottjárni
- Eldtemjari úr ryðfríu stáli
- Hitamælir
- Elektrónísk kveikja
- Tvöfaldur skápur með hurðum
- Mót fyrir gaskút í skáp (heldur gaskút stöðugum)
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla
- Breidd: 207 cm, dýpt: 66 cm, hæð: 122 cm



**40.000kr**
AFSLÁTTUR

TILBOÐ **159.900kr**
Verð áður 199.900,-

VISA Lán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR



**45.000kr**
AFSLÁTTUR

TILBOÐ **104.900kr**
Verð áður 149.900,-

VISA Lán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

## Grandhall Freedom 326S

- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli 17,8 kwh (61.000BTU)
- Bakbrennari með sér stillingu 4,2 kwh (14.000BTU)
- Heildargeta 22kwh (75.000BTU)
- Hitaplata úr pottjárni
- Hitamælir
- Eldtemjarar
- Elektrónísk kveikja
- Tvöfaldur skápur með mót fyrir gaskút
- Hægt að taka hliðarborð af
- Breidd: 163 sm, dýpt: 66 sm, hæð: 122 sm



**60.000kr**
AFSLÁTTUR

TILBOÐ **189.900kr**
Verð áður 249.900,-

VISA Lán – HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

## Grandhall Elite 791

- Hitamælir í loki
- Hitaplata úr pottjárni
- Rafeindakveikja
- 6 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi, 4,5 kWh (15.000BTU)
- Bakbrennari, 3,8 kWh (13.000BTU)
- 27,6kWh (94.000 BTU) heildargeta
- Eldunargrindur úr massifu ryðfríu stáli
- Eldtemjarar úr ryðfríu stáli
- Snúnings grillteinn úr ryðfríu stáli, 240V mótor
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla fylgir

Gildir til 18. júlí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




# Jónsi og Alex sýna í Arkansas

Riceboy Sleeps, sameiginlegt verkefni Jóns Þórs Birgissonar, sem flestir þekkja sem Jónsa í Sigur Rós, og Alex Somers, kærasta hans, heldur utan á næstunni. Jónsi og Alex halda sýningu í Arkansas um næstu mánaðamót og í Melbourne í Ástralíu í október. Jónsi og Alex gáfu út myndabók með sama nafni í nóvember síðastliðnum og settu á sama tíma upp sýningu með myndum úr bókinni og vídeóverkum hér á landi.

„Þetta er reyndar ekki sama sýning og við vorum með hérna heima, við erum búnir að vinna heilmikið í þessu," sagði Jónsi. Sýningarnar munu þó eiga eitthvað sameiginlegt. „Þegar við sýndum hérna heima vorum við búnir að finna gamla, ónýta gluggaramma sem við sýndum myndverkin í. Galleríeigandinn í Arkansas er búinn að finna fyrir okkur svipaða glugga úti, svo við gerum verkin hérna heima og setjum þau svo upp í gluggunum," útskýrði Jónsi. Þeir verða líka með vídeóverk og einhverja tónlist, að sögn Jónsa.

Myndabókin Riceboy Sleeps verður jafnframt með í för, en fyrsta upplagið er nú uppselt og annað upplag í prentun. „Fyrstu þúsund eintökin voru númeruð, og þau eru búin. Nú verður þetta gert í stærra og ónúmeruðu upplagi, þannig að þetta verður miklu ódýrara líka," sagði Jónsi. „Við tökum einhver eintök með út, en við erum líka að vinna í því að fá einhvern dreifingarsamning, úti um allan heim. Það hefst vonandi einhvern tíma," sagði hann. **- sun**



**RICEBOY SLEEPS** Jónsi og Alex halda til Arkansas í lok mánaðar og Melbourne í október með sýninguna Riceboy Sleeps. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Heldur kjólauppboð á Myspace

**Margrét Erla Maack ver sumrinu við magadans í New York. Samhliða því gleður hún hjörtu þeirra íslensku stúlkna sem kunna að meta second-hand föt. Hún býður afrakstur verslunarferða sinna upp á myspace.**

Margrét, sem er magadanskennari í Kramhúsinu, elti uppáhalds magadanskennarann sinn til New York. „Svo á ég mjög góða vini hérna úti og flyt kannski út þegar ég er búin með námið. Ég klára háskólann í febrúar svo þetta er svona síðasta sumarið sem ég hef áður en ég verð fullorðin," sagði Margrét sposk, en hún stundar nám í ensku.

Margrét segir ekki þverfótað fyrir second-hand verslunum í Brooklyn. „Ég bý eiginlega á Laugaveginum í Brooklyn, Bedford Avenue. Þetta er svolítið eins og Hvergiland, hér eru allir á sama aldri og ég og allir í notuðum fötum," útskýrði Margrét, sem var fljót að kynna sér framboðið.

Margrét kveðst hafa átt í vandræðum með að finna sér notuð föt á Íslandi. „Ég er ekkert feit, en ég hef svona eitthvað aðeins til að hrista í magadansinum," sagði hún og skellti upp úr. Margrét hafði meira upp úr krafsinu í verslunarleiðöngrum úti og telur sig hafa skýringu á því. „Ég held að flestar svona búðir heima kaupi inn frá Evrópu, en hérna er aðeins stærra fólk að gefa fötin sín," sagði hún.

Uppboðin komu til vegna þess að Margréti „fannst eiginlega bara ósanngjarnt að sitja ein að þessu," að eigin sögn. Miðað við viðbrögðin sem hún hefur fengið virðast fleiri hafa verið í sömu sporum. „Það var ekkert smávegis vel tekið í þetta," sagði Margrét, sem hefur hingað til selt þrettán kjóla og er með tíu uppboð í gangi sem stendur. „Stelpurnar hafa líka verið duglegar að senda mér skilaboð og spyrja hvort ég geti fundið eitthvað í þessari stærð eða þessum lit," sagði Margrét, en bendir þó á að ekki sé hægt að sérpanta. „Ég býð allt upp, þannig að þær sitja ekki einar að þessu. En ég passa að hafa uppboðin aldrei lengur en í þrjá, fjóra daga, svo þetta verði ekki of dýrt," bætti hún við.

Hvaða myspace-meðlimur sem er getur boðið í fötin á slóðinni www.myspace.com/brooklynvintage.

**sunna@frettabladid.is**



**Á UPPBOÐI** Einn kjólanna sem Margrét hefur boðið upp á myspace-síðunni sinni, en undirtektir hafa verið afskaplega góðar að hennar sögn.



**Á LAUGAVEGI BROOKLYN** Margrét Erla Maack býr við aðalverslunargötu Brooklyn þar sem ekki er þverfótað fyrir svokölluðum second-hand-verslunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Divine Brown þakklát Hugh Grant

Fyrir tólf árum síðan gekk hinn 25 ára gamla Divine Brown út á Sunset Boulevard og stundaði iðju sína sem vændiskona. Þegar hvítur BMW renndi upp við hliðina á henni breyttist líf hennar á örskotsstundu.

„Ég heiti Lewis," sagði maður með hafnaboltahúfu og bauð Brown að setjast uppí bílinn sinn. „Þú ert sæt," bætti hann við og þau keyrðu á brott. Framhaldið þekkja sennilega flestir en Divine og breski leikarinn Hugh Grant voru tekin við vafasama iðju í skuggasundi af lögreglunni í Los Angeles. Hugh missti eiginlega allt; í það minnsta unnustu sína Elizabeth Hurley og það tók hann þó nokkur ár að endurreisa feril sinn sem á þessum tíma var í miklum blóma eftir velgengni Four Weddings and a Funeral. Niðurlægingin var síðan fullkomnuð þegar News of the World birti mynd af Brown í hinum víðfræga Versace-kjól sem Liz hafði gert heimsfrægan.

Sögunni af Divine Brown hefur verið líkt við kvikmyndina Pretty Woman þar sem Richard Gere kolféll fyrir Juliu Roberts. Reyndar hét erótíska kvikmyndin hennar Brown einmitt þessu nafni og þrátt fyrir að skötuhjúin hafi ekki tekið upp langtímasamband svífur andi Grant enn yfir lífi Brown.

Vændiskonan græddi á tá og fingri, gerði áðurnefnda klámmynd sem byggði á reynslu hennar en hún var rifin út eins og heitar lummur. Og í dag er hún hamingjusöm móðir, moldrík eftir ástarævintýrið með Hugh Grant. Henni voru borgaðar milljónir fyrir að mæta í spjallþætti þar sem hún ræddi um reynslu sína á meðan Hugh Grant mætti til Jay Leno og baðst afsökunar á þessu öllum saman. Enn þann dag í dag er eftirspurnin eftir þjónustu Brown í sjónvarpi mikil og á næstunni kemur út DVD-diskur um líf hennar.

Brown er gift plötuútgefanda og býr í vellystingum í Hollywood. En hún hefur ekki gleymt breska séntilmanninum sem birtist henni eins og riddari á hvítum hesti. „Hugh Grant kom stelpunum mínum í gegnum háskóla og gaf þeim líf sem ég hefði aldrei getað látið mig dreyma um," sagði Divine í samtali við sjónvarpsþáttinn Hollywod Lives sem sýndur var í Bretlandi á dögunum.




**HUGH GRANT** Missti konuna sína og eyddi nokkrum árum í að endurreisa feril sinn.



**DIVINE BROWN** Er þakklát fyrir að hafa hitt Hugh Grant þennan örlagaríka dag fyrir tólf árum.



habitat

# Útsalan er hafin

# 30% - 70%

afsláttur

opið alla daga vikunnar

Askalind 1
Sími 5689700








SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 3 - 4 - 6 - 7 - 9 - 10 | 10 |
| HARRY POTTER LÚXUS | kl. 3 - 6 - 9 | 10 |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5 - 8 - 10.45 | 14 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 3 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| THE LOOKOUT | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.30 - 8 - 10.40 | 14 |
| PREMONITION | kl. 5.45 - 8 -10.15 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 -10.45 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| EVAN ALMIGHTY | kl. 6 - 8 - 10 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.15 - 8 - 10.45 | 14 |
| PREMONITION | kl. 8 -10 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 6 | |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| EVAN ALMIGHTY | kl. 6 - 8 - 10 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| PREMONITION SÍÐASTA SÝNING | kl. 6 | 12 |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS








SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 4 - 5 - 7 - 8 - 10 - 11 | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 -11 DIGITAL | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 -11 VIP | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| BLIND DATING | kl. 8 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 8 - 10:10 | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | 7 |
| PIRATES 3 | kl. 4 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 5 DIGITAL | kl. 4 - 5:15 - 7 - 8:15 - 10 - 11:15 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 6 | L |
| PIRATES 3 | kl .8 | 10 |
| OCEAN´S 13 | kl. 11:15 | 7 |

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS ER STAÐSETTUR Í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 5 | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 5 | kl. 6 - 9 | 10 |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 8 | L |
| DIE HARD 4 | kl. 10 | 14 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| DIE HARD 4.0 | kl. 7.30 og 10-POWER | 14 |
| SHREK 3 enskt tal | kl. 4, 6 og 10 | L |
| SHREK 3 íslenskt tal | kl. 4, 5.45 og 8 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is




# Bandarískt iðnaðarrokk

**TÓNLEIKAR**
**Toto**
Laugardalshöll 10. júlí
★★★
Meðlimir Toto sýndu snilldartakta á ágætlega heppnuðum tónleikum í Laugardalshöllinni á þriðjudagskvöldið.

Þó að það hafi ekki borið mjög mikið á Toto undanfarin ár var Laugardalshöllin nálægt því að vera full á þriðjudagskvöldið og greinileg eftirvænting í loftinu þegar hljómsveitin birtist á sviðinu og hóf leik um klukkan hálf níu. Sú tónleikaútgáfa af Toto sem spilaði í Höllinni er fimm manna, skipuð gítarleikaranum og söngvaranum Steve Lukather og söngvaranum Bobby Kimball sem báðir eru upprunalegir Toto-limir, trommuleikaranum Simon Phillips, hljómborðsleikaranum Greg Phillinganes og bassaleikaranum Leland Sklar sem hleypur í skarðið fyrir Mike Porcaro sem er að jafna sig eftir handarmeiðsli. Allt eru þetta margreyndir session-leikarar sem hafa spilað inn á ógrynni af plötum. Thriller með Michael Jackson, Songs in the Key of Life með Stevie Wonder, Moonlight Shadow með Mike Oldfield svo við nefnum dæmi og auðvitað Tívolí með Stuðmönnum, en Simon Phillips trommaði sem kunnugt er á henni...

Tónlist Toto mætti flokka sem amerískt 80's-iðnaðarrokk. Það er tónlist sem ég hef ekki sótt mikið í þó að ég þekki auðvitað stærstu smellina. Það kom strax í ljós á tónleikunum á þriðjudagskvöldið að Toto er hörku tónleikasveit. Fagmennskan var í fyrirrúmi og meðlimirnir lögðu mikið upp úr því að ná upp stemningu með sviðsframkomu og skemmtilegum kynningum á milli laga.

Hámarki náði stemningin auðvitað í ofursmellunum, Rosanna, Hold the Line og uppklappslaginu Africa. Minni smellir eins og I'll Supply the Love og Don't Chain My Heart virkuðu líka vel, en ef það er hægt að setja út á eitthvað á þessum tónleikum þá er það helst að lögin voru misgóð. Sum þeirra náðu ekki að halda athyglinni, hjá mér að minnsta kosti.

Þeir sem mæta á tónleika með hljómsveit eins og Toto mæta líka til þess að dást að hljóðfæraleikurunum. Og þeir ollu ekki vonbrigðum. Þeir fóru allir á kostum og skiptust á að sýna listir sínar í sólóum, en stóra gítarsólóið hans Steve og tilþrif hins síðskeggjaða bassasnillings Leland Sklar eru það sem stendur upp úr að mínu mati. Svo var líka gaman að fylgjast með Bobby Kimball, söngvaranum með björtu röddina. Hann er orðinn sextugur og greinilega búinn að missa svolítið af líkamlegu þreki. Hann tók því frekar rólega í mörgum laganna, en lét svo heyra duglega í sér inn á milli, t.d. í viðlögunum í Hold The Line og Africa. Glæsileg 80's týpa...

Toto spilaði í tæpa tvo tíma og kláraði sitt af stakri fagmennsku. Á heildina litið voru þetta ágætir tónleikar og á köflum stórgóðir.

**Trausti Júlíusson**



**MEÐ Á NÓTUNUM** Áhorfendur, sem voru á öllum aldri, kunnu vel að meta tónleika Toto.






# Dívur á Domo

Söngkonurnar Margrét Eir, Hera Björk, Regína Ósk og Heiða Ólafsdóttir hafa komið fram saman og vakið mikla lukku áhorfenda. Nú endurtaka þær leikinn vegna mikillar eftirspurnar og vellukkaðra tónleika fyrr í vetur. Með þeim verður píanóleikarinn Karl Olgeirsson en dívurnar munu halda tónleika bæði í Reykjavík og á Akureyri. Tónleikarnir eru á Domo, Þingholtsstræti 5, í kvöld og hefjast klukkan níu. Hinn 19. júlí halda þær seinni tónleikana á Græna hattinum á Akureyri og hefjast þeir einnig klukkan níu. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

**DÍVURNAR** Söngkonurnar fjórar munu halda tvenna tónleika á næstu dögum.



# Mega ekki eignast börn

Hinni nýgiftu Evu Longoria hefur verið bannað að eignast börn strax af yfirmönnum hennar í Desperate Housewives. Framleiðandi þáttanna, Marc Cherry, minntist á það í ræðu sem hann hélt í brúðkaupinu að brúðhjónin mættu ekki eignast börn í heilt ár samkvæmt samningi þáttanna. Eva segir þetta þó alls ekki angra sig og að hún hlakki til að eyða tíma með eiginmanni sínum. „Okkur er alveg sama. Við viljum vera saman tvö ein um sinn þó svo að okkur langi auðvitað mjög mikið í börn þegar rétti tíminn kemur,“ sagði leikkonan nýgifta.

**EVA LONGORIA OG TONY PARKER** Nýju hjónin mega ekki eignast börn fyrr en eftir eitt ár en þetta virðist ekki angra þau neitt.

## FÓLK Í FRÉTTUM



Söngkonan **Beyoncé Knowles** gerði sér lítið fyrir og heimsótti slasaða aðdáendur á spítala á mánudaginn en þeir höfðu slasast á tónleikum hennar. Slysið varð þannig að flugeldar á sviðinu skutust í fólkið, sem brenndist töluvert. „Hún hafði áhyggjur af fólkinu sem slasaðist og heimsótti það því á spítalann,“ sagði talsmaður hennar. „Allan minn feril hef ég verið blessuð af bestu aðdáendum í heimi. Þeirra velferð og öryggi mun alltaf vera mér mikilvægt,“ sagði Beyoncé.



Samkvæmt föður söngkonunnar **Amy Winehouse** er allt í lagi hjá henni og eiginmanni hennar en sögusagnir hafa verið á kreiki um erfiðleika í hjónabandinu. „Amy og Blake eru jafnvel að íhuga barneignir fljótlega. Það gerist hins vegar ekki strax þar sem ferillinn hennar gengur fyrir en hún talar oft um það að hana langi að eignast börn,“ sagði pabbinn. „Ég hef nú sagt henni að ég muni hjálpa til með barnið og ég og móðir hennar munum rífast um það hvort fær að passa það.“



Kærasti **Ashlee Simpson** er svo hrifinn af árangri nefaðgerðarinnar sem hún fór í að hann íhugar að fara í slíka sjálfur. „Ashlee kom ótrúlega vel út úr aðgerðinni og hún stakk upp á því að Pete færi sjálfur í eina slíka. Hann hyggst láta af því verða um leið og róast hjá honum,“ sagði vinur **Pete Wentz**.



**Scarlett Johansson** dvelur þessa dagana á Spáni við upptökur á nýrri **Woody Allen**-mynd. Vinnuheiti myndarinnar er Midnight in Barcelona en með hlutverk fara einnig **Penelope Cruz** og **Javier Bardem**. Johansson virðist vera í jafn miklu uppáhaldi hjá Allen og **Mia Farrow** var áður en þetta er sú þriðja af myndunum hans sem hún fer með hlutverk í. Áður lék hún í Match Point og Scoop.




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

## > Kjartan mættur til Bristol

Kjartan Henry Finnbogason er byrjaður að æfa með Bristol City á Englandi. Kjartan fer með liðinu í æfingaferð til Lettlands á föstudaginn og gaf þjálfari liðsins það út í gær að honum litist vel á strákinn. „Ég vissi ekki við hverju ég átti að búast en mér líst mjög vel á þetta. Þjálfarinn er búinn að tala við mig og segja að hann geti gert alvöru leikmann úr mér,“ sagði Kjartan við Fréttablaðið í gær. Hann fór til reynslu hjá Brann og Gautaborg áður en hann fór til Englands. „Það var fínt í Skandinavíu en það er ekkert launungarmál að ég er kominn til Bristol til að vinna mér inn samning.“



**sport**

sport@frettabladid.is

**TRAUSTI SIGURBJÖRNSSON:** EFNILEGASTI MARKMAÐUR ÍSLANDS VAR FRÁBÆR Í SIGRI ÍA Á VÍKINGUM

# *Drukknaði ekki í djúpu lauginni*



Trausti Sigurbjörnsson var án efa maður leiksins í 2-1 bikarsigri ÍA á Víkingum á þriðjudagskvöld. Þessum 16 ára gamla Skagamanni, sem fær bílpróf í september, var hent út í djúpu laugina og varði meistaralega hvað eftir annað auk þess að vera öruggur í öllum sínum aðgerðum.

„Ég er mjög ánægður með leikinn. Ég var ákveðinn í að skila mínu og mér tókst það,“ sagði Trausti við Fréttablaðið í gær, um leið og hann öskraði stelpurnar sem hann var að þjálfa áfram fullum rómi.

Trausti hefur æft mark frá því hann man eftir sér og var alltaf staðráðinn í að verða markmaður. „Þetta er stjórnunarstaða á vellinum, ég kann vel við það,“ sagði Trausti en markmannsþjálfarinn hans, Þórður Þórðarson, lýsir honum sem efnilegasta markmanni Íslands.

„Hann er mjög góður á línunni og talar mikið. Þar af leiðandi stjórnar hann varnarmönnunum vel og er í góðu sambandi við þá, sem er mjög mikilvægt. Hversu vel hann hefur staðið sig kemur mér ekkert á óvart. Hann er án nokkurs vafa okkar efnilegasti markmaður, ég held að það sé engin spurning,“ sagði Þórður.

Trausti er þakklátur fyrir að hafa jafn reyndan mann og Þórð sem markmannsþjálfara. „Ég hef tekið miklum framförum með honum, og reyndar undir stjórn Guðjóns líka. Þórður hefur byggt mig alveg upp,“ sagði Trausti en þeir félagar hafa unnið saman frá því Trausti var ellefu ára gamall, frá árinu 2002.

Páll Gísli Jónsson hefur varið mark ÍA í sumar en bæði Trausti og Þórður eru varkárir á allar yfirlýsingar um hvort Trausti sé á leið í byrjunarliðið. „Það er full mikið að fara fram á það þar sem ég er bara 16 ára en ég stefni bara á að nýta tækifærin mín vel. Markmið mitt er bara að halda áfram að taka framförum,“ sagði Trausti.

„Það má deila um það hvort hann sé tilbúinn í Landsbankadeildina, það er auðveldara að spila einn leik en átján, en Páll Gísli þarf svo sannarlega að vera á tánum þegar svona strákur er að koma upp.“

VISA-bikar karla í fótbolta:

## Sögulegt hjá Haukum

**FÓTBOLTI** Haukar urðu á þriðjudagskvöldið fyrsta C-deildarliðið sem slær úrvalsdeildarlið út úr 16 liða úrslitum bikarkeppninnar. Haukar unnu Framara í vítakeppni eftir að liðin höfðu gert 2-2 jafntefli.

Haukar urðu þar með sjöunda C-deildarliðið sem kemst svo langt í bikarnum og það fyrsta í átta ár, síðan Sindramenn komust í 8 liða úrslitin 1999.

Öll hin sex C-deildarliðin höfðu hins vegar lagt að velli lið í sömu deild eða í deildinni fyrir ofan til þess að komast í gegnum 16 liða úrslitin.

- óój

Amir Mehica í Haukum:

## Sá þriðji sem ver þrjú víti

**FÓTBOLTI Amir Mehica, markvörður Hauka, varð á þriðjudagskvöldið þriðji markvörðurinn í sögu aðalkeppni bikarsins sem nær að verja þrjár vítaspyrnur í einni og sömu vítakeppninni. Amir varði víti frá Frömurunum Grími Birni Grímssyni, Óðni Árnasyni og Daða Guðmundssyni. og tryggði 2. deildarliðunum sæti í átta liða úrslitunum.**

**Hinir tveir markverðirnir sem hafa náð að verja þrjú víti eru Keflvíkingurinn Þorsteinn Bjarnason í 16 liða úrslitum gegn Selfossi 1988 og KA-maðurinn Sandor Matus í átta liða úrslitunum gegn ÍBV 2004.**

- óój

# Valsmenn á vígvelli í Vesturbænum

**Slitið liðband, handarbrot og heilahristingur var á meðal þess sem beið sjúkraþjálfara Vals eftir leikinn gegn KR í VISA-bikarnum í fyrradag. Hafþór Ægir Vilhjálmsson segist heppinn að hafa sloppið við fótbrot eftir samstuð við Ásgeir Örn Ólafsson í upphafi leiks. Algjört óviljaverk, segir Ásgeir.**

**FÓTBOLTI** „Ég var að taka á móti boltanum og reyndi að skýla boltanum fyrir andstæðingnum. Síðan kom hann á ferðinni og fór beint í löppina sem ég stóð í. Sársaukinn var mikill og ég fann það strax að eitthvað hefði slitnað eða brotnað,“ sagði Hafþór Ægir í samtali við Fréttablaðið í gær þar sem hann lá uppi í rúmi með löppina upp í loft. Óhappið átti sér stað á 7. mínútu leiksins í gær og var leikmaðurinn fluttur með sjúkrabíl frá Frostaskjólinu.

Ljóst er að Hafþór er ekki brotinn en hann er með slitið liðband í ökkla og getur orðið frá keppni í allt að tvo mánuði. Ef endurhæfing gengur vel gæti hann verið byrjaður að spila á ný eftir rúman mánuð.

Leikmenn KR mættu mjög grimmir til leiks í fyrradag og ætluðu greinilega að berjast fyrir hverjum einasta bolta. Valsmenn voru ekki sáttir með helst til of mikla ákefð leikmanna KR framan af leik, en margir leikmenn Vals þurftu á aðhlynningu að halda eftir leikinn. „Liðið hefur aldrei verið eins laskað eftir einn leik síðan ég byrjaði með það fyrir sjö árum,“ segir sjúkraþjálfarinn Friðrik Ellert Jónsson.

Auk Hafþórs þurfti Baldur Ingimar Aðalsteinsson að fara af velli vegna meiðsla og Gunnar Einarsson fékk heilahristing. Atli Sveinn Þórarinsson handarbrotnaði í upphafi leiks og þá kláruðu Pálmi Rafn Pálmason og Barry Smith leikinn þrátt fyrir að hafa fengið þung högg.

Hvað varðar samstuðið við hinn 19 ára gamla Ásgeir Örn segir Hafþór að hann hafi farið allt of geyst í tæklinguna. „Þetta á ekki að sjást á vellinum. Þessi leikmaður er eins og illa tamið ljón og var með glórulausar tæklingar úti um allan völl. Hann er vissulega að reyna að sanna sig fyrir þjálfaranum en fyrr má nú vera,“ sagði Hafþór en tók einnig skýrt fram að hann bæri engan kala til Ásgeirs. „Ég efast um að hann hafi gert þetta viljandi og svona óhöpp eru einfaldlega hluti af boltanum.“

Ásgeir Örn sagði við Fréttablaðið að um algjört óviljaverk hefði verið að ræða. „Þetta var 50/50 bolti og ég reyndi að ná honum en því miður fór þetta svona. Þetta var einfaldlega leiðindaatvik í miklum baráttuleik,“ útskýrði Ásgeir og bætti því við að hann hygðist hafa samband við Hafþór og biðja hann afsökunar.

Hafþór hafði verið að spila mjög vel í undanförnum leikjum Vals auk þess sem erlend félög höfðu verið að fylgjast með honum. Þá eru verkefni fram undan með U-21 árs landsliðinu þar sem Hafþór er lykilmaður.

„Vissulega koma þessi meiðsli á slæmum tíma en ég stefni á að ná einhverjum leikjum í lok sumars. Meiðsli eru alltaf leiðinleg en það má ekki svekkja sig um of. Það er til margt verra en þetta.“

vignir@frettabladid.is



**ILLA ÚTLÍTANDI** Ökkli Hafþórs er bólginn og marinn eftir návígið við Ásgeir Örn.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





**LÁ Í VALNUM** Pálmi Rafn Pálmason var nánast á annari löppinni í síðari hálfleik eftir að hafa hlotið þungt högg. Hann kláraði leikinn af harðfylgi.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ENDURHÆFINGIN HAFIN** Friðrik Ellert Jónsson, sjúkraþjálfari Vals, vinnur á ökkla Hafþórs Ægis. Búist er að við að leikmaðurinn verði frá keppni í 1-2 mánuði.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


VISA BIKARINN 2007

8 liða úrslit kvenna

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fim. 12. júlí | Kl. 19:00 | Þór/KA - KR | Akureyrarvöllur |
| Fim. 12. júlí | Kl. 20:00 | Breiðablik - Valur | Kópavogsvöllur |
| Fim. 12. júlí | Kl. 20:00 | Stjarnan - Fjölnir | Stjörnuvöllur |
| Fim. 12. júlí | Kl. 20:00 | Afturelding - Keflavík | Varmárvöllur |

VISA styður íslenska boltann
www.visa.is

VISA


Vítaskytturnar eru markvissar á Hlíðarenda:

# Valsmenn hafa unnið sex vítakeppnir í röð

**FÓTBOLTI** Valsmenn tryggðu sér sæti í átta liða úrslitum VISA-bikars karla með því að vinna nágranna sína og erkifjendur í KR í vítakeppni á KR-vellinum í fyrrakvöld. Valsmenn þurftu reyndar aðeins þrjár umferðir til að gera út um vítakeppnina því á meðan Valsmenn nýttu allar sínar spyrnur tókst KR-ingum ekki að nýta eina einustu.

Valsmenn hafa nú unnið sex vítakeppnir í röð, eða allar sem þeir hafa lent í undanfarna tvo áratugi. Flestar þeirra voru á bikarmeistaraárunum 1990 og 1991 en liðið vann þá tvær vítakeppnir hvort árið þar sem Bjarni Sigurðsson varði alls fimm spyrnur. Vítakeppnin á þriðjudagskvöldið var fyrsta vítakeppnin sem Valsmenn lenda í síðan árið 1991.

Valsmenn hafa nýtt 24 af 28 vítaspyrnum sínum í þessum sex vítakeppnum (86%) en mótherjar þeirra hafa aftur á móti klikkað á 13 af 28 vítaspyrnum (46%) sem þeir hafa tekið.

Valsmenn töpuðu síðast vítaspyrnukeppni fyrir KA í sextán liða úrslitum árið 1984. Valsmenn klikkuðu á tveimur vítaspyrnum í leiknum, Þorvaldur Jónsson varði frá þeim Þorgrími Þráinssyni og Guðmundi Þorbjörnssyni.

KR-ingar hafa aðeins tvisvar sinnum tapað vítakeppni í bikarnum og í bæði skiptin gegn Val. Fyrra skiptið var í sjálfum bikarúrslitaleiknum árið 1990 sem hafði verið leikinn að nýju eftir 1-1 jafntefli í fyrri leiknum. KR hefur unnið hinar fimm vítakeppnirnar sem liðið hefur lent í þar á meðal eina í bikarkeppnum tveggja síðustu sumra.

Valsmenn urðu aðeins annað liðið í sögu bikarkeppninnar til að vinna vítakeppni á núllinu en sumarið 2004 vann KA ÍBV 3-0 í vítakeppni í átta liða úrslitum.

- óój

ÁSKRIFT: 512 5100 | VERSLANIR VODAFONE

Kristall plús EJS




HVER VERÐUR NÆSTA DANSSTJARNAN?

**SO YOU THINK YOU CAN DANCE**
**ALLA FIMMTUDAGA KL. 20:40 OG FÖSTUDAGA KL. 20:30**

2 skemmtilegri

## ÚRSLIT

*VISA-bikar karla:*

| | |
|---|---|
| Þróttur-Keflavík | 0-1 |
| 0-1 Sigurbjörn Hafþórsson (13.). | |
| Þór Ak.-Fylkir | 1-4 |
| 0-1 Valur Fannar Gíslason (41.), 0-2 Andrés Jóhannesson (67.), 0-3 Víðir Leifsson (70.), 1-3 Ingi Hrannar Heimisson (73.), 1-4 Christian Christansen (87.). | |
| Breiðablik-HK | 0-3 |
| 0-1 Kristján Ari Halldórsson (39.), 1-1 Kristinn Steindórsson (90.+1.), 2-1 Gunnar Örn Jónsson (102.), 3-1 Prince Rajcomar (116.). | |

16-liða úrslit VISA-bikarsins:

# Sannfærandi sigur Fylkis

**FÓTBOLTI Úrvalsdeildarlið Fylkis vann öruggan 4-1 sigur á Þórsurum fyrir norðan í gær og eru þar með komnir í átta liða úrslit bikarsins. Heimamenn í Þór sýndu gestunum enga virðingu í fyrri hálfleik og vörðust þá vel en mark Vals Fannars Gíslasonar rétt undir lok hálfleiksins virtist brjóta niður sjálfstraustið.**

**Í síðari hálfleik tóku gestirnir öll völd og bættu við tveimur mörkum með skömmu millibili. Ingi Hrannar Heimisson minnkaði muninn stundarfjórðungi fyrir leikslok í 3-1 en Christian Christiansen innsiglaði öruggan sigur Fylkis skömmu fyrir leikslok.**

Liverpool kaupir tvo:

# Benayoun og Babel á Anfield

**FÓTBOLTI** Youssi Benayoun og Ryan Babel eru við það að skrifa undir samninga við Liverpool. Babel kemur frá Ajax en hann er talinn vera eitt mesta efni Hollendinga og var hann meðal annars ein helsta stjarna HM U21 liða nýverið. Hann er talinn kosta um tíu milljónir punda.

Benayoun kemur frá West Ham fyrir um fjórar milljónir punda. „Hann er svipaður leikmaður og Luis Garcia," sagði Rafael Benítez um Ísraelann. „Luis skorar kannski fleiri mörk en Benayoun leggur fleiri upp. Hann er mjög tekknískur og snjall leikmaður sem gefur okkur mikla möguleika þar sem hann er svo fjölhæfur." - hþh



**RONALDINHO** Var valinn besti leikmaður heims árið 2005 en náði sér ekki á strik með Barca á síðasta tímabili.

Silvio Berlusconi:

# Undirbýr risaboð í Ronaldinho

**FÓTBOLTI Ítalskir fjölmiðlar fullyrða að Silvio Berlusconi, aðaleigandi AC Milan, sé að undirbúa 89 milljóna punda tilboð í Ronaldinho hjá Barcelona. Það gerir tæplega 11 milljarða íslenskra króna, en það kú vera það verð sem þarf til að losa Brasilíumanninn frá Barcelona, samkvæmt samningi hans við félagið.**

**Berlusconi hefur lengi verið á höttunum á eftir Ronaldinho en ekki verið tilbúinn að borga uppsett verð. Nú mun fyrrverandi forsetinn hins vegar vera búinn að gefa upp möguleikann á að fá Andriy Shevchenko aftur til liðsins og því er hann reiðubúinn að setja þær þrjátíu milljónir punda sem hann hafði frátekið fyrir Shevchenko í kaupverðið á Ronaldinho.** - vig

Leikur Keflvíkinga og Þróttara á Valbjarnarvelli var lítil skemmtun fyrir áhorfendur:

# Tilþrifalítill sigur bikarmeistara Keflavíkur

**FÓTBOLTI** Bikarmeistarar Keflavíkur hófu titilvörn sína með litlum glans í gær þegar liðið lagði Þrótt, 0-1, á Valbjarnarvelli. Keflavíkurliðið mætti illa stemmt til leiks og skoraði nánast úr sínu eina færi í leiknum. Góður varnarleikur tryggði því síðan sæti í átta liða úrslitum VISA-bikarsins.

Kristján Guðmundsson hafði gert nokkrar breytingar á liði sínu og gaf minni spámönnum á borð við Sigurbjörn Hafþórsson og Þorstein Georgsson tækifæri og svo fékk Bjarki Guðmundsson að standa á milli stanganna.

Heimamenn í Þrótti byrjuðu leikinn í kartöflugarðinum sem kallast Valbjarnarvöllur betur, en Keflavík varðist.

Keflvíkingar höfðu í raun ekki gert nokkurn skapaðan hlut í leiknum þegar Simun Samuelsen geystist upp vinstri vænginn og skildi Jens Elvar Sævarsson eftir í rykinu, hann lagði boltann fyrir markið þar sem Sigurbjörn Hafþórsson ýtti honum auðveldlega yfir línuna.

1-0 í hálfleik og Keflavík nýtti eina færi sitt í hálfleiknum. Keflvíkingar tóku þann pól í hæðina í síðari hálfleik að bakka og leyfa Þrótturum að koma. Það spöruðu bensínið og virtust ætla að komast frá leiknum án þess að eyða of mikilli orku.

Vörnin var gríðarsterk hjá þeim og Þrótturum gekk nákvæmlega ekkert að brjóta hana niður, sama hvað þeir reyndu. Það vantaði allt hugmyndaflug, kraft, áræðni og hreinlega getu hjá Þrótturum til að brjóta niður varnarmúr gestanna. Hjörtur Hjartarson var lúsiðinn, sýndi lipur tilþrif og komst nokkuð áleiðis en vantaði sárlega stuðning félaga sinna. Hann var svekktur í leikslok.

„Við erum klárlega betri allan leikinn og það er skelfilegt að fá ekki opnari færi," sagði Hjörtur hundfúll. „Þetta er mjög svekkjandi miðað við hversu slakir Keflvíkingarnir voru en þeir voru nánast á hælunum allan leikinn."

Kristjáni Guðmundssyni, þjálfara Keflavíkur, var létt í leikslok en pressa Þróttara tók á taugarnar undir lokin.

„Ég get viðurkennt að við vorum ekki vel stemmdir hér í dag," sagði Kristján en eftirmál leiksins á Akranesi virtist sitja í Keflvíkingum. „Það hefur verið erfitt að vinna sig út úr síðasta leik og allt í kringum þann leik hefur haft áhrif. Leikmenn eru gríðarlega svekktir út í umræðuna. Það er mikill léttir að vera búinn með þennan leik."

Keflavík og ÍA eru bæði í pottinum fyrir næsta leik. Hvernig legðist það í Kristján að fara aftur upp á Skaga í átta liða úrslitunum? „Ef það er drátturinn þá er það bara þannig. Við sjáum hvað setur." - hbg



**HJÖRTUR Á FERÐINNI** Hjörtur Hjartarson var líflegastur heimamanna en náði ekki að skora. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Varamennirnir björguðu Blikum

**Varamennirnir Kristinn Steindórsson, Gunnar Örn Jónsson og Prince Rajcomar skoruðu mörk í uppbótartíma og framlengingu og tryggðu Breiðabliki 3-1 sigur á HK og sæti í átta liða úrslitum bikarsins.**

**FÓTBOLTI** Breiðablik er komið í átta liða úrslit bikarsins í fyrsta sinn í fimm ár eftir 3-1 sigur á nágrönnum sínum úr HK í dramatískum bikarslag á Kópavogsvellinum í gær. HK hefur verið bikarliðið í Kópavogi undanfarin ár og það leit út fyrir að engin breyting yrði á því í gær en jöfnunarmark sautján ára varamanns Blika, Kristins Steindórssonar, í uppbótartíma endurvakti bikardrauma Blika. Það voru síðan varamennirnir Gunnar Örn Jónsson og Prince Rajcomar sem tryggðu Blikum sigurinn með mörkum í lok beggja hluta framlengingarinnar.

Stangarskot, sláarskot og frábær markvarsla Gunnleifs Gunnleifssonar voru hápunktarnir fram eftir leik og það stefndi í að Blikar yrðu enn á ný sjálfum sér verstir því ekkert gekk uppi við markið fyrr en sautján ára varamaður var réttur maður á réttum stað í uppbótartíma.

Blikar voru með góð tök á vellinum og sköpuðu sér nánast öll færi leiksins en eins og oft áður fóru leikmenn liðsins oft illa með fyrirtaksfæri.

Fyrsta mark leiksins kom eins og þruma úr heiðskíru lofti. Saklaus fyrirgjöf Calums Þórs Bett kom inn á teiginn en í stað þess að leika boltanum lét Árni Kristinn Gunnarsson boltann fara og ætlaðist til að Casper Jacobsen tæki hann. Kristján Ari Halldórsson nýtti sér þetta, tók boltann og skoraði í tómt markið. Árni Kristinn húðskammaði félaga sína eftir markið en það var erfitt að finna einhvern annan sökudólg enda gaf hann hreinlega þetta mark.



**FRÁBÆR Í MARKINU** Lengi vel leit út fyrir að Gunnleifur Gunnleifsson, fyrirliði og markvörður HK, myndi tryggja liði sínu sæti í átta liða úrslitum bikarsins með frábærri markvörslu. Það gekk þó ekki eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gunnleifur Gunnleifsson varði nokkrum sinnum frábærlega frá Blikum í leiknum. Kristján Óli Sigurðsson komst einn gegn honum í lok fyrri hálfleiks en Gunnleifur varði vel líkt og frá Nenad Zivanovic í upphafi seinni hálfleiks eftir að hornspyrna Arnars Grétarssonar hafði ratað alla leið inn á markteiginn.

Varamaðurinn Kristinn Steindórsson virtist hafa farið með síðustu von Blika þegar hann skallaði boltann í slána af örstuttu færi mínútu fyrir leikslok. Kristinn fékk hins vegar annan möguleika í uppbótartíma og nýtti hann við mikinn fögnuð Blika, sem höfðu hvað eftir annað þurft að svekkja sig yfir klúðri sinna manna uppi við markið. Markið er hægt að skrifa á sofandaháátt í vörninni sem leyfði aukaspyrnu Arnars Grétarssonar að rata alla leið inn á markteiginn.

Nauðvörn HK-inga hélt áfram í framlengingunni og það var ljóst að þeir ætluðu að reyna að halda út í vítaspyrnukeppni úr því sem komið var. Blikar voru hins vegar ekki á því og Gunnar Örn Jónsson skoraði laglegt mark á 102. mínútu eftir laglega fyrirgjöf Arnórs Aðalsteinssonar.

Vonir HK-inga um að jafna leikinn runnu endanlega út í sandinn þegar Hólmar Örn Eyjólfsson fékk sitt annað gula spjald þegar átta mínútur voru eftir af framlengingunni. Blikar nýttu sér það og þriðji varamaðurinn, Prince Rajcomar, innsiglaði sigurinn á 116. mínútu.

Ekki er hægt að segja annað en að þessi úrslit hafi verið sanngjörn þó að Blikar hafi bjargað sér með dramatískum hætti. Þeir voru betri, sköpuðu sér fleiri færi og eru bikarliðið í bænum að minnsta kosti þetta sumarið.

„Þetta var erfið fæðing hjá okkur en þetta hófst að lokum. Það hefur gengið skelfilega hjá okkur fyrir framan markið og ég hélt að þetta yrði enn einn leikurinn þar sem við höfðum yfirhöndina nánast allan tímann en við kláruðum ekki dæmið," sagði Arnar Grétarsson, fyrirliði Breiðabliks, eftir leik.

Gunnar Guðmundsson, þjálfari HK, var sáttur við sína menn en að vonum svekktur með niðurstöðuna. „Það vantaði herslumuninn hjá okkur, það vantaði nokkrar sekúndur hjá okkur en svona er þetta bara. Það sem stendur upp úr hjá mér er frábær leikur minna manna. Þeir gerðu það sem við lögðum upp með en óneitanlega var þetta mjög svekkjandi." - óój / - hþh

Vítanýting Framara það sem af er sumri hefur verið skelfileg:

# Menn hafa ekki sjálfstraustið

**FÓTBOLTI** „Þetta er farið að verða okkur allt of dýrkeypt," segir Ólafur Þórðarson, þjálfari Fram, en slakar vítaspyrnur leikmanna hans í vítaspyrnukeppninni gegn Haukum í fyrradag varð þess valdandi að liðið er fallið úr keppni í VISA-bikarnum. Vítaspyrnunýting Fram það sem af er leiktíð hefur verið með allra versta móti og hafa aðeins fjórar af 10 spyrnum nýst. Í Landsbankadeildinni hefur liðið aðeins náð að skora eitt mark úr fjórum vítum og í bikarkeppninni í gær klúðruðu leikmenn þremur spyrnum í vítakeppninni.

„Það er engin einföld lausn til á þessu. Fyrst og fremst hafa menn ekki sjálfstraust til að taka vítaspyrnur. Síðan verður ákveðin keðjuverkun þegar spyrnurnar halda áfram að klúðrast og þá verður sjálfstraustið enn minna," segir Ólafur. Spurður hvernig hann hyggist ná sínum mönnum úr þessum vítahring segist Ólafur ætla að láta þá taka fleiri vítaspyrnur á æfingum. „Eins og í svo mörgu öðru er það æfingin sem skapar meistarann."

Framarar voru langt frá sínu besta gegn Haukum í gær og máttu þakka fyrir að komast í vítaspyrnukeppni miðað við gang leiksins. Ólafur segir alveg ljóst að leikmenn sínir hafi vanmetið andstæðinginn.

„Hugarfarið var ekki til staðar hjá leikmönnum og því fór sem fór. Menn hafa jafnvel haldið að þeir væru betri en þeir raunverulega eru," segir Ólafur, en hann húðskammaði sína menn í klefanum eftir leik svo eftir var tekið. „Ég held að allir stjórnendur yrðu ósáttir ef framlag þeirra sem vinna fyrir hann er óviðunandi. Þannig var það hjá mínu liði í þessum leik." - vig/ - óój

**VÍTI FRAMARA Í SUMAR**

| **Landsbankadeildin** | |
|---|---|
| Igor Pesic gegn Fylki | varið |
| Hjálmar Þórarinsson gegn Fylki | mark |
| Hjálmar Þórarinsson gegn KR | varið |
| Igor Pesic gegn Blikum | varið |
| **Vítakeppnin gegn Haukum** | |
| Ingvar Ólason | mark |
| Grímur Björn Grímsson | varið |
| Óðinn Árnason | varið |
| Alexander Steen | mark |
| Jónas Grani Garðarsson | mark |
| Daði Guðmundsson | varið |
| **Samantekt** | |
| Vítaspyrnur Framara | 10 |
| Mörk Fram úr vítum | 4 |
| Víti varin hjá móherjum | 6 |
| Vítanýting Framara | 40% |



**ÓLAFUR ÞÓRÐARSON** Hefur í hyggju að láta leikmenn á séræfingar í vítaspyrnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## Jake Gyllenhaal



Piltur af fínum ættum en guðmóðir hans er leikkonan Jamie Lee Curtis og guðfaðir hans er Paul Newman sem jafnframt tók Jake í sinn fyrsta ökutíma. Systir Jakes er líka þekkt leikkona en hún heitir Maggie Gyllenhaal og léku þau meðal annars systkini í hinni frábæru mynd Donnie Darko. Jake lék í sinni fyrstu stórmynd árið 1991 þegar hann lék son Billys Crystal í gamanmyndinni City Slickers en árið 2006 var Jake tilnefndur til Óskarsverðlaunanna fyrir að leika samkynhneigðan kúreka í Brokeback Mountain. Jake fer með aðalhlutverkið í myndinni The Day After Tomorrow á Stöð 2 Bíó í kvöld.

# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ ÞÓRUNN ELÍSABET VELTIR HOLLYWOOD OG TÍSKUHEIMINUM FYRIR SÉR

## *Ljóta Betty gerir tískuheiminn að betri stað*



Þegar ég frétti að þættirnir um Betty, unga og venjulega konu sem hefur engan áhuga á tísku, væru á leiðinni í sjónvarpið varð ég svakalega glöð. Ég var nefnilega nýbúin að sjá myndina The Devil Wears Prada, og fannst ótrúlega gaman að fá einhverja örlitla innsýn inn í þennan harða heim. Í heim þar sem kröfurnar eru ótrúlegar og það að „borða ekki neitt, en þegar þér líður eins og það sé að líða yfir þig borðarðu osttening," er algjörlega viðurkennt. Setningin hér fyrir ofan var uppáhaldssetningin mín í myndinni, mér fannst hún endurspegla vitfirringu þessa heims svo vel.

Svo ég fagnaði tilkomu þáttanna en sá reyndar ekki fyrir mér að þeir yrðu langlífir. Þegar kona þykir ljót og illa klædd í þáttum og myndum verður hápunkturinn nefnilega oftast þegar einhver tekur sig til og hjálpar henni. Kemur þá yfirleitt í ljós undurfalleg og smekkvís kona sem veður í karlmönnum. Ég hélt sem sagt að það yrði málið með Ljótu Betty og sá þess vegna ekki fyrir mér að hægt yrði að teygja lopann svo mikið að úr yrði heil sería, hvað þá fleiri. Ég ákvað þó að gefa þessu séns og viti menn! Venjulegi söguþráðurinn, að flotta tískufólkinu tækist að snúa við glötuðu sálinni, var ekki til staðar. Í staðinn var það Betty vinkona mín sem tók tískufólkið í gegn.

Alla seríuna beið ég samt í tortryggni minni eftir þættinum sem ég var viss um að kæmi. En úr því varð ekki. Þegar þetta er skrifað er lokaþátturinn að vísu eftir en enn hefur Betty ekki verið breytt í grennri, fallegri eða betur klædda konu. Ég veit reyndar ekki um neinn sem þykir hún í raun og veru ljót. Eða feit ef því er að skipta. Ég held meira að segja að karakterinn Betty sé ein heilbrigðasta konan sem okkur gefst kostur á að sjá í sjónvarpi.

Ef ég þekki Hollywood rétt verður hún þó að öllum líkindum orðin aðeins mjórri eða allavega búin að losna við teinana og plokka augabrúnirnar þegar næsta sería hefst. Annað væri eiginlega ekki Hollywood.

## EKKI MISSA AF



▶ **22.25** 14-2 SJÓNVARPIÐ



▶ **20.40** **So You Think You Can Dance** STÖÐ 2



▶ **18.00** **The Day After Tomorrow** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00** **My Name Is Earl** SIRKUS



▶ **21.30** **Law & Order: SVU** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.20 Leikir kvöldsins** e.
**16.35 Mótorsport** e.
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (10:32)
**18.25 Börnin í Mandarínuskólanum** (2:3)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Afríka heillar** (3:6) Breskur myndaflokkur um hjón sem hefja nýtt líf ásamt börnum sínum innan um villidýr á sléttum Afríku.
**21.15 Aðþrengdar eiginkonur**
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.25 14-2** Í þættinum er fjallað um fótboltasumarið frá ýmsum hliðum. Rýnt verður í leiki efstu deilda karla og kvenna, spáð í spilin með sérfræðingum, stuðningsmönnum, leikmönnum, þjálfurum og góðum gestum. Lifandi umræða um það sem er efst á baugi í fótboltanum á Íslandi ásamt bestu tilþrifum og fallegustu mörkum hverrar umferðar.
**22.55 Dagrenning** (8:13) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann sem er sakaður um að hafa skotið saksóknara. Hann leggur á flótta og reynir að hreinsa mannorð sitt en þegar hann vaknar á morgnana er alltaf sami dagurinn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.40 Aðþrengdar eiginkonur**(48:70) e.
**00.25 Kastljós**
**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Love Liza**
**08.00 All Dogs Go to Heaven 2**
**10.00 The Curse of the Pink Panther**
**12.00 The Day After Tomorrow**
**14.00 All Dogs Go to Heaven 2**
**16.00 The Curse of the Pink Panther** Leikstjóri: Blake Edwards. 1983.
▶**18.00 The Day After Tomorrow** Sláandi raunsæ, vel gerð og æsispennandi stórslysamynd.
**20.00 Love Liza**
**22.00 Confidence**
**00.00 The Badge**
**02.00 The Terminator**
**04.00 Confidence**

## STÖÐ 2

**07.00 Magic Schoolbus**
**07.25 Scooby Doo**
**07.45 Litlu Tommi og Jenni**
**08.10 Beauty and the Geek** (4:7)
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Forboðin fegurð** (89:114)
**10.15 Grey´s Anatomy** (12:25)
**11.05 Fresh Prince of Bel Air** (10:24)
**11.30 Outdoor Outtakes** (3:13)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð** (31:114)
**13.55 Forboðin fegurð** (32:114)
**14.45 Two and a Half Men** (13:24)
**15.20 Búbbarnir** (9:21)
**15.50 Skrímslaspilið**
**16.15 Batman**
**16.35 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.45 Nornafélagið**
**17.10 Fífí**
**17.23 William´s Wish Wellingtons**
**17.28 Nágrannar** (Neighbours)
**17.53 Bold and the Beautiful**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (13:22) (e)
**20.05 Matur og lífsstíll** Skemmtilegur lífsstílsþáttur með hinni einu sönnu Völu Matt. Í þáttunum heimsækir Vala þekkt fólk og eldar með því girnilega rétti.
▶**20.40 So You Think You Can Dance** (8:23) Í þættinum stíga 18 keppendur dans á sviðinu en kröfur dómaranna verða meiri með hverri viku. Í lok þáttarins kjósa áhorfendur sinn uppáhaldsdansara. 2007.
**22.05 Hotel Babylon** Önnur þáttaröð þessara bresku sjónvarpsþátta sem eru í anda Footballers' Wives.
**23.00 Standoff (17:18)**
**23.45 Cold Case (23:24)**
**00.30 The Shield (5:10)**
**01.15 Medium (21:22)**
**02.00 Kept**
**03.35 Grey´s Anatomy (12:25)**
**04.20 Hotel Babylon**
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**17.15 Insider**
**17.45 Skífulistinn**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Entertainment Tonight**
**20.10 Hidden Palms** (5:8) Eftir að Johnny Miller missir föður sinn snögglega flytur hann til Palm Springs ásamt móður sinni og stjúpföður. En þrátt fyrir að staðurinn virðist vera sólskinsparadís uppgötvar Johnny fljótlega að ekki er allt sem sýnist. Dularfull morð og slúður um íbúana setja skuggalegan svip á bæinn sem á yfirborðinu virtist vera fullkominn.
▶**21.00 My Name Is Earl** (21:23) Earl snýr aftur. Önnur serían af einum vinælustu gamanþáttum heims og er þessi fyndnari en fyrri!
**21.30 Bestu Strákarnir** (11:50)
**22.00 The Riches** (7:13) Dauðsfall í fjölskyldunni verður til þess að Malloy fjölskyldan snýr aftur á heimaslóðir. Það eru ekki allir sáttir við að fjölskyldan sé komin aftur en sumir vilja nýta þetta tækifæri til að koma dóttur hjónanna í hjónaband. Aðalhlutverk: Minnie Driver, Eddie Izzard. Leikstjóri: Carl Franklin. 2007.
**22.45 Medium** (21:22) Raðmorðingi gengur laus og Allison kemst að því að góð vinkona hennar verður næsta fórnarlamb hans. Allison gerir allt sem hún getur til að vernda hana en kemst að því að vinkonan er ekki öll þar sem hún er séð. Bönnuð börnum.
**23.30 Young Blades** (10.13) (e).
**00.15 Supernatural** (22.22) (e)
**01.00 Entertainment Tonight** (e)
**01.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.45 Vörutorg**
**16.45 One Tree Hill** (e)
**17.45 All of Us** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 Yes, Dear** (6.11) Systurnar Kim og Christine eru eins ólíkar og systur geta verið! Kim er haldin ógurlegri fullkomnunaráráttu en Christine hefur afslappaðra viðhorf til lífsins og er dugleg að minna systur sína á að líf hennar muni aldrei verða jafn fullkomið og hún þráir.
**20.00 Everybody Hates Chris** (18.22)
**20.30 According to Jim** (13.22) Bandarísk gamansería með grínistanum Jim Belushi í aðalhlutverki. Jim og Cheryl ætla að endurnýja hjúskaparheitin en allt fer úr böndunum þegar börnin fá göt í eyrun.
**21.00 Will & Grace** (20.23) Bandarískir gamanþættir um skötuhjúin Will og Grace og vini þeirra Jack og Karen. Sorgin og samviskubitið yfirbugar Will og Grace efast um að hún verði góð móðir.
▶**21.30 Law & Order. SVU** (3.22) Þáttaröð sem segir frá lífi og glæpum í sérdeild í New York-lögreglunni. Í hverjum þætti er fylgt eftir uppákomum hjá Elliott Stabler, Olivia Benson, John Munch og Odafin Tutuola sem reyna að leysa flóknustu glæpi borgarinnar.
**22.20 The L Word** (10.12) Þriðja þáttaröðin um lesbíurnar í Los Angeles. Sjóðheitir þættir sem vakið hafa mikið umtal og hlotið einróma lof fyrir frábæra frásögn og raunsæja mynd af samfélagi samkynkneigðra kvenna.
**23.10 Everybody Loves Raymond** Bandarískur gamanþáttur. Foreldrar Amy fá loks að hitta Barone-fjölskylduna. Þeir koma óvænt heim til dóttur sinnar á sunnudagsmorgni. Þeir vilja fá Amy til að hætta við að giftast Robert og ætla að taka hana heim með sér.Þeim kemur mjög á óvart að hitta á Robert heima hjá henni.Þá koma Frank og Marie. Ekki líður á löngu fyrr en foreldrarnir eru farnir að hata þau og öfugt.
**23.35 Jay Leno**
**00.25 Law & Order** (e)
**01.15 Kidnapped** (e)
**02.05 Backpackers** (e)
**02.35 Vörutorg**
**03.35 Óstöðvandi tónlist**


Prófaðu ferskan túnfisk á grillið

Verð aðeins 3490.-kr/kg

Fagmenn kalla þennan túnfisk Yellow Fin Tuna Loin.



Fiskisaga

Ævintýralegar sælkerabúðir

**Sælkerabúðir Gallerí kjöts og Fiskisögu:** Dalvegur 4, Tjarnarvellir 15, Búðakór 1, Grensásvegur 48
**Sælkerabúðir Fiskisögu:** Hamraborg 14a, Skipholt 70, Höfðabakki 1, Nesvegur 100 Sundlaugarvegur 12, Háaleitisbraut 58-60, Ægisbraut 29, Akranesi

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05
### Matur og lífstíll



Matur og lífsstíll er hressandi lífsstílsþáttur þar sem hin eina sanna Vala Matt heimsækir þekkta Íslendinga. Ragga Gísla er gestur þáttarins en hún er skemmtilega frumleg í matargerð sinni og fer oft óhefðbundnar leiðir. Hún kann að matreiða fisk á óhemju einfaldan máta en um leið þannig að hann kitli bragðlaukana.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ The L Word Skjár einn kl. 22.20

Frábærir þættir sem gefa raunsæja mynd af lífi samkynhneigðra kvenna í Bandaríkjunum. Nú um stundir er verið að sýna þriðju þáttaröðina og gefur hún hinum tveimur ekkert eftir. Margir hafa hins vegar gagnrýnt þættina fyrir að ýta undir staðalímyndir og útlitsdýrkun en þegar betur er að gáð má finna margt frambærilegt í þessum vel framleiddu þáttum.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Laufskálinn
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Sakamálaleikritið: Sá yðar sem syndlaus er
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Útvarpssagan: Rokkað í Vittula
**14.30** Á vængjum yfir flóann
**15.03** Söngvar af sviði: Eva Lúna
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Á sumarvegi
**19.40** Sumarsaga barnanna: Borgin við sundið
**20.00** Sumartónleikar Sambands evrópskra útvarpsstöðva
**21.55** Orð kvöldsins
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Kvöldsagan: Útlendingurinn
**22.45** Kvöldtónar
**23.10** Á hvítri eyju í bláum sjó
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.00 Copa America 2007** (Mexíkó - Argentína)
**18.10 Gillette World Sport 2007** Íþróttir í lofti, láði og legi. Fjölbreyttur þáttur sem tekur allar greinar íþrótta fyrir og hefur verið sýndur við miklar vinsældir í áraraðir.
**18.40 PGA Tour 2007 - Highlights** (The INTERNATIONAL) Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum. Farið er yfir helstu tilþrifin fyrstu þrjá keppnisdagana en svo er efstu kylfingunum fylgt eftir á lokaholunum.
**19.35 Það helsta í PGA mótaröðinni.**
**20.00 Sumarmótin 2007** (N1 - mótið)
**20.30 Landsbankadeildin 2007**
**21.30 Augusta Masters Official Film** Nú styttist óðum í sjálft Masters mótið í golfi. Að því tilefni er rétt að rifja upp eftirminnileg mót í sögu Masters. Í þessum þætti verður tekið fyrir mótið árið 1960 þegar að Arnold Palmer var á hátindi síns ferils en hann lék á Masters mótinu fimmtíu ár í röð.
**22.25 Copa America 2007** (Mexíkó - Argentína)
**00.05 Landsbankadeildin 2007**

## BBC PRIME

**10.30** Yes, Minister **11.00** My Hero **11.30** My Family **12.00** Hetty Wainthropp Investigates **13.00** Waking the Dead **14.00** Passport to the Sun **14.30** Superhomes **15.30** Bargain Hunt **16.00** My Hero **16.30** My Family **17.00** Staying Put **17.30** Staying Put **18.00** Waking the Dead **19.00** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** The Thick of It **20.30** French and Saunders **21.00** Waking the Dead **22.00** Yes, Minister **22.30** The Inspector Lynley Mysteries **23.30** My Hero **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Waking the Dead **2.00** Hetty Wainthropp Investigates **3.00** Passport to the Sun

## DR 1

**6.00** SommerSummarum **7.35** Yu-Gi-Oh! **11.05** En reporter går ombord **11.35** Mig og min alder **12.05** Dawsons Creek **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** Hjerteflimmer Classic **13.30** SommerSummarum **15.05** Trolddomsæsken **15.30** Fandango med Sebastian **16.00** Når gorillaen bygger rede **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** SommerVejret **17.05** Miss Marple **18.00** Huset på Christianshavn **18.30** Sommertid **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret på DR1 **19.40** Aftentour 2007 **20.05** Landsbyhospitalet **20.50** Hemmeligheder **22.25** Musikprogrammet

## NRK 1

**8.00** Totalt genialt! **8.25** Med hjartet på rette staden **9.10** Jukeboks: Vitenskap **10.00** Sport Jukeboks **11.05** Jukeboks **12.05** Jukeboks: Country **13.35** The Tribe - Den nye morgendagen **14.00** Lyoko **14.25** Norske filmminner **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Bosse **16.10** Nå er det nå **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Viten om **18.00** Løvebakken **18.25** Festivalsommer: Glastonbury **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Siste nytt **19.10** Sommeråpent **20.10** Kalde spor **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde spor **22.05** Norge i dag **22.15** Hairy Bikers kokebok

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Melita möter **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Sista terminen **15.30** Packat & klart sommar **16.00** Lantmusen och stadsmusen **16.25** Stora maskiner **16.30** Hej hej sommar **16.31** Lillas smågodis **16.55** Unge greve Dracula **17.30** Rapport **18.00** Vid kungens bord **19.00** Bounce: The Score **19.55** En garde **20.00** Kvinnans plats **21.00** Rapport **21.10** Uppdrag granskning - sommarspecial **22.10** Sändningar från SVT24




## GAMLA MYNDIN



*„Ég hef verið á leið í kaupstað á Bíldudal, hef staldrað við þarna í Bakkadal og einhver smellt af mér mynd. Ég var bóndi í tíu ár, en flutti í bæinn 1987.“*

Ólafur Hannibalsson, blaðamaður.

Myndin er tekin árið 1984, þegar Ólafur, sem er bróðir Jóns Baldvins, var refabóndi í Selárdal.




**LÁRÉTT 2.** þvogl **6.** í röð **8.** hamfletta **9.** húðsepi milli táa **11.** mannþvaga **12.** yfirstéttar **14.** létt hlaup **16.** drykkur **17.** frjó **18.** tunna **20.** rykkorn **21.** titra.

**LÓÐRÉTT** 1. hljóta arf **3.** frá **4.** ofbjóða **5.** loka **7.** háttprýði **10.** hald **13.** hrós **15.** ljúfi **16.** lítill sopi **19.** til.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** babl, **6.** rs, **8.** flá, **9.** fit, **11.** ös, **12.** aðals, **14.** skokk, **16.** te, **17.** fræ, **18.** áma, **20.** ar, **21.** riða.

**LÓÐRÉTT: 1.** erfa, **3.** af, **4.** blöskra, **5.** lás, **7.** siðsemi, **10.** tak, **13.** lof, **15.** kæri, **16.** tár, **19.** að.






# Einhleypir Íslendingar stofna klúbb

„Þessi hugmynd kviknaði nú bara þegar ég var eitthvað að ráfa á netinu og komst að raun um að það er enginn félagsskapur fyrir einhleypa,“ segir Anna Magnea Harðardóttir, fertugur grunnskólakennari í Hofsstaðarskóla. Hún kom á fót vefsíðunni soloklubburinn.com fyrr á þessu ári þar sem einhleypum Íslendingum gafst kostur á að kynnast öðrum í svipaðri stöðu. Og vefsíðan hefur blómstrað frá fyrsta degi.

Félagar eru nú yfir sjötíu talsins á milli fertugs og fimmtugs og virkir hópar á borð við útivistarklúbbinn fara þrisvar í viku í göngur. Auk þess stendur félagsskapurinn fyrir ferðum í leikhús og bíó og fer saman út að borða. Anna Magnea tekur hins vegar skýrt fram að félagsskapurinn er hvorki staður fyrir daður né einhver kynlífsklúbbur.

„Þetta eru bara góðir vinir sem nenna ekki alltaf að vera þriðja hjólið undir giftu félögunum,“ segir Anna Magnea og skellir upp úr.

Yfir sjötíu manns eru virkir á vefsíðunni en innganga í félagið er háð nokkrum skilyrðum. Þannig þurfa áhugasamir að mæta á kaffihúsafund á sunnudegi til að gefa upp kennitölur sínar en Anna Magnea segir þetta eingöngu gert til að halda hvers kyns vitleysingum frá vefnum. „Hann er harðlæstur og fólk ræðir þar sín mál undir nafni,“ segir Anna.



Konur eru í miklum meirihluta í félagsskapnum og vill Anna meina að karlar séu svolítið hægari af stað en hún hvetur þá endilega til að hafa samband. „Við höfum rætt að hafa nokkurs konar stuðningsfulltrúa sem fólk getur haft samband við og mætt með á fundina,“ útskýrir Anna.

Vefsíða klúbbsins er sem fyrr segir Sólóklúbburinn.com en vert er að ítreka að aðgangur að henni fæst ekki nema fólk mæti fyrst á fund hjá félaginu. **-fgg**

**ANNA MAGNEA** Opnaði heimasíðuna soloklubburinn.com þar sem einhleypir geta komið saman og skemmt sér.

HANNES ÞJÓÐBJÖRNSSON: VINNUR FYRIR NOKIA Á INDLANDI

# Með einkabílstjóra og hlaupasvein á Indlandi

„Hingað var ég sendur með nesti og nýja skó. Mér var sagt að hér væri hæfileikafólkið, skrifstofan og að hér ætti ég að búa til ráðningarsamninga,“ segir Hannes Líndal Þjóðbjörnsson fjarskiptaverkfræðingur, en hann hefur í tæpt ár starfað í borginni Bangalore á Indlandi við að opna nýja þróunardeild fyrir farsímarisann Nokia.

„Ég er í því að ráða starfsfólk og hjálpa til við að búa til hugbúnað fyrir nýja farsíma. Við vinnum daglega að því að flytja fleiri verkefni frá Vesturlöndum því á Indlandi er nóg af fólki sem kann að splæsa saman tölvur og forrit,“ segir Hannes og bætir því hlæjandi við að í raun sé hann að saga greinina undan sjálfum sér. „Ég er sem sagt að kenna þeim að gera það sem ég geri og líklega að gera sjálfan mig atvinnulausan.“

Hannes segir gjörólíkt að vinna á Indlandi og í Danmörku þar sem hann starfaði áður fyrir Nokia. „Tímaskipulag fyrir mörgum Indverjum er eins ókunnugt og fílar á Reykjanesbraut svo maður þarf oft að passa þeirra tímaplön sérstaklega. Það sama gildir um hina hörðu stéttaskiptingu í landinu þar sem fólk úr mismunandi þjóðfélagsstéttum á erfitt með að líta hvort á annað sem jafningja, jafnvel inni á vinnustaðnum. Á hinn bóginn eru Indverjar gegnumsneitt mjög duglegir, vel menntaðir og geta þulið upp stærðfræðikenningar eins og vindurinn.“

Bangalore þykir ein vestrænasta borg Indlands og hefur verið kölluð Sílíkondalur austursins. Hannes segir að honum líki vistin vel. „Hér er aragrúi veitingahúsa og öflugt næturlíf sem endar þó alltaf með því að vopnaðir lögregluþjónar ryðjast inn á slaginu hálftólf þegar allt lokar. Hins vegar getur maður ekki verið annað en sáttur þegar maður er hér með einkabílstjóra, hlaupasvein, heimilishjálp og mótorhjól.“

Þrátt fyrir þennan lúxus segist Hannes ekki geta hugsað sér að setjast að á Indlandi en hann flytur aftur til Kaupmannahafnar í september. „Ég veit ekki hvort ég hefði geðheilsu eða þolinmæði í að búa á Indlandi að eilífu. Eins yndislegt og þetta land er þá getur það reynt illilega á mann. Stéttaskiptingin, spillingin, mafían og fátæktin er allt að drepa. Það reynir á mann að þurfa að horfa framhjá þessu á hverjum degi til að geta sinnt því sem maður er sendur hingað til að gera. Ég get nú heldur ekki annað en sagt, þó það hljómi eins og guðlast í eyrum Íslendinga, að maður saknar rigningarinnar þegar maður sér hana ekki átta mánuði á ári.“

**sigrunosk@frettabladid.is**



**VINNUR FYRIR NOKIA** Hannes Líndal Þjóðbjörnsson er fjarskiptaverkfræðingur hjá Nokia á Indlandi. Hann kann vel við landið en gæti ekki hugsað sér að búa þar til lengdar.



**HÓPEFLI Í VINNUNNI** Hannes og félagar hans hjá Nokia gera ýmislegt til að bæta starfsandann. Hér er hann á hópeflisdegi með vinnufélögunum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Jógagúrúinn **Guðni Gunnarsson** sem gjarnan er kenndur við Rope Yoga og kona hans **Guðlaug Pétursdóttir** eru sem kunnugt er flutt heim til Íslands en þau hafa búið í Los Angeles um árabil. Hingað komu þau til þess að opna Rope Yoga setur og þar hafa hlutirnir gerst hratt. Nýjasta viðbótin við setrið er veitingastaðurinn Gló þar sem meðal annars verður að finna frumlegan vatnsvegg og svart basalt.



Það ætti þó ekki að koma neinum á óvart að staðurinn sé skemmtilega hannaður því það var arkitektinn **Guðlaug Jónsdóttir** sem vann verkið. Guðlaug hefur einnig búið í Los Angeles og prýddi forsíðu Nýs lífs nýlega. Þá hafði hún nýlokið við að hanna Hótel Þingholt sem vakið hefur verðskuldaða athygli. Guðlaug hefur auk þess tekið þátt í hönnun hótela á borð við Crescent-hótelið í Beverly Hills og Hollywood Roosevelt Hotel.

Guðni hefur reglulega komist í fréttir hér heima fyrir að hafa þjálfað leikara í Hollywood á borð við **Kim Basinger**, **Anne Heche**, **Juliu Dreyfus** og núna síðast sjálfan Súperman, leikarann **Brandon Routh**. Sá kom einmitt í heimsókn hingað til lands ásamt Guðna. Sagan segir að Guðni sé ekki á leið aftur til Los Angeles í nánustu framtíð enda líkar honum afar vel á Íslandi. Hann hefur þó ekki selt húsið sitt í borg englanna heldur leigir það út. **-sók**



# Bubbi og Nylon saman á sviði

Samkvæmt öruggum heimildum Fréttablaðsins hyggst Kaupþing blása til mikillar veislu á 25 ára afmæli fyrirtækisins síðar í sumar. Kaupþing hefur fengið sjálfan umboðsmann Íslands, Einar Bárðarson, til að skipuleggja stórtónleika sem fara fram annað hvort á Miklatúni, Laugardalsvelli eða Nauthólsvík en líklegast verður að teljast að Miklatún verði fyrir valinu enda sýndi það sig með Sigur Rósar-tónleikunum að grasflöturinn hentar vel fyrir slíka viðburði. Tónleikarnir fara fram á sjálfan afmælisdaginn eða 17. ágúst.

Undirbúningur hefur verið í gangi í nokkuð langan tíma en mikil leynd hvílir yfir verkefninu. Nokkrir staðir hafa komið til greina við skipulagninguna og þá er það síður en svo létt verk að fá til liðs við sig alla fremstu tónlistarmenn þjóðarinnar á einum degi. „Ég get ekkert tjáð mig um þetta mál að svo stöddu,“ sagði Einar Bárðarson og var þögull sem gröfin. Sama var uppi á teningnum hjá Benedikt Sigurðssyni, upplýsingafulltrúa Kaupþings, sem vildi ekkert láta hafa eftir sér. „Kaupþing verður 25 ára í ágúst, það er rétt, en hvað við ætlum að gera er algjört hernaðarleyndarmál.“ Enginn aðgangseyrir verður á tónleikana heldur hyggst Kaupþing bjóða íslensku þjóðinni.

Til stendur að byggja eitt stærsta svið sem sögur fara af í íslenskri tónlistarsögu og verður ekkert til sparað og bæði hljóð- og ljósakerfi verða með því öflugustu sem um getur. Heimildir Fréttablaðsins herma að tónlistarfólk á borð við Nylon, Lay Low og Stuðmenn hafi þegar gefið vilyrði fyrir að spila á tónleikunum og komi því til með að trylla lýðinn. Þá mun sjálfur Bubbi Morthens einnig stíga á svið ef allt gengur samkvæmt óskum. Enn á þó fjöldi íslenskra tónlistarmanna eftir að gefa svar og því má reikna með mikilli tónlistarveislu um miðjan ágúst. **- fgg**



**BUBBI** Verður meðal þeirra listamanna sem koma fram 17. ágúst.



**NYLON** Hyggst trylla lýðinn ásamt Lay Low og Stuðmönnum.

# Hannaðu þinn eigin sófa



*Láttu drauminn rætast og hannaðu sófann sem þig hefur lengi dreymt um. Möguleikarnir eru nánast óendanlegir.*








Verðdæmi
2,5 sæti, 2 Cajun armar, 4 Tapered fætur frá kr. 81.620
Skemill, 4 Tapered fætur frá kr. 25.820




LÍNAN
HÚSGÖGN
SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 553 7100 • www.linan.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000






BAKÞANKAR

DR. GUNNA

# *Fjölmenning og fjölmenni*

Ég er orðinn svo gamall að ég get sagt án þess að ljúga nokkru að ég man tímana tvenna. Þegar ég fyrst kveikti á perunni var sirka 1980. Í minningunni var Reykjavík dimm og grá. Flest var einsleitt og sljótt. Smám saman fór að rofa til. Margt fyrir tilstilli útlendinga sem settust hér að, eða fólks sem kom heim með ferskar hugmyndir frá hinum risastóra heimi.

**KANNSKI** má mæla gæði borga í matarúrvalinu. Sirka 1980 var úrvalið fátæklegt. Ég man þegar ég sá vorrúllu í fyrsta sinn á stað sem hét líklega Rauði haninn og var þar sem 22 kom síðar. Þetta var hnausþykk rúlla með hrísgrjónum. Vinur minn át þrjá skammta og kokkarnir voru komnir fram úr eldhúsinu til að fylgjast með átvaglinu. Ég man líka þegar ég smakkaði hvítlauk í fyrsta skipti, þegar ég smakkaði fyrst mexikóskan mat og þegar ég sá fyrsta kiwiið.

**NÆSTU** kynslóðir á undan mér sáu bara epli á jólunum og það þóttu tíðindi. Svona þróumst við í átt til allsnægtanna. Ég veit ekki hvort allt þetta úrval hefur gert mig að betri manni, eða hvort líf mitt sé eitthvað innihaldsríkara í grunninn en líf fornmanna sem aldrei gátu japlað á jalapenjo, en ég held samt að lífið sé skemmtilegra því fjölbreyttara sem það er og því fleiri möguleikar eru í boði. Ég segi hikstalaust húrra fyrir fjölmenningunni.

**ÞVÍ** þótti mér gaman að keyra fram hjá gamla Naustinu, sem nú lítur út eins og kínverskt hof, og sjá Kínamann með kokkahúfu standa í dyrunum, eins og beint upp úr Lukku-Láka bók. Einu sinni sá ég Hauk Morthens troða þarna upp og mér skilst að þarna hafi hin rammíslenska kokteilsósa verið fundin upp. Umbreyting Naustins er gott dæmi um fjölmenningarlega framþróun sem við erum alveg að ráða við. Þar sem kokteilsósan rann rennur nú soyasósa.

**ÞÓTT** við meikum fjölmenninguna er fjölmennið ennþá í tómu rugli. Það mega ekki þúsund manns hittast á einum bletti án þess að þar logi allt í slagsmálum og skrílslátum sem gætu næstum verið upp úr einhverri zombiemynd. Það hefur akkúrat engin framþróun átt sér stað í fjölmennissamfélaginu síðan fyrstu Norðmennirnir komu hingað – frekar afturför ef eitthvað. Er það nú ekki frekar lélegt?




